


**skoðun 12**

**Semur R'n b**

*Benedikt Freyr Jónsson sendir frá sér nýtt sumarlag.*

**föstudagur 2**



**2 SÉRBLÖÐ**
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FÖSTUDAGUR

30. júlí 2010 — 177. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Keypti íslenska hönnun**

*Fyrirsætan Natalia Vodianova féll fyrir skartgripunum hans Hafsteins.*

**fólk 34**

**Rammagerðin 60 ára**

*Halda tryggð við nafnið þó að það eigi lítið skylt við starfsemina í dag.*

**tímamót 20**



**KR í bikarúrslitin**

*KR vann 4-0 stórsigur á Fram í undanúrslitum bikarkeppninnar í gær.*

**íþróttir 30**

**veðrið í dag**




**HÆGUR VINDUR** í dag má búast við hægum vindi eða hafgolu. Sunnan og vestan til léttir til en í öðrum landshlutum má búast skúrum. Hiti verður á bilinu 12-18°C.

**VEÐUR 4**

# Hundruð hafa ekki rétt á atvinnustyrk

**Þeir sem eru atvinnulausir en án bótaréttar sitja ekki við sama borð þegar kemur að umsóknum um vinnu. Fyrirtæki fá ekki atvinnuleysisbætur í styrk með þeim frá Vinnumálastofnun. Á við um tæplega 500 manns bara í Reykjavík.**

**FÉLAGSMÁL** Um 500 manns í Reykjavík þiggja bætur frá Reykjavíkurborg þar sem þeir hafa ekki bótarétt hjá Vinnumálastofnun. Þetta á til dæmis við um þá sem hafa dvalið lengi erlendis. Þeir standa verr að vígi þegar kemur að umsóknum um atvinnu, þar sem atvinnurekandi getur ekki fengið styrk með þeim úr Atvinnuleysistryggingarsjóði.

Ástæðan er sú að styrkurinn er greiddur frá ríkinu, en sveitarfélög greiða ekki sams konar styrk. Vinnuveitandinn fær ígildi atvinnuleysisbóta greitt frá Vinnumálastofnun, eða um 150 þúsund krónur og sparar sér þannig umtalsverðan launakostnað.

Fréttablaðið veit um tilvik þar sem maður hafði fengið vilyrði fyrir vinnu, en atvinnurekandinn hætti við að ráða hann þegar hann komst að því að maðurinn ætti ekki rétt á atvinnuleysisbótum og því fengi vinnuveitandinn ekki atvinnustyrkinn.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að ekkert banni sveitarfélögum að greiða sams konar styrk með atvinnulausum, til að auka líkurnar á að þeir verði ráðnir. Sveitarfélögin hafa hins vegar í sumum tilvikum þegið styrkinn, þegar þau hafa ráðið til sín fólk af atvinnuleysisskrá.

„Fyrstu sex mánuði ársins hefur Vinnumálastofnun greitt til fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana og félagasamtaka rúmar 239 milljónir króna vegna starfsþjálfunar og átaksverkefna. Það þýðir að í hverjum mánuði hafa verið um 360 einstaklingar við störf með þessum formerkjum," segir Gissur.

Þetta á aðeins við um atvinnuleitendur með bótarétt úr sjóðnum, sumarátak fyrir námsmenn og atvinnuleitendur stendur utan við þessar tölur.

Fólk sem ekki hefur rétt á atvinnuleysisbótum þarf að sækja bætur til félagsmálayfirvalda í viðkomandi sveitarfélagi. Hjá Reykjavíkurborg fengust þær upplýsingar að 1. maí hefðu 487 Reykvíkingar, án réttar til atvinnuleysisbóta, þegið bætur hjá sveitarfélaginu. Að auki þáðu 208 með rétt á atvinnuleysisbótum bætur frá sveitarfélaginu. Alls þáðu 1.159 bætur frá borginni 1. maí. Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg verður mest 125.540 krónur á mánuði.

Ekki náðist í Björk Vilhelmsdóttur, formann velferðarráðs Reykjavíkur, við vinnslu fréttarinnar. **- kóp**



**MIKIL UMFERÐ** Búast má við mikilli umferð út úr bænum í dag. Lögregla mun fylgjast grannt með henni.

FRÉTTABLAÐIÐ / RÓSA

Viðbúnaður vegna innbrota:

## Herða eftirlitið í höfuðborginni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu verður með sérstakt eftirlit með eftirvögnum og skráningu og skráningarmerkjum ökutækja um helgina. Þá verður sérstakt hverfaeftirlit í umdæminu vegna þess hversu algeng innbrot eru alla jafna um verslunarmannahelgina.

Lögreglan beinir því til fólks sem hyggst halda burt af höfuðborgarsvæðinu um helgina að ganga tryggilega frá heimilum sínum og biðja nágranna að líta til með þeim. Gott sé að fá þá til að kveikja ljós, fjarlægja póst og leggja í bílastæði. **- sh**



**ALLT TIL REIÐU** Hressir kúrekar með sinnep og bjór létu fara vel um sig í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum í gærkvöld. Ljóst er að hópurinn er þess albúinn að takast á við gleðina og fjörið sem fram undan er á Þjóðhátíð Eyjamanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Mikill viðbúnaður í Eyjum fyrir verslunarmannahelgina og hlýju veðri spáð:

## Eyjamenn búast við metfjölda

**FERÐAMÁL** Búist er við því að Þjóðhátíð Vestmannaeyinga um helgina verði sú fjölmennasta í manna minnum. Hún er nú haldin í 130. sinn.

Herjólfur mun siga sex til átta ferðir á sólarhring yfir verslunarmannahelgina. Uppselt er í Herjólf frá föstudegi til mánudags og öll flug til og frá Eyjum uppbókuð.

„Við höfum verið að undirbúa þessa hátíð frá því að við slitum þeirri síðustu," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

„Það lá mjög snemma fyrir að það stefndi í stóra hátíð, fyrst og fremst vegna þess hversu góð sú síðasta var og þess vegna hefur allur aðbúnaður og þjónusta við gesti verið stóraukið," bætir Elliði við.

Fjölskylduskemmtanir er meðal annars að finna á Stokkseyri, Akureyri, í Stykkishólmi og Borgarnesi. Veðurspáin fyrir helgina er svipuð fyrir allt landið og lítur út fyrir að hitinn verði á bilinu 12-17 stig á landinu og að hlýjast verði á Suðurog Vesturlandi. **- sv /** **sjá síðu 12**

**Rannsókn á unglingadrykkju:**

## Slævir minni á fullorðinsárum

**VÍSINDI** Ný rannsókn breskra vísindamanna bendir til þess að drykkja á unglingsárum valdi minnisglöpum seinna á ævinni.

Samkvæmt rannsókninni, sem gerð var af vísindamönnum við Northumbria-háskólann í Newcastle, veldur unglingadrykkja erfiðleikum við að muna eftir hlutum í daglegu lífi, svo sem tannlæknatíma eða hvenær eigi að borga reikninga. Rannsóknin leiddi einnig í ljós að unglingarnir sem drukku reglulega urðu ekki varir við að minni þeirra hefði hrakað og höfðu raunar ekki fundið fyrir neinum slæmum áhrifum af völdum drykkjunnar. **- mþl**







## SPURNING DAGSINS



*Jóhann, fagnarðu þessum vinsældum?*

„Mér finnst þetta mjög fyndið og skemmtilegt en ég fagna þessu svo sem ekkert með neinum tilþrifum.“

Jóhann Laxdal og félagar hans í Stjörnunni eru orðnir að sannkölluðum stórstjörnum í netheimum eftir að myndband af fagnaðarlátum þeirra í leik gegn Fylki varð geysivinsælt.

Tvítugur Akureyringur dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir 23 lögbrot:

# Stal punghlíf og axlaböndum

**DÓMSMÁL** Tvítugur Akureyringur hefur verið dæmdur í tíu mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir ótal afbrot framin á síðasta ári. Maðurinn var ákærður fyrir eina líkamsárás og gerðist einnig sekur um fjölda innbrota og þjófnaða.

Ákærurnar á hendur manninum, sem síðan voru sameinaðar í eina, voru alls í 23 liðum. Ein var vegna líkamsárásar, en þá sló hann mann í jörðina og skallaði hann síðan með þeim afleiðingum að vör fórnarlambsins bólgnaði og það brotnaði upp úr fjórum tönnum þess. Hinir 22 liðirnir snúa að innbrotum og þjófnaði. Meðal þess sem maðurinn stal í þessi 22 skipti voru leikfangabílar, punghlíf, axlabönd, verkfæri, súrefnisgríma, gulur bolur, bónvél, mikið magn af gosdrykkjum, loðhúfa og ríflega 400 lítrar af bensíni og dísilolíu af hinum og þessum ökutækjum. Þá braust hann margsinnis inn í ísbíl á Akureyri og stal miklu magni af ís og öðrum kælivörum.

Í nóvember í fyrra stal hann óskráðum bíl á Akureyri ásamt félögum sínum og þeir létu hann síðan flakka fram af hæð með því að festa bensíngjöfina niðri. Bíllinn gereyðilagðist.

Maðurinn ungi játaði öll brot sín. Hann á nokkurn sakaferil að baki. - sh




**HÉRAÐSDÓMUR NOÐURLANDS EYSTRA** Maðurinn hefur nokkrum sinnum áður komist í kast við lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Styrkst mikið frá áramótum:

# Krónan styrkst um 11 prósent

**EFNAHAGSMÁL** Gengi krónunnar hefur nú styrkst um 10,8 prósent á einu ári og um 17,6 prósent frá því að það fór lægst í lok árs 2008.

Í Morgunkorni Íslandsbanka kemur fram að raungengi krónunnar á mælikvarða launa hafi verið 7,2 prósentum hærra á öðrum ársfjórðungi í ár samanborið við sama tímabil í fyrra. Þessi mæling segir til um hvernig laun eru að þróast hér samanborið við okkar helstu viðskiptalönd, mælt í sömu mynt og að teknu tilliti til framleiðniþróunar. - mþl

Sjö komu frá Kína í vikunni:

# Fjórtán börn ættleidd á árinu

**FÉLAGSMÁL** Fjórtán börn hafa verið ættleidd til landsins á vegum Íslenskrar ættleiðingar það sem af er ári. Ættleiðingar eru því orðnar jafnmargar og allt árið í fyrra.

Sjö íslenskar fjölskyldur komu til Íslands frá Kína á miðvikudag með jafnmörg börn. Fimm stúlkur og tveir drengir voru ættleidd í þetta skipti, en síðast var svo stór hópur barna ættleiddur til landsins í einu fyrir þremur árum.

Börnin sem hafa komið til landsins á árinu eru flest frá Kína, en einnig hafa verið ættleidd börn frá Kólumbíu, Tékklandi og Indlandi. - þeb

# Telur umboðsmann skuldara vanhæfan

**Ásta Sigrún Helgadóttir krefst þess að félagsmálaráðuneytið rökstyðji ráðningu Runólfs Ágústssonar sem umboðsmanns skuldara. Hann kveðst nú ótengdur félagi sem skuldar hálfan milljarð að sögn DV. Ráðuneytið telji hann hæfastan.**

**STJÓRNSÝSLA** Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna og einn umsækjendanna um nýtt embætti umboðsmanns skuldara, hefur óskað eftir því að félagsmálaráðuneytið rökstyðji ráðningu í starfið.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra veitti á dögunum Runólfi Ágústssyni, fyrrverandi rektor Háskólans á Bifröst, umboðsmannsembættið. Ásta bendir á að í lögunum sé eitt af hæfisskilyrðum umboðsmanns að hann hafi viðamikla reynslu og þekkingu á málefnum stofnunarinnar.



**ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR**

„Ég veit ekki til þess að Runólfur hafi komið að þessum málaflokki,“ segir Ásta og undirstrikar að sjálf hafi hún sjö ára reynslu frá Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna.

DV sagði frá því í fyrradag að afskrifa þyrfti 530 milljónir króna hjá félaginu Obduro ehf. sem hafi verið í eigu Runólfs. Hann sendi samdægurs frá sér yfirlýsingu. Þar segir að Obduro hafi keypt hlut í Icebank árið 2007 að frumkvæði bankans sjálfs.

„Félag mitt greiddi fyrir kaupin rúmlega 100 milljónir króna í reiðufé sem ég lagði því til sem hlutafé, en seljendur, hópur sparisjóða, lánaði félaginu rúmlega 200 milljónir til kaupanna. Ég seldi þetta félag árið 2008 og hef ekki síðan haft af því nein afskipti,“ segir Runólfur í yfirlýsingunni. Hann hafi dregið sig út úr fjárfestingastarfsemi á árinu 2008, sé ekki í vanskilum og hafi engar afskriftir fengið.

„Ég tel að ofangreind viðskipti hafi engin áhrif á hæfni mína til að gegna því mikilvæga starfi sem ég mun gegna af einlægni og heiðarleika með hagsmuni skuldara eina að leiðarljósi,“ segir í yfirlýsinguni sem Runólfur kveðst engu vilja bæta við. Aðspurður um kröfu Ástu um rökstuðning vegna ráðningarinnar og hvort hann til sig hæfastan í starfið segir hann hins vegar: „Það er ráðuneytisins að svara fyrir það. Mér var tjáð að ég væri hæfastur samkvæmt hæfismati.“

Ásta vill svör frá ráðuneytinu í síðasta lagi 12. ágúst. „Ég er bæði að óska eftir skriflegum rökstuðningi fyrir ráðningunni ásamt öllum gögnum málsins þannig að ég geti tekið mína ákvörðun og kæra þetta jafnvel til kærunefndar jafnréttismála og kvarta til umboðsmanns Alþingis,“ segir Ásta sem telur áðurgreint mál um félag Runólfs vera mjög bagalegt:

„Ég tel að þetta sé mjög skaðlegt fyrir embættið að vera með svona á bakinu. Þetta er mjög viðkvæmur málaflokkur þar sem verið er að eiga við einstaklinga í miklum erfiðleikum.“ gar@frettabladid.is



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Félag hans fékk 200 milljónir að láni til að kaupa í Icebank árið 2007 og skuldar nú 530 milljónir. Hann kveðst hafa selt félagið árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JÓN ÁSGEIR OG INGIBJÖRG** Vilja alls ekki að upplýsingar frá hússtjórn Gramercy Park komist í hendur slitastjórnar. Slitastjórnin telur þær nauðsynlegar. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Tímasetningar í Glitnismáli:

# Þurfa að skila rökstuðningi eftir eina viku

**DÓMSMÁL Jón Ásgeir Jóhannesson og Ingibjörg Pálmadóttir hafa eina viku til að skila inn til dómarans Charles E. Ramos í New York rökstuðningi fyrir því að gögn í vörslu hússtjórnar lúxusíbúðablokkar á Manhattan og Royal Bank of Canada skuli ekki afhent slitastjórn Glitnis.**

**Í úrskurði dómarans frá því í gær segir enn fremur að slitastjórnin muni þá hafa tíma til 10. september til að mótmæla rökstuðningi hjónanna.**

**Slitastjórnin skal jafnframt skila mótbárum sínum við frávísunarkröfu sjömenninganna sem stefnt er á málinu fyrir 10. september. Stefndu munu þá hafa tíma til 8. október til að rökstyðja kröfur sínar á nýjan leik.** - sh

## STANGVEIÐI

### Metið fallið í Blöndu

Metveiði á laxi er orðin í Blöndu. Samkvæmt tölum frá í fyrrakvöld höfðu veiðst 2.453 laxar í ánni í sumar. Heildarveiðin var 2.413 laxar í fyrra. Blanda er jafnframt orðin aflahæst áa í sumar, með níu fleiri laxa veidda en Þverá/Kjarrá.

## SELFOSS

### Eldur úr hjólhýsi í hús

Vel gekk að ráða niðurlögum elds sem kom upp í hjólhýsi og barst yfir í trésmíðaverkstæði á Selfossi eftir kvöldmat í gær. Þegar rætt var við lögregluna á Selfossi í gærkvöld var ekki vitað um upptök eldsins eða umfang skemmda.

Forsætisráðherra á ferðalagi:

# Jóhanna til Kanada og Bandaríkjanna

**STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, heldur til Kanada í dag en hún verður á ferðalagi um Kanada og Bandaríkin þar til á mánudag.**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**Forsætisráðherra verður heiðursgestur á Íslendingahátíðum í löndunum tveimur. Íslendingahátíð er nú haldin í 111. sinn í bænum Mountain í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum og í 121. sinn í Gimli í Manitoba í Kanada. Forsætisráðherra mun taka þátt í dagskrá og menningarviðburðum og flytja ávarp á hvorum stað, að því er segir í fréttatilkynningu frá forsætisráðuneytinu.** - mþl

Botni íbúðaverðs náð:

# Aðstæður á íbúðamarkaði eru að skána

**EFNAHAGSMÁL** Verulega hefur hægt á lækkun íbúðaverðs síðustu mánuði. Nafnverð íbúða hefur lækkað um 2 prósent það sem af er ári borið saman við 10 prósent á síðasta ári, samkvæmt tölum frá Hagstofunni.

Í Morgunkorni Íslandsbanka frá því í gær segir að velta á íbúðamarkaði hafi dregist saman um allt að 80 prósent frá hruni og íbúðaverð hafi lækkað um 40 prósent að raunvirði frá hápunkti í ársbyrjun 2008.

Þrátt fyrir jákvæð merki er þó talið ólíklegt að íbúðamarkaðurinn taki við sér svo neinu nemi fyrr en fjárhagslegri endurskipulagningu heimilanna verður lokið, atvinnuástand hefur batnað og óvissa um framtíðartekjumöguleika heimila minnkar. - mþl

Mikill viðbúnaður Landsbjargar við Landeyjahöfn um verslunarmannahelgina:

# Hundrað manns við störf við nýju höfnina

**ÖRYGGISMÁL** Sjö björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar taka að sér gæslustörf við Landeyjahöfn um helgina. Verða þetta í kring um hundrað manns sem vinna með einum eða öðrum hætti við höfnina.

Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar, segir starfsfólk vera óvenju margt þetta árið og sé það aðallega vegna hinnar nýju hafnar. „Það eru um 150 manns á landinu öllu sem koma að björgunarstörfum með einhverjum hætti,“ segir Kristinn. „Við verðum með viðbúnað á öllum helstu hátíðum og með fjórar sveitir á hálendinu.“ Landsbjörg verður einnig með öryggisgæslu um borð í Herjólfi og Atlantic 75 björgunarbátur verður í Bakkafjöru á vöktum.

„Það er ekkert björgunarskip á staðnum og við teljum mjög mikilvægt að svo sé,“ segir Kristinn. „Hundruð manna og kvenna verða svo á bakvakt um allt land.“ Starfsmenn Landsbjargar eru sjálfboðaliðar og segir Kristinn það atriði oft vilja gleymast.

„Það er mikilvægt að landsmenn geti reitt sig á sjálfboðaliða sem fara ekki fram á neitt kaup,“ segir hann. „En ég er mjög bjartsýnn fyrir helgina. Við Íslendingar erum skynsamir upp til hópa.“ - sv



**ATLANTIC 75** Björgunarbátur Landsbjargar og áhöfn verða við störf í Bakkafjöru um helgina.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Haust á Tenerife og Kanarí

Beint leiguflug með Icelandair allan næsta vetur!



## Flugáætlun

**Tenerife**
7. okt. örfá sæti laus
16. og 28. okt.
13. og 27. nóv.
11. og 21. des.
4. og 18. jan.
1. feb. – 5. apr. vikulegt flug
16. apr.

**Kanarí**
30. okt. örfá sæti laus
27. nóv.
11. og 21. des.
5. og 18. jan.
1. feb – 5. apr. vikulegt flug
17. apr.

## Flugsæti

**Verð frá 87.800 kr***
og 15.000 Vildarpunktar

Innifalið: Flug fram og til baka með sköttum.
*Verð án Vildarpunkta 97.800 kr.



## Beint morgunflug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

# Tenerife



Nýtt hjá VITA

## Parque Santiago

Gott og eftirsótt íbúðahótel á allra besta stað við Playa de las Americas ströndina á Tenerife. Þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fjölskyldufólk og ungt fólk á öllum aldri unir sér í frábærum sundlaugargörðum við ströndina.

**13. nóv.-27. nóv.**

**Verð frá 125.270 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 fullorðna og tvö börn (2-12) í íbúð.
Verð á mann m.v. 2 í stúdíó: 150.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 135.270 kr.

# Kanarí



Aðeins hjá VITA

## Las Camelias

Snyrtilegt og vistlegt íbúðahótel á góðum stað á Ensku ströndinni.

**11. des.-5. apr.**

**Verð frá 119.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

Verð á mann m.v. 2 í íbúð. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
*Verð án Vildarpunkta 129.200 kr.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50960 07/10

## GENGIÐ 29.07.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,04 | 120,62 |
| Sterlingspund | 187,72 | 188,64 |
| Evra | 157,00 | 157,88 |
| Dönsk króna | 21,070 | 21,194 |
| Norsk króna | 19,648 | 19,764 |
| Sænsk króna | 16,572 | 16,670 |
| Japanskt jen | 1,3781 | 1,3861 |
| SDR | 182,48 | 183,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

211,7042

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þýsk samtök bíleigenda gefa göngunum undir Hvalfirði algera falleinkunn:

# Ófullnægjandi öryggi í Hvalfirðinum

**ÖRYGGISMÁL** Flóttaleiðir, brunavarnir, lofræsting og neyðarviðbúnaður í Hvalfjarðargöngunum eru ófullnægjandi. Þetta er niðurstaða ADAC, samtaka bíleigenda í Þýskalandi.

„Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart,“ segir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, sem rekur Hvalfjarðargöngin. Gylfi bendir á að göngin séu tólf ára gömul og hafi verið byggð samkvæmt stöðlum þess tíma. Evrópusambandið hafi síðan sett nýjar reglur sem Spölur vinni að því að uppfylla á árinu 2014. Í vor hafi verið lokið við að tvöfalda lýsingu í göngunum og í haust verði komnar eftirlitsmyndavélar sem nái í öll skúmaskot sem ekki sjást í núverandi kerfi.

ADAC gerði könnun á 26 bílagöngum í þrettán Evrópulöndum. Hvalfjarðargöngin fengu langverstu einkunnina eftir þá rannsókn. Í aðeins tveimur af átta atriðum sem könnuð voru fengu Hvalfjarðargöngin umsögnina „fullnægjandi“, tvisvar næstu einkunn fyrir ofan þá sem skilgreind er sem „vafasöm“ og fjórum sinnum botneinkunnina „ófullnægjandi“. Heildareinkunnin er síðan „ófullnægjandi“.

Aðspurður segir Gylfi Hvalfjarðargöngin „ekki meiri slysagildru en þau hafi verið hingað til“. Ýtrustu skilyrði um brunavarnir og flóttaleiðir sé erfitt að uppfylla. „Það er ekki hægt að ráða bót á því nema að mjög litlu leyti nema það komi önnur samhliða göng með leiðum á milli.“ **- gar**




**HVALFJARÐARGÖNGIN** Spölur styrkti úttekt á eigin göngum um eina milljón króna og fá göngin falleinkunn, meðal annars fyrir flóttaleiðir og brunavarnir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ARION BANKI** Lögmaður Sjómannafélagsins telur að sömu sjónarmið gildi um gengistryggð fasteignalán og gengistryggð bílalán. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tekist á um gengislán:

## Sjómannafélagið stefnir Arion

**DÓMSMÁL** Arion banka var birt stefna í gærmorgun vegna gengistryggðs fasteignaláns sem Sjómannafélag Íslands tók í júlí árið 2007. Lögmaður félagsins telur að lánið sé í krónum en ekki hefur áður reynt á lögmæti lána af þessu tagi.

Lánið var tekið fyrir kaupum á íbúð í miðbænum og var til 20 ára. Það var greitt upp hraðar en gert var ráð fyrir, eða á tæpum þremur árum, og námu raungreiðslur til bankans tæpum 37 milljónum. Sé miðað við að gengistryggingin sé ólögmæt þá er um ofgreiðslu upp á tæpar 20 milljónir að ræða miðað við samningsvexti. **- mþl**

# Slökkviliðsmenn á Akureyri telja kjarasamning brotinn

**Slökkviliðsmenn á Akureyri fá ekki greiddan frítökurétt og íhuga að fara í mál við bæinn. Trúnaðarmaður telur málið alvarlegt en slökkviliðsstjóri segir það byggt á misskilningi. Viðgengst hvergi annars staðar.**

**KJARAMÁL** Slökkviliðsmenn á Akureyri fá ekki greiddan frítökurétt né fá að taka hann út í fríum. Slíkt er brot á kjarasamningum og lögum frá árinu 1997, samkvæmt framkvæmdastjóra Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSOS). Ítrekað hefur verið reynt að semja við bæinn af hálfu slökkviliðsmanna en ekkert þokast í málinu. Samkvæmt lögum á frítökuréttur að koma fram á launaseðlum starfsmanna en það hefur til þessa aldrei gerst.



**VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON**

Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri LSOS, segir Akureyrarbæ tvímælalaust bæði vera að brjóta lög og kjarasamninga .

„Þetta er eina sveitarfélagið,að því er ég best veit, þar sem þetta viðgengst,“ segir Valdimar. „Bærinn neitar algjörlega að greiða frítökuréttinn eða gefa mönnum það leyfi sem þeir eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum. Þessi réttur fyrnist aldrei samkvæmt lögum þannig að það er í raun hægt að rukka hann inn hvenær sem er, en menn voru vissulega að vonast eftir því að þetta yrði gert að frumkvæði sveitarfélagsins.“

Þorbjörn Haraldsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri, segir málið vera byggt á misskilningi og samstarfið við Akureyrarbæ sé mjög gott. „Það er langt í frá að eitthvað bjáti þar á,“ segir hann. „Menn eru að fá allan frítökuréttinn sinn í formi fría og það kemur fram á launaseðlum.“

> Þessi réttur fyrnist aldrei samkvæmt lögum þannig að það er í raun hægt að rukka hann inn hvenær sem er.
>
> **VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LSOSO

Ólafur Stefánsson, slökkviliðsmaður og trúnaðarmaður slökkviliðsmanna á Akureyri, segir að menn hafi aldrei fengið frítökurétt og málið sé hið alvarlegasta.

„Það er búið að vera mikið karp um þetta undanfarin ár. Menn hafa verið hræddir við að fara í hart en nú á síðustu þremur árum hafa allir verið sammála um að vilja fá réttinn inn,“ segir hann. „Við höfum aldrei fengið þetta – hvorki greitt í launum né fríum.“

Ólafur átti fund með starfsmannastjóra Akureyrarbæjar, Höllu Margréti Tryggvadóttur, í maí 2009. Ólafur segir að sátt hafi náðst á fundinum og ákveðið hafi verið að ganga í málið, en ekkert hefur verið gert, þrátt fyrir ítrekanir.

Halla Margrét segir málið koma sér mikið á óvart og að hún hafi ekki fengið neinar ítrekanir varðandi málið.

„Ég er ekki með eitt einasta svona mál á borðinu hjá mér,“ segir hún. Spurð hvort slökkviliðsmenn á Akureyri fái frítökurétt sinn eður ei, segist Halla ekki hafa næg gögn hjá sér til að geta staðfest það. **sunna@frettabladid.is**



**SLÖKKVILIÐSMENN VIÐ STÖRF Á AKUREYRI** Akureyrarbær greiðir ekki frítökurétt.

### ÖLFUSS

**Ólafur Örn nýr bæjarstjóri**

Ólafur Örn Ólafsson hefur verið ráðinn nýr bæjarstjóri Ölfuss. Alls sóttu 30 aðilar um starfið og sá Capacent um ráðningarferlið. Ólafur er viðskiptafræðingur og hefur undanfarin ár verið bæjarstjóri í Grindavík.

### LEIÐRÉTTING

Karen og Richard Carpenter voru systkini en ekki hjón eins og sagt var í blaðinu í gær.






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGVIÐRI** Veðrið um helgina einkennist af hægum vindi og síðdegisskúrum. Ferðalangar ættu að pakka niður bæði pollagalla og sólarvörn enda getur veðrið breyst með skömmum fyrirvara og betra að vera við öllu búinn! Gangið hægt um gleðinnar dyr.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 24° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 29° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 22° |
| París | 26° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 22° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
VSOP er einungis úr sérvöldu dilkakjöti; vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott eru einkunnarorð VSOP. Kjötið er látið meyrna við kjöraðstæður. Hið einstaka bragð næst með úrvals koníaki og kryddblöndum sem eru sérlagaðar fyrir VSOP.
V·S·O·P vöðvamikið, sérvalið og prýðisgott LAMBAKJÖT
V•S•O•P LAMBAKJÖT
færðu í Hagkaup!
EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBA LÆRISSNEIÐAR
2.262 kr/kg.
Merkt verð 2.828.-
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBA TVÍRIFJUR
1.998 kr/kg.
Merkt verð 2.498.-
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
EINGÖNGU Í HAGKAUP
VSOP LAMBALÆRI
1.942 kr/kg.
Merkt verð 2.428.-
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.796 kr/kg.
Merkt verð 2.395.-
Kjúklingabringur marineraðar
í hvítlauk og rósmarín
Holta
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.871 kr/kg.
Merkt verð 2.495.-
Kjúklingalundir á grillspjóti
kryddlegnar, indverskar
Holta
TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
647 kr/kg.
Merkt verð 995.-
Kjúklingaleggir
í Texas kryddlegi
HAGKAUP Grillkjöt
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
1.724 kr/kg.
Merkt verð 2.298.-
Grilllambalæri Hagkaups
að hætti landsliðs matreiðslumeistara
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010
FABRIKKAN Í FERÐALAGIÐ!
25% meira í pokanum
TILBOÐ
NÓAKROPP 200 gr
299 kr/pk.
TILBOÐ
MYLLU KLEINUR 10 stk
299 kr/pk.
TILBOÐ
TRÓPÍ 1 LÍTER MEÐ ALDINKJÖTI
199 kr/stk.
TILBOÐ
DORITOS 165 gr
219 kr/pk.
Nammiland
50% afsláttur alla helgina
TILBOÐ
TOFFEE POPS 150 gr
199 kr/stk.
TILBOÐ
EGILS PEPSI 2 LÍTRA
159 kr/stk.
TILBOÐ
HRAUN- OG ÆÐIBITAR 220 gr
229 kr/pk.
TILBOÐ
FANTA APPELSÍNU EXOTIC, LEMON 1/2 LÍTER
99 kr/stk.
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 2. ágúst á meðan birgðir endast.
Opið í Skeifunni og Garðabæ á mánudag, lokað í öðrum verslunum.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú í ferðalag um verslunarmannahelgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 26,7% |
| Nei | 73,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Ert þú ánægð/ur með upphaf aðildarviðræðna Íslands við ESB?*

Segðu þína skoðun á visir.is — vísir

Dómari setur lögbann á umdeild innflytjendalög í Arizona-ríki að kröfu alríkisstjórnarinnar:

# Andstæðingar innflytjendalaga fögnuðu

**BANDARÍKIN, AP** Andstæðingar umdeildra laga sem stemma eiga stigu við fjölgun ólöglegra innflytjenda í Arizona-ríki í Bandaríkjunum fögnuðu í gær þegar dómari féllst á kröfu alríkisstjórnarinnar og setti lögbann á lagasetninguna.

Ríkisstjóri Arizona, sem hefur beitt sér af hörku fyrir lögunum, sagði í gær að þessari niðurstöðu yrði áfrýjað. Stjórnmálaskýrendur telja víst að málið endi fyrir hæstarétti Bandaríkjanna.

Dómari samþykkti lögbannskröfuna nokkrum klukkustundum áður en lögin umdeildu áttu að taka gildi.

Í lögunum voru meðal annars ákvæði sem hefðu skyldað lögreglumenn til að stöðva alla sem grunur léki á að væru í Arizona ólöglega og krefja þá um skilríki. Það áttu lögreglumenn í öllum tilvikum að kanna hvort einstaklingar sem væru handteknir væru löglega í ríkinu.

Ríkisstjórn Baracks Obama hefur haldið því fram að aðeins alríkisstjórn Bandaríkjanna geti lögfest stefnubreytingu í innflytjendamálum og barðist því gegn lagasetningu Arizona-ríkis. Vitað er að hátt á annan tug annarra ríkja hafa áhuga á að setja sams konar lög. Þar bíða menn niðurstöðu í þessu dómsmáli með óþreyju. **- bj**



**FAGNAÐ** Lagasetningunni var víða mótmælt og fögnuðu andstæðingar þegar lögbann var sett á lögin. NORDICPHOTOS/AFP

Breytingar á næsta ári:

## Eftirlaunaaldur Breta hækkaður

**BRETLAND** Bretar verða hvattir til þess að vinna lengur en til 65 ára aldurs, sem er nú eftirlaunaaldurinn í landinu. Ríkisstjórnin hyggst breyta eftirlaunaaldrinum fyrir októberlok á næsta ári.

Vinnuveitendur í Bretlandi geta nú látið starfsfólk hætta störfum við 65 ára aldur óháð aðstæðum þeirra, en þessu verður breytt. Aðalástæða þess er að fólk lifir nú lengur og er heilbrigðara en áður. Ef vinnuveitendur geta fært rök fyrir því að láta fólk hætta um 65 ára aldur verða þó veittar undanþágur. Þá verða eftirlaun í auknum mæli tengd við tekjur fólks samkvæmt nýju reglunum. **- þeb**

Forsætisráðherra ósáttur:

## Býðst til að segja af sér

**S-KÓREA Forsætisráðherra Suður-Kóreu hefur boðist til þess að segja af sér.**

**Ástæðan er sú að hann fékk ekki stuðning þingsins í því að stöðva flutning opinberra stofnana úr höfuðborginni. Forsætisráðherrann Chung Un-chan er ósáttur við að hafa ekki náð málinu í gegnum þingið.**

**Er þetta í annað skiptið í þessum mánuði sem hann býðst til þess að segja af sér vegna málsins. Í fyrra skiptið tók forsetinn Lee Myung-bak ekki við afsögn hans, en ekki er ljóst hvað hann gerir í þetta skipti.** **- þeb**

**KONGÓ**

### 140 létust þegar bátur sökk

Talið er að um það bil 140 hafi látist þegar bátur sökk á Kasai-ánni í Kongó í gær. Bæði vegir og lestarteinar eru illa farnir eftir áratuga átök í landinu. Því nota íbúar fljót og ár til að komast milli staða, gjarnan á ofhlöðnum bátum og ferjum.

# Telja ríkið útrýma samkeppni í lyfjum

**Samtök sautján lyfjafyrirtækja mótmæla því harðlega að Lyfjaverslun Íslands verði endurvakin. Skortur á samkeppni sé heilbrigðisyfirvöldum að kenna. Talsmaður nýs lyfjafyrirtækis telur samkeppni geta þrifist á lyfjamarkaði hér.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Frumtök, samtök sautján lyfjafyrirtækja sem starfa á Íslandi, mótmæla því harðlega að Lyfjaverslun Íslands verði endurvakin, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni að stjórnvöld hefðu til skoðunar.

Í ályktun frá samtökunum segir að allar aðgerðir sem heilbrigðisyfirvöld hafi ráðist í undanfarin misseri hafi dregið úr og brotið niður samkeppni á markaðnum.

„Í gegnum breytta greiðsluþátttöku og þar sem bara ódýrustu lyfin eru niðurgreidd hefur samkeppni nánast verið útrýmt,“ segir í ályktuninni. Þetta er útskýrt með því að stefna heilbrigðisyfirvalda sé sú að beina neyslu lyfja úr frumlyfjum í samheitalyf, eða eftirlíkingar af skyldum lyfjum. Erlend fyrirtæki sjái því enga ástæðu til að taka þátt í rannsóknum á markaði sem sé andsnúinn nýrri lyfjum.

Þá segir í ályktuninni að sérstakt sé að umræða um að endurreisa Lyfjaverslun ríkisins fari af stað við þessar aðstæður. „Heilbrigðisráðuneytið gjörbylti greiðsluþátttökukerfinu svo hægt sé að leggja meiri áherslu á ódýrustu lyfin eins og samheitalyf og þetta er gert á kostnað nauðsynlegra frumlyfja. Ef svo kemur í ljós að samheitalyfin eru dýrari hér á landi en á Norðurlöndum er lausnin að stofna Lyfjaverslun ríkisins,“ segja samtökin.

„Endurvakning Lyfjaverslunar ríkisins yrði ekkert annað en aðgerð til að stemma stigu við ástandi sem komið hefur verið á, leynt og ljóst, af heilbrigðisyfirvöldum sjálfum.“ **stigur@frettabladid.is**



**FLÓKINN LYFJABRANSI** Mjög flókið og tímafrekt getur verið að stofna lyfjafyrirtæki og koma nýjum lyfjum á markað. Einkaaðilar telja að opinber lyfjaverslun væri síst til þess fallin að tryggja samkeppni á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Nýtt fyrirtæki telur sér líft á markaðnum

„Þegar búið er að búa til umhverfi þar sem fyrirtækjunum er gert kleift að starfa þá er kannski óeðlilegt að ríkið sé að setja sig aftur í samkeppni við þau,“ segir Regína Hallgrímsdóttir, framleiðslustjóri Lyfis, nýs lyfjafyrirtækis sem þegar hefur sett tvö lyf á markað og væntir þess þriðja um mánaðamót.

Regína segir mikla vinnu að koma nýju lyfjafyrirtæki á fót á Íslandi og það sé tímafrekt. „En þarf ekki endilega að vera óeðlilegt því að skráningar á lyfjum taka jú langan tíma,“ segir hún.

Þrír starfa hjá Lyfis, sem er í eigu Ómars Kristjánssonar. Það hefur lagt inn um þrjátíu umsóknir um markaðsleyfi fyrir lyf og að sögn Regínu mun þeim fjölga á næstu misserum.

Regína segir Ísland vissulega mjög smátt markaðssvæði en trúir því þó að hér geti þrifist heilbrigð samkeppni á lyfjamarkaði. Lyfis ætli að leggja sitt af mörkum til þess. Opinber lyfjaverslun sé þó ekki líkleg til að stuðla að því. „Ég sé ekki að það bæti kerfið að neinu leyti, því þá er ríkið eingöngu komið í samkeppni við fyrirtæki sem eru þegar á markaði.“



**ANNAR EIGANDINN** Dögg Pálsdóttir átti Insolidum ásamt syni sínum.

Skiptum lokið á Insolidum:

## Kröfuhafar fengu 1,5%

**VIÐSKIPTI Skiptum er lokið á fjárfestingafélaginu Insolidum. Almennar kröfur námu 476 milljónum króna og fengu kröfuhafar 7,3 milljónir eða um 1,5% upp í kröfurnar. Félagið var í eigu Daggar Pálsdóttur, hæstaréttarlögmanns og fyrrverandi varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins, og Páls Ágústs Ólafssonar, sonar hennar.**

**Aðdragandinn að falli Insolidum var sá að í júlí 2007 keypti félagið stofnbréf í SPRON fyrir 600 milljónir með láni frá Saga Captial. Eftir að bréfin féllu í verði, þegar SPRON var skráð á hlutabréfamarkað, var lánið frá Saga Capital gjaldfellt þar sem eigendur Insolidum urðu ekki við kröfum um frekari tryggingar.** **- th**

Var bundinn og stunginn:

## Prestur myrtur

**MEXÍKÓ** Áttræður kaþólskur prestur fannst myrtur í kirkju sinni í Oaxaca í Mexíkó í gær. Hann hafði verið bundinn á höndum og fótum og stunginn margsinnis.

Morðinginn er ekki fundinn og lögregla hefur ekki tjáð sig um ástæður morðsins. Í síðasta mánuði var kaþólskum presti í Oaxaca rænt og hann pyntaður. Lögregla bjargaði honum frá mannræningjunum, en handtók hann í kjölfarið grunaðan um tvö morð. Hann liggur enn á spítala eftir pyntingarnar. **- þeb**






# ATLANTSOLÍUDAGUR Á AKUREYRI



## Pylsa og kók fyrir dælulykilshafa!

Í tilefni hátíðarinnar „Ein með öllu“ á Akureyri fá viðskiptavinir ókeypis pylsu og kók milli klukkan 13 og 17 í dag, föstudag 30. júlí.

5 króna afsláttur til miðnættis sé greitt með dælulykli Atlantsolíu. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.

Dælulyklar afhentir á staðnum.

VERSLUNARMANNAHELGIN Á AKUREYRI
EIN MEÐ ÖLLU
og hjartað á réttum stað

ATLANTSOLIA

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 50610 07/10

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver er skattakóngur/-drottning landsins þetta árið?

2 Hvað hafa margir verið án vinnu í meira en ár samkvæmt nýjustu tölum?

3 Hvað kostar gufuhverfill HS Orku sem stendur ónotaður vegna óvissu um stækkun Reykjanesvirkjunar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Katalóníubúar vilja skera sig enn frekar frá Spánverjum:

# Katalónska þingið bannar nautaat

**SPÁNN** Nautaat hefur verið bannað í Katalóníu á Spáni. Katalónía er fyrsta ríki Spánar sem bannar nautaat með lögum fyrir utan Kanaríeyjar og er því fyrsta ríkið á meginlandi Spánar sem bannar nautaat.

Það var katalónska þingið sem greiddi atkvæði um málið á miðvikudag. 180 þúsund manns höfðu skrifað undir áskorun til þingsins þar sem nautaatið var sagt villimannslegt og gamaldags. 68 þingmenn studdu bannið en 55 voru á móti. Níu sátu hjá.

Þó að opinberlega sé rökrætt um dýravernd er talið líklegt að sjálfstæðissinnar í Katalóníu vilji nota bannið til þess að skilja ríkið enn frekar frá Spáni, enda er nautaatið gamalgróin spænsk hefð. Tveir flokkar á þinginu ákváðu að fylgja ekki flokkslínum heldur kaus hver þingmaður eftir eigin sannfæringu.

Nautaat er aðeins stundað á einum stað í Katalóníu, í nautaatshring í Barcelona. Stuðningsmenn nautaatsins óttast að bannið muni verða til þess að fleiri ríki taki umræðuna um dýravernd upp og banni atið.

Bannið í Katalóníu mun ekki taka gildi fyrr en í janúar árið 2012 en bannið á Kanaríeyjum hefur verið í gildi frá árinu 1991.

**- þeb**



**NAUTAAT** Stuðningur við nautaat hefur farið minnkandi undanfarin ár, og segja andstæðingar þess að nánast eingöngu ferðamenn fylgist með því nú á dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FORSETINN** Nicolas Sarkozy hefur verið gagnrýndur harðlega fyrir ummæli sín um sígauna í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Forsetinn gagnrýndur:

# Sígaunum vísað frá Frakklandi

**FRAKKLAND Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur verið sakaður um kynþáttahatur í kjölfar ummæla um sígauna.**

**Sarkozy sagði á dögunum að öllum sígaunum, sem væru ólöglegir í Frakklandi, yrði vísað úr landi. Hann fyrirskipaði að búðir þeirra yrðu brotnar upp og fólki komið úr landi með skipulögðum hætti. Hann lét ummælin falla eftir óeirðir sem brutust út þegar lögregla skaut ungan mann fyrr í mánuðinum.**

**Sarkozy kallaði einnig eftir því að ríkisstjórnin herti á innflytjendalögum og auðveldi brottvísun úr landinu á grundvelli friðar á almannafæri.**

**- þeb**

# Myrti nýfædd börn sín og faldi líkin í kjallara og garði

**Frönsk kona hefur játað að hafa kæft átta börn sín við fæðingu. Hún leyndi meðgöngunum og segir mann sinn ekki hafa vitað af morðunum. Lík barnanna fundust í tveimur húsum í norðurhluta Frakklands.**

**FRAKKLAND, AP** 47 ára gömul frönsk kona hefur játað að hafa orðið átta nýfæddum börnum sínum að bana og falið lík þeirra. Eiginmaður hennar var einnig handtekinn, grunaður um að hafa hylmt yfir með henni, en var sleppt í gær eftir að konan sagði hann ekki hafa vitað af morðunum.

Málið komst upp á miðvikudag. Þá hringdi fólk sem var nýflutt inn í hús í smábænum Villers-au-Tertre á lögreglu eftir að það fann líkamsleifar í garðinum og kjallara hússins. Bærinn er í nágrenni við borgina Lille í norðurhluta landsins. Húsið er í eigu foreldra hinnar handteknu. Í kjölfar þess fundar leitaði lögreglan í húsi konunnar og manns hennar, þar sem fleiri lík fundust. Öllum líkunum hafði verið komið fyrir í plastpoka, en þau höfðu ýmist verið falin í garðinum eða í kjöllurum húsanna. Talið er að börnin hafi fæðst á tímabilinu 1989 til 2006 eða 2007, en frekari rannsóknir eiga eftir að staðfesta það.



**VIÐ HÚSIÐ** Lögreglufólk kemur að húsinu í Villers-au-Tertre með leitarhunda í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hjónin eiga uppkomin börn og barnabörn í Frakklandi. Konan hefur starfað við umönnun en maðurinn vinnur fyrir byggingafyrirtæki auk þess sem hann situr í bæjarstjórn í bænum.

Konan, sem heitir Dominique Cottrez, sagði við yfirheyrslur að hún hafi ekki viljað eignast fleiri börn og hafi ekki viljað fara til læknis til þess að fá getnaðarvarnir. Hún sé of þung og eftir erfiða fæðingu vegna þess hafi hún ekki viljað hitta lækna framar. Eiginmaður hennar sagði við yfirheyrslur að hann hafi aldrei tekið eftir því að konan væri með barni vegna þess hve feitlagin hún var, og hann hafi enga hugmynd haft um að hún hefði myrt börnin við fæðingu. Saksóknari fór fram á að hann yrði ákærður fyrir að tilkynna ekki um morðin og fyrir að hafa falið líkin, en ekki var fallist á það.

Nokkur svipuð mál hafa komið upp í Frakklandi og í nágrannalöndum undanfarin ár. Í mars játaði kona að hafa orðið sex nýfæddum börnum sínum að bana í norðvesturhluta Frakklands. Önnur kona var dæmd í fangelsi í fyrra fyrir að hafa drepið þrjú börn sín í Suður-Kóreu og Frakklandi. Hún er nú laus úr haldi. Þá var kona dæmd í fimmtán ára fangelsi í Þýskalandi árið 2006 fyrir morð á átta börnum sínum. Níunda barnið lést einnig, en of langt var um liðið til að hægt væri að dæma hana fyrir það.

thorunn@frettabladid.is






**SKRIFAÐ UNDIR** Árni Stefánsson, forstjóri Vífilfells, og Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi, skrifuðu undir samninginn í gær. MYND/RAUÐI KROSSINN

Undirrituðu samning:

# Ágóði vatns til Rauða krossins

**SAMFÉLAGSMÁL** Rauði kross Íslands mun fá allan ágóða af sölu Pure Icelandic vatnsins á Íslandi. Samningur þess efnis var undirritaður í gær.

Vífilfell hefur látið hanna nýja miða á vatnsflöskurnar með vísan í stuðninginn við Rauða krossinn, en það eru aðallega erlendir ferðamenn sem kaupa vatnið.

Ágóðinn mun fara í stuðning við neyðarviðbrögð Rauða krossins á innlendum vettvangi, til dæmis viðbrögð við hamförum, slysum og öðrum áföllum sem verða í samfélaginu.

**- þeb**



ellingsen.is
SUMAR-MARKAÐUR
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR
Sprengfull búð af frábærum tilboðum!
ELLINGSEN GRILL 67.900 ÁÐUR 79.900
CAMPINGAZ GRILL 29.900 ÁÐUR 34.900
COLEMAN FERÐAGASGRILL 39.900 ÁÐUR 49.900
50% AFSLÁTTUR AF CHAR-BROIL GRILLVÖRUM
COLEMAN TJALDSKÝLI 14.900 ÁÐUR 25.490
25% AFSLÁTTUR AF TJÖLDUM OG VIÐLEGUBÚNAÐI
COLEMAN TVÖFÖLD TJALDDÝNA 5.993 ÁÐUR 7.990
COLEMAN FELLIBORÐ OG STÓLAR FYRIR 4 17.900 ÁÐUR 25.602
COLEMAN EINFÖLD TJALDDÝNA 3.743 ÁÐUR 4.990
GLASASTANDUR 2.490 ÁÐUR 3.490
COLUMBIA Silver Ridge herrajakki 27.743 ÁÐUR 36.990
COLUMBIA Pearl dömupeysa 14.925 ÁÐUR 19.900
COLUMBIA Silver Ridge herrabuxur 13.493 ÁÐUR 17.990
COLUMBIA Silver Ridge dömubuxur 14.993 ÁÐUR 19.990
COLUMBIA Trail Trip dömujakki með hettu 20.993 ÁÐUR 27.990
25–50% AFSLÁTTUR AF COLUMBIA FATNAÐI
25–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
ATHUGIÐ! LOKAÐ LAUGARDAGINN 31. JÚLÍ - Opnum aftur Sumarmarkaðinn 3. ágúst.
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
PIPARTBWA • SÍA • 101905

Verslunarmannahelgin hefst á morgun




# Fagnaðu verslunarmannahelgi með BKI kaffi

Verslunarmannahelgin er á morgun!

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Verslunarmannahelgin er stærsta ferðahelgi sumarsins.** Um verslunarmannahelgina halda tugþúsundir Íslendinga í styttri og lengri ferðalög um langa helgi sem nýtur góðs af frídegi verslunarmanna.



Þessa helgi tíðkast að sækja útihátíðir, syngja og dansa hvort sem það er úti í íslenskri náttúru eða í borg eða bæjum fyrir innipúkana. Hvar svo sem þú verður er líklegt að þú hafir mikla þörf fyrir gott BKI kaffi.

*Settu útileguteppið á stofugólfið heima eða finndu þér græna laut á útihátíð og nýttu tækifærið og settu gott BKI kaffi á brúsa.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

*Kauptu BKI fyrir verslunarmannahelgina*

## FRÉTTASKÝRING: Er réttur til vatns mannréttindi?



**FÆRIR LÍFSBJÖRG Í BÚ** Ungur drengur í Mógadisjú í Sómalíu dregur vatnskút heim til sín. Í heiminum öllum eru um 884 milljónir manna sem hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni. Þá hafa 2,6 milljarðar ekki aðgang að hreinlætisaðstöðu. NORDICPHOTOS/AFP

# Allir fái hreint vatn

**Áætlun til að tryggja öllum aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu á að verða tilbúin hjá Sameinuðu þjóðunum árið 2012. Þremur árum síðar á þeim sem búa án slíks að hafa fækkað um helming.**

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti á fundi sínum á miðvikudag tillögu um að aðgangur að hreinu vatni teljist til mannréttinda. Í 15 ár hefur verið reynt að vinna að slíkri tillögu. Athygli vakti að fjöldi ríkja sat hjá, þar af flest ríki Evrópu, þar með talið Ísland.



GUNNAR PÁLSSON

Gunnar Pálsson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, segir að ástæða hjásetunnar hafi verið óánægja með tillöguna. Mannréttindaráðið í Genf sé með málin í ákveðnu ferli sem ljúka eigi árið 2010 og fara fyrir allsherjarþingið. Hjásetan hafi því ekki verið af málefnalegum forsendum, heldur vegna ósættis við málsmeðferðina.

„Þó við séum alveg sammála því að líta beri á réttinn til ómengaðs drykkjarvatns sem mannréttindi, þá viljum við stíga varlega til jarðar og ljúka þeirri vinnu sem hafin er, áður en við tökum að okkur einhverjar óskilgreindar kvaðir. Íslensk stjórnvöld, utanríkisráðherrann og við í fastanefndinni, vinnum heils hugar að því að böndum verði komið á þetta vandamál, sem skorturinn á vatni og hreinlæti er.“

### Helmingað 2015

Sameinuðu þjóðirnar settu sér þúsaldarmarkmið um aldamótin og eitt þeirra er að þeim sem búa við skort á hreinu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu hafi fækkað um helming árið 2015. Þetta er ekki auðvelt verk, en alls hafa 884 milljónir manna ekki aðgang að ómenguðu drykkjarvatni. Talið er að á hverju ári látist 1,5 milljónir barna af völdum vatnsskorts eða mengaðs vatns. Enn fleiri hafa ekki aðgang að hreinlætisaðstöðu, eða 2,6 milljarðar manna.

Gunnar segir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna öll sammála um að á þessu þurfi að taka. Málið sé hins vegar flókið og þurfi að skilgreina í hverju rétturinn sé fólginn.

Þá flæki það málið enn frekar að vatn sé notað á svo margvíslegan hátt. Aðeins um tíu prósent af vatni í heiminum í dag eru notuð sem drykkjarvatn. Langmest er notað í landbúnaði, eða um 70 prósent.

Vandamálið er sérstaklega mikið í þróunarríkjunum og það endurspeglaðist í því að öll ríkin sem stóðu að tillögunni á miðvikudag eru þróunarríki. Gunnar segir ljóst að mörg þeirra hafi verið að taka mið af aðstæðum heima fyrir, en ekki litið á vandann í heild sinni.

### Rétturinn til lífs

Ísland er aðili að samningi um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi og fullgilti þann samning fyrir þremur áratugum. Þar kemur fram að ríki sem eru aðilar að samningnum, þar með talið Ísland, viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans.

„Það hefur verið litið svo á að rétturinn til ómengaðs drykkjarvatns félli undir þetta ákvæði um rétt sérhvers manns til batnandi lífsskilyrða. Ísland er lagalega bundið,“ segir Gunnar.

Ísland hefur styrkt verkefni af þessum toga og um þessar mundir er verið að grafa 450 vatnsból í Malaví, til að tryggja um 20 þúsund manns hreint vatn, á vegum íslenskra stjórnvalda.

„Ég held að það séu allir sammála um að þetta heyri undir réttinn til lífs, þó ekki væri nema vegna þess að hafi fólk ekki aðgang að ómenguðu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu þá á það sér afskaplega takmarkaða lífsvon. Rétturinn til vatns er grundvallarkrafa sem ég held að allir séu ásáttir um.“

### Þarf að bæta vatnsnýtingu

Vatnsskortur er að mestu bundinn við þróunarríkin, en vestrænu ríkin glíma við sinn vanda, þó af algjörlega öndverðum meiði sé. Þar er vatnssóun mikið vandamál. Gunnar segir að bæta þurfi allt kerfið og samþykkt allsherjarþingsins á miðvikudag hafi ekki tekið á því. Þar að auki hafi samþykktir þingsins afskaplega litla þýðingu, nema þær séu samhljóða.

„Það eru allir sammála um að það dugi ekki einfaldlega að lýsa réttinn til vatns mannréttindi. Það þarf að bæta vatnsstjórnun í heiminum, bæta reglugerðarumhverfi og löggjöf um notkun vatns.

Þetta er hinn raunverulegi vandi; að ráða fram úr því hvernig við getum bætt vatnsnýtingu og komið vatni til þeirra sem ekki hafa aðgang að því. Það er verið að vinna í þessum málum hjá mannréttindaráðinu í Genf og þetta er hluti af áætlun Sameinuðu þjóðanna.

Það þjónar litlum tilgangi að lýsa vatn mannréttindi ef við höfum ekki bolmagn til að tryggja þeim vatn sem ekki hafa aðgang að því.“

### Mikilvægi samninga

Meðal þess sem Sameinuðu þjóðirnar vinna að er að fá þróunarríki til að gerast aðilar að samningum þeirra, til dæmis þeim um efnahagsleg, menningarleg og félagsleg réttindi, sem áður var minnst á. Sú vinna sem ljúka á 2012 mun geta af sér nýjan samning og mikilvægt er að öll ríki verði aðilar að honum.

„Vandinn er mestur í þróunarríkjunum og að honum er unnið með þróunarsamstarfi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þá er unnið í því að fá ríkin til að bæta löggjöf sína og gerast aðilar að þessum samningum. Ef ríki eru ekki aðilar að þeim njóta þegnar þeirra ekki verndar samningsins.

Þegn í ákveðnu ríki getur ekki gert kröfu til þess að litið verði á aðgang hans að vatni sem mannréttindi, nema stjórnvöld í hans landi hafi gerst aðilar að samningum. Það þarf að hjálpa ríkjunum líka til að taka þátt í þessu starfi, gerast aðilar að viðkomandi samningum og smíða síðan reglugerðarumgjörð sem gerir þeim kleift að taka á þessum vandamálum.“

### Ásókn stórfyrirtækja

Stórfyrirtæki víða um heim hafa ásælst auðlindir ríkja og til eru dæmi um að fyrirtæki hafi öðlast eignarrétt á vatnsbólum. Gunnar segir erfitt fyrir Sameinuðu þjóðirnar að taka á því.

„Þetta er sértækt viðfangsefni. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna erum við fyrst og fremst að vinna að því að hægt sé að bæta aðgengi fólks um allan heim að ómenguðu drykkjarvatni og hreinlætisaðstöðu.

Við getum ekkert gert nema í nánu samstarfi við aðildarríkin sjálf. Það kemur svo til kasta stjórnvalda í hverju og einu ríki að setja lög og reglur um samstarf opinberra aðila og einkageirans.“

## Ekki spurð álits



Ragna Árnadóttir er ráðherra dómsmála og mannréttinda. Ályktun allsherjarþingsins kom þó ekki inn á borð til hennar.

„Þetta er frekar óskýrt, þó þetta heiti mannréttindaráðuneyti eru það samt sem áður fagráðuneytin sem hafa fullt forræði yfir sínum málum. Í þessu tilviki kom þetta ekki inn á okkar borð og við vitum ekkert af þessu og höfum engin gögn. Við höfum heldur ekki verið spurð álits. Það fær mann auðvitað til að hugsa: Af hverju ekki?”

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



Rannsókn á kríustofninum á Snæfellsnesi:

# Kríuvarpið á Rifi líkist helst kirkjugarði

**NÁTTÚRA** Of fáir kríuungar hafa komist á legg á stóru varpsvæðunum utarlega á Snæfellsnesi og gengur því á kríustofninn við Ísland. Þetta kemur fram í doktorsrannsókn sem Freydís Vigfúsdóttir hefur gert undir leiðsögn Tómasar G. Gunnarssonar vistfræðings, við Háskólasetur Snæfellsness. Stykkishólmspósturinn greinir frá þessu.

Haft er eftir Freydísi að dapurlegt sé um að litast í kríuvarpinu á Rifi, einu af stærstu kríuvörpum landsins, og að það líkist helst kirkjugarði.

Í rannsókninni er mæld tíðni fæðugjafar og reyndist hún einnig vera lág utarlega á Snæfellsnesi. Borið hefur við að foreldrar hafi gefið ungum sínum fiðrildi en aðalfæða kríunnar er sandsíli. Að sögn Freydísar er þetta sjötta árið í röð þar sem sjófuglar sem nýta sandsíli til átu eiga erfitt.

Viðkoma unga innarlega á Snæfellsnesi virðist þó hafa gengið betur samkvæmt rannsókninni en varpsvæðin eru það smá þar að þau hafa ekki úrslitaáhrif um viðhald stofnstærðarinnar í heildina litið.

Enginn fugl í heiminum ferðast jafnlanga leið á milli varp- og vetrarstöðva og krían. Tvisvar á ári flýgur hún um 15 þúsund kílómetra milli varpstöðva á norðurhjaranum suður að ísbreiðunum við Suðurskautslandið. - th



**KRÍA** Sjófuglar sem nýta sandsíli til átu eiga erfitt uppdráttar á Snæfellsnesi.

Kanna hug til auðlindasölu:

## Um 85% andvíg sölu auðlinda

**KÖNNUN Tæplega 85 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnun Capacent Gallup sögðust mjög eða frekar andvíg því að erlendir aðilar geti keypt íslenskar náttúruauðlindir.**

**Alls sögðust 84,9 prósent frekar eða mjög andvíg slíkum möguleika, 10,6 prósent sögðust hvorki hlynnt né andvíg, og um 4,5 prósent sögðust mjög eða frekar hlynnt því að heimila erlendum aðilum að kaupa auðlindir. Í úrtakinu voru 1.200 manns, og svöruðu 65,9 prósent spurningunni.** - bj



**PENTAGON** Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna getur ekki gert grein fyrir milljörðum dollara.

Sérstakur sjóður fyrir Írak:

## Ekki vitað hvert milljarðar fóru

**BANDARÍKIN, AP** Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna getur ekki gert grein fyrir því hvað varð um 8,7 milljarða Bandaríkjadollara sem teknir voru úr sérstökum Íraksssjóði á árunum 2004 til 2007.

Sjóðurinn var stofnaður af Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Um er að ræða fé sem fékkst fyrir sölu á olíu frá Írak og átti að fara í uppbygginguna landsins. Ekki voru til nein skjöl um eyðslu á 2,6 milljörðum.

Ekki er talið að um fjársvik sé að ræða, heldur frekar dæmi um lélega stjórnsýslu. Íraksþing frestaði fundum sínum á nýjan leik í gær, en engin ríkisstjórn hefur verið mynduð í landinu frá kosningum fyrir fjórum mánuðum. - þeb

Villa í Frjálsri verslun:

## Tekjur hjá fimm ofmetnar

**FÓLK Tekjur fimm einstaklinga voru rangt reiknaðar í tekjublaði Frjálsar verslunar, sem kom út í gær.**

**Í tilkynningu frá Frjálsi verslun segir að misskilningur hafi komið upp í samtali við starfsmann á skattstofu sem varð til þess að tekjur einstaklinga á Norðurlandi eystra voru rangt reiknaðar. Útsvar og auðlegðarskattur var lagður saman og tekjur því ofmetnar hjá Þorsteini Má Baldvinssyni, forstjóra og útgerðarstjóra Samherja, Jóhannesi Jónssyni í Bónus, Steingrími H. Péturssyni eiganda Sjafnar og Ernu Björnsdóttur lyfjafræðingi.** - þeb

**DÓMSMÁL**

### Vítisengill kærir

Dómsmálaráðuneytið staðfesti fyrir skömmu ákvörðun Útlendingastofnunar um að vísa Leif Ivar Kristiansen, leiðtoga norskra Vítisengla, frá Íslandi. Samkvæmt heimildum Vísis.is vinnur Kristiansen nú að því ásamt lögmanni sínum að stefna íslenska ríkinu vegna brottvísunarinnar.





Lóritín®
– Kröftugt ofnæmislyf án lyfseðils

Þekkir þú helstu einkenni ofnæmiskvefs?

- Kláði í augum og nefi
- Síendurteknir hnerrar
- Nefrennsli/stíflað nef
- Rauð, fljótandi augu

Einkennin geta líkst venjulegu kvefi og margir þjást af „kvefi" á hverju sumri áður en þeir átta sig á að um ofnæmiskvef er að ræða. **Lóritín** er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga.

**Notkun:** Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín 10 mg og er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn yfir 12 ára aldri: 1 tafla á dag. Börn 2 - 12 ára: Með líkamsþyngd meiri en 30 kg: 1 tafla (10 mg) á dag. Börn með líkamsþyngd undir 30 kg: 1/2 tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef **Lóritín** er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir: Lóritín** þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. **Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Sérlyfjaskrártexti samþykktur í desember 2005.

actavis
hagur í heilsu

## Verslunarmannahelgin 2010




**STÆRSTA UMFERÐARHELGI ÁRSINS** Búist er við því að margir landsmenn leggi af stað út á þjóðvegi landsins um helgina til þess að njóta sveitasælunnar með fjölskyldu og vinum. Umferðarstofa ítrekar við ökumenn að sýna aðgát og þolinmæði í umferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Búist við metfjölda á Þjóðhátíð

**Stærsta ferðamannahelgi ársins er gengin í garð. Búist er við að Þjóðhátíð í Eyjum verði sú fjölmennasta til þessa. Umferðarstofa biður ökumenn að sýna tillitsemi og aðgát. Veðurspáin fyrir landið er hin besta.**

Búist er við því að Þjóðhátíð Vestmannaeyinga um helgina verði sú fjölmennasta í manna minnum og er hún haldin í 130. sinn í ár. Eins og kunnugt er var hin nýja Landeyjahöfn vígð nú á dögunum og ferð Herjólfs milli lands og Eyja styttist um tæpa tvo klukkutíma en ferjan siglir sex til átta ferðir á sólarhring yfir verslunarmannahelgina.

Uppselt er í Herjólf frá föstudegi til mánudags og öll flug til og frá Eyjum uppbókuð. Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir viðbúnað í Herjólfsdal hafa verið aukinn til muna fyrir helgina og menn séu að búa sig undir stærstu Þjóðhátíð til þessa.

„Við höfum verið að undirbúa þessa hátíð frá því að við slitum þeirri síðustu," segir Elliði. „Það lá mjög snemma fyrir að það stefndi í stóra hátíð, fyrst og fremst vegna þess hversu góð sú síðasta var og þess vegna hefur allur aðbúnaður og þjónusta við gesti verið stóraukið."

Fjölskylduskemmtanir eru áberandi í ár, en þær er meðal annars að finna á Stokkseyri, Akureyri, í Stykkishólmi og Borgarnesi. Veðurspáin fyrir helgina er svipuð fyrir allt landið og lítur út fyrir að hitinn verði á bilinu 12-17 stig á landinu, en svo virðist sem hlýjast verði á Suður- og Vesturlandi.

Verslunarmannahelgi er haldin hátíðleg á undan frídegi verslunarmanna, fyrsta mánudegi ágústmánaðar hvers árs. Frídeginum var komið á af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og var í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur í Reykjavík þann 13. september árið 1894. Dagurinn var síðar færður fram í byrjun ágúst. Hefur helgin á undan frídegi verslunarmanna ávallt verið mikil ferðahelgi og hefur skapast hefð fyrir mörgum árlegum viðburðum eins og finna má á landinu öllu um helgina. sunna@frettabladid.is

## Flestir bílar á vegum landins um helgina

Mestu ferðamannahelgi ársins fylgir mikil og hæg umferð á vegum landsins og því er mikilvægt að sýna tillitssemi og þolinmæði undir stýri. Umferðarstofa beinir þeim tilmælum til bílstjóra að gera ráð fyrir um tveimur klukkustundum frá Reykjavík til Landeyjahafnar. Hafa ber í huga að á leiðinni er ekið í gegnum þrjá þéttbýliskjarna þar sem hraði er takmarkaður miðað við það sem almennt gerist á leiðinni til hafnarinnar.

Umferðarstofa biður ökumenn að aka á löglegum hraða á Suðurlandsvegi þar sem eitthvað hefur borið á of hröðum akstri nú fyrir helgina.

## Samkomur um verslunarmannahelgina

**Fjölmargar hátíðir eru haldnar um allt land um verslunarmannahelgina. Búist er við metfjölda til Vestmannaeyja í ár og fjölskylduhátíðir eru áberandi. Veðurspá er landsmönnum í hag.**




### 1. Siglufjörður: Síldarævintýri

- Hin árlega tíu daga hátíð á Siglufirði hófst með Síldardögum þann 23. júlí. Síldarævintýrið tekur svo við um verslunarmannahelgina og varir í fjóra daga.

*Fram koma meðal annars: Raggi Bjarna, Björn Jörundur, Tóti og félagar, Halastjarnan og Papar.*

### 2. Akureyri: Ein með öllu

- Fjölskylduskemmtunin árlega á Akureyri verður haldin aftur um verslunarmannahelgina með fjölda tjaldstæða fyrir fjölskyldufólk.

*Fram koma meðal annars: Sveppi og Villi, Páll Óskar, Dikta, Papar, Hjálmar, Bravo, Ourlives og Skítamórall.*

### 3. Neskaupstaður: Neistaflug

- Hátíðin Neistaflug á Neskaupstað er nú haldin í 18. sinn. Fjölskyldan verður í fyrirrúmi í ár og lögð er sérstök áhersla á að allir skemmti sér vel saman, börn og fullorðnir.

*Fram koma meðal annars: Gunni og Felix, Papar, Mónó, Dj Óli Geir, Hvanndalsbræður, Magni og Pollapönk.*

### 4. Vestmannaeyjar: Þjóðhátíð

- Margt bendir til þess að Þjóðhátíð í Eyjum verði vinsælasti áfangastaðurinn í ár og búist er við um 18.000 gestum.
- Allt flug er uppbókað um helgina og uppselt er í Herjólf.

*Fram koma meðal annars: Björgvin Halldórsson, Brúðubíllinn, Bubbi, KK, Í svörtum fötum, Ingó og veðurguðirnir og Páll Óskar*

### 5. Stokkseyri: Færeyskir fjölskyldudagar

- Færeyskir fjölskyldudagar á Stokkseyri eru haldnir í annað sinn nú um helgina. Hátt á annan tug færeyskra listamanna mun stíga á svið og skemmta ungum sem öldnum með söng, spili og færeyskum dönsum.

*Fram koma meðal annars: Eivör Pálsdóttir, Benjamin Petersen, Mikael Blak, Angelika Nielsen, Ívar Bærentsen, Kristian Blak, Sharon Weiss, Högni Lisberg, Jens Lisberg, Arnbjörn Sivertsen, Jóanis Erik Kötum og Kolbein Simonsen.*

### 6. Reykjavík: Innipúkinn

- Hin heimakæra tónlistarhátíð Innipúkinn verður haldin á ný þessa verslunarmannahelgi. Innipúkinn er kjörinn fyrir þá íbúa höfuðborgarsvæðisins sem vilja ekki fara frá sínum heimahögum yfir þessa stærstu ferðamannahelgi ársins.

*Fram koma meðal annars: Cat Power, Blonde Redhead, Mugison, Raveonettes, Hjálmar, Trabant, Televison og Mínus.*

### 7. Hvalfjörður: Hátíð SÁÁ

- Fjölskylduhátíð SÁÁ verður haldin að Hlöðum við Hvalfjarðarströnd með dagskrá og skemmtiatriðum fyrir alla fjölskylduna.

*Meðal skemmtiatriða verða: Diskótek, félagsvist, bingó, barnadagskrá, ratleikur og dansleikur með Geirmundi Valtýssyni.*

### 8. Vatnaskógur: Sæludagar

- Fjölskylduhátíð KFUK og KFUM verður í Vatnaskógi. Dagskráin verður fjölbreytt með áherslu á skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

*Fram koma meðal annars: GIG, Pétur Ben og Lay Low.*

### 9. Borgarnes: Landsmót UMFÍ

- Allt stefnir í það að þrettánda Unglingalandsmót UMFÍ verði það fjölmennasta til þessa. Mótið hófst í gær með keppni í körfuknattleik.

*Fram koma meðal annars: DJ Klúbbur Óðal, Með von í hjarta, Ertu með hellu beljan þín? og FESTIVAL.*

### 10. Stykkishólmur: Kotmót

- Verslunarmannahelgarmót Hvítasunnumanna verður haldið í Stykkishólmi.
- Fyrsta Kotmótið var haldið í Vestmannaeyjum árið 1949, þegar Hvítasunnumenn þar í bæ vildu komast burt frá Þjóðhátíð. Um þessa helgi verða barnaskemmtanir, Biblíulestur og bænahald helst á döfinni í Stykkishólmi.

*Fram koma meðal annars: Carnival, Mike Fitzgerald og Edgar Smári.*

### 11. Ísafjörður: Mýrarboltinn

- Hin drulluga hátíð kennd við mýrarboltann verður haldin í sjötta sinn á Ísafirði um helgina. Verður boltinn leikinn á eina viðurkennda keppnissvæði landsins alla helgina, í Tunguskógi í Skutulsfirði.

*Fram koma meðal annars: Nóló, Retro Stefson, Reykjavík!, Snorri Helgason og Appolló.*



Opið laugardag og sunnudag í Skeifunni og á Glerártorgi
BT
Skemmtun fyrir innipúkana!
8.999
Playstation 3
120GB
67.999
69.999
250GB
77.999
79.999
Blu-ray Disc
spilað & skilað
Skilaðu inn 3 stk. spiluðum PS3 leikjum eða fleiri og þú færð 25% hærra verð fyrir!
Nintendo Wii
Wii Sports Resort
Fylgir
44.999
Hvít Nintendo wii
44.999
Svört Nintendo wii
Acer Aspire
acer
AS5551-2805
AMD Athlon II Dual-core örgjörvi P320
Chipset: AMD M880G
4GB DDR3-1066 (stækkanlegt í 8GB)
15.6" WXGA (1366 x 768)
ATI Radeon HD4250 skjástýring
500GB 5400rpm diskur
Windows 7 Home Premium 64-bit
Var að lenda!
119.999
Ertu farinn að huga að skólanum?
Acer Timeline X
acer
AS5820T-5951
Intel Core i3-350M örgjörvi
4GB DDR3-1066 (stækkanlegt í 8GB)
15.6" WXGA (1366 x 768) LED backlight
320GB 5400RPM diskur
6-cell Lithium ion rafhlaða
með allt að 8 tíma endingu
Vegur aðeins 2.4 kg
Windows 7 Home Premium 64-bit
Var að lenda!
149.999
Flakkari
Verbatim
VE4715
1TB USB 2.0
1TB
17.999
22.999
Hugbúnaður
Office 2010 Home and Student
17.999
14.999 með tölvu!
Tölvuskjár
BenQ
Benq 24"
TTJV22BG2222HDL
full hd skjár
Full HD
34.999
...eitthvað fyrir hetjurnar líka!
MP3 spilari
Coby MP3 spilari
2.0" bjartur LCD skjár
8GB minni (ca.2500lög)
FM útvarp með stöðvaminni
Spilar tónlist,video og ljósmyndir
MP3 / WMA / MPG / VOB
MPEG4 / AVI / FLV / WMV
Rafhlöðuending allt að 11 klst.
8GB
14.999
17.999
Myndavél
SAMSUNG
SAEC-ES55ZPBP
10.2 milljón pixlar
3 x aðráttarlinsa (35-105 mm)
ISO (80 –1600)/Macro(10cm)
2.5" LCD skjár
Meti lokuhraði 1/1500 sek
Face Detection
Optical Image Stabilization
19.999
24.999
HD tökuvél
SAMSUNG
Full HD tökuvél
SAHMX-H200BP
Full HD upptaka
20x optical zoom
BSI cmos myndflaga
2.7" snertiskjár
4.7mp myndataka
69.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opið 10.00-19.30 Versluna

ÓDÝRAR OG GÓÐAR BÓNUSSAMLOKUR !

**139** KR. STK
SAMLOKA MEÐ TÚNFISKSALATI
SAMLOKU-HEILSUBITI
SAMLOKA MEÐ RÆKJUSALATI

10% afsláttur við kassann

**998** KR. KG
*TILBÚIÐ Á GRILLIÐ!*
KONÍAKSLEGNAR GRÍSAKÓTILETTUR

**295** KR. BOX
BÚRFELLS HANGIÁLEGG 143g/ CA. 11 SNEIÐAR

**89** KR.PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK

**95** KR.PK
MARYLAND KEX 150G

**139** KR.PK
FJÖGUR RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ

**111** KR.PK
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK

CA 300 KR. PAKKINN
**598** KR. KG
BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
25% AFSLÁTTUR

MYLLU SKÚFFUKAKA
**298** KR.STK
MYLLU SÚKKULAÐI-SKÚFFUKAKA 380G

**59** KR.250ml

**129** KR. 4 STK
HEIMA EINNOTA GRILLBAKKAR 4 STK

**398** KR. 2 FL.
HUNTS 2 PK TÓMATSÓSA 680G
HUNTS BBQ SÓSA 612 ML

*HEIMA:* **EINNOTA KOLAGRILL**

| | |
|---|---|
| Grill 30 x 22 sm: | 359 kr. |
| Grill 30 x 46 sm | 698 kr. |
| Grillvökvi 1 ltr. | 379 kr. |

**195** KR.PK
BKI KAFFI 250 GR

**159** KR.PK
EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR 200G

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B

# rmannahelgin byrjar í Bónus

129
KR. 2 ltr.

598
KR.KIPPAN
SEX COKE 1/2 LTR. PLASTFLÖSKUR
COKE OG COKE LIGHT
99 KR. FLASKAN

249
KR.PK
PRINGLES SNAKKFLÖGUR 165g

139
KR. 3 fern
BÓNUS HREINN ÁVAXTASAFI 3 x 250ml

598
KR.3 PK
GÓU ÞRENNAN
PRINS-ÆÐI-HRAUN ***199 KR. PAKKINN !***

69
KR.500ml

159
KR.500ml
VINSÆLASTI ORKUDRYKKURINN Í BÓNUS

BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG
198
KR.STK
DUGAR Í 13 SAMLOKUR
*AÐEINS 15,2 KR. SAMLOKAN*

198
KR.PK
DORITOS SNAKK 165G

## SÆLGÆTIS-BARINN

*ENGINN AFSLÁTTUR*
BARA LÁGT VERÐ
ALLA DAGA
898 KR.KG.

198
KR.PK
BÓNUS SNAKK 4 TEG.- 160G

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvert er hlutverk stjórnmálamanna?

# Umgjörðin á að vera í lagi

Sumar starfsstéttir hafa á sér verra orð en aðrar. Þannig heyrast til dæmis oft hnútuköst í garð lögfræðinga. Sjálfsagt á það rót sína í því að til þeirra leitar fólk helst í vandræðum þar sem óvíst er að allir gangi jafnsáttir frá borði. Oftast er samt um góðlátlegt grín að ræða.

Ein er þó sú starfsstétt sem á sér hefur enn verra orð, en það eru stjórnmálamenn. Sjálfsagt er þar mörgu um að kenna, þótt nærtækt kunni að vera að benda á að stéttin hafi augljóslega ekki staðið sig vel í ljósi þess hvernig fyrir þjóðinni er komið.

SKOÐUN



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Þessi hópur fólks er í þeirri undarlegu stöðu að eiga atvinnu sína undir reglulegri vinsældamælingu í kosningum og kunna þar augljóslega að rekast á persónulegir hagsmunir og almannahagur þegar kemur að því að taka afstöðu í erfiðum málum. Undir þessu stendur fólk misvel og það kemur berlega í ljós í árferði sem þessu.

Í moldviðri umræðunnar, þar sem sífellt skjóta upp kollinum „ný og vafasöm" mál sem blása lífi í þá elda vantrausts sem víða brenna á fólki, má greina ólíkar gerðir stjórnmálamanna. Fullalgeng er tegundin sem stekkur til og vill með misgáfulegum hætti bregðast við aðsteðjandi vanda og hendir þá gjarnan á lofti missannar fullyrðingar sem kastað hefur verið fram.

Dæmi um slíkt mál hlýtur að vera kaup Magma Energy á HS Orku. Í svörum við spurningu sem Capacent Gallup lagði fyrir viðhorfahóp sinn að beiðni Teits Atlasonar bloggara kemur fram að 85 prósent kváðust á móti því að útlendingar gætu keypt íslenskar náttúruauðlindir. Í blogginu er enn fremur kallað eftir því að fjölmiðlar „taki við sér" og rannsaki hverjir standa á bak við Magma Energy. Ákallið endurspeglar umræðu liðinna daga. Þó hefur verið vitað allan tímann að félagið er skráð á hlutabréfamarkað í Kanada. Meira að segja væri íslenska ríkinu frjálst að gera í það tilboð, félag, sem vel að merkja er ekki að kaupa náttúruauðlindir landsins, heldur leigir þær til hundrað ára eða svo og greiðir landeigendum sem nemur 70 milljónum króna á ári fyrir.

Óskandi væri að önnur tegund stjórnmálamanna reyndi nú að gera sig gildandi í umræðunni, hvar í flokki sem hún annars stendur. Tegundin sem veit að hlutverk hennar er að smíða umgjörðina sem landsmenn og fyrirtæki starfa eftir. Ef lög um orkugeirann eru í lagi þá skiptir minna máli hver á fyrirtækin sem þar starfa. Vísast var tekið skref í rétta átt við að laga þá umgjörð þegar tryggt var sumarið 2008 með breytingu á lögum að ríki, sveitarfélög og opinber fyrirtæki, mættu ekki selja frá sér orkuauðlindir. Mögulega má gera betur, en það er á þessum vettvangi sem slagurinn á að standa. Ekki í gerræðislegum inngripum og handahófskenndri ákvarðanatöku.

Núna er vert að leggja á minnið hvaða stjórnmálamenn það eru sem helst bregðast við ytra áreiti í vinsældakapphlaupinu og hverjir það eru sem reyna að búa í haginn til framtíðar með almannahag að leiðarljósi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Gerber og Nestlé barnamatur kynna með stolti




Allir elska börnin

BABIES

Gerber
Því lengi býr að fyrstu gerð

Nestlé
Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið

Frumsýnd í Smárabíói og Háskólabíói 21. júlí

græna ljósið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt Sigurjóni að kenna

Björgólfur Thor Björgólfsson var í viðtali í Viðskiptablaðinu í gær. Þar gagnrýnir hann Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, harðlega, segir hann bera ábyrgð á því hversu illa fór. Sigurjón hafi tekið alltof mikla áhættu, rekið einsleita lánastefnu, ekki valið hæfustu menn til starfa í bankann og ausið fé í Jón Ásgeir Jóhannesson. Hann hafi kvartað mikið undan honum.



### Gat ekkert gert

Björgólfur segist ekki hafa getað vikið honum úr starfi í krafti eigendavalds; það hefði komið mörgum spánskt fyrir sjónir ef skipt hefði verið um stjórnendur þegar allt gekk vel á yfirborðinu; það hefði litið út eins og geðþóttaákvörðun og færa þarf sterk rök fyrir því að skipta um stjórnendur. „Þetta var flókið mál," segir hann. Til hvers að eiga banka, ef þú getur ekki einu sinni haft áhrif á það ef þú telur honum illa stjórnað?



### Dugmikið fólk

Frjálshyggjufélagið heitir félagsskapur sem aðhyllist í orði kveðnu kenningar frjálshyggjunnar um frelsi einstaklingsins og friðhelgi einkalífs hans. Frjálshyggjufélagið mótmælir til dæmis opinberum álagningarskrám skattstjóra og spyr: „Hvers vegna má dugmikið eljusamt fólk ekki eiga sínar tekjur í friði fyrir hnýsnu fólki?" Þá má spyrja á móti: Hvers vegna má tekjulágt fólk ekki eiga sínar tekjur í friði fyrir hnýsnu fólki að mati Frjálshyggjufélagsins? Er sá réttur takmarkaður við þá eignameiri?

bergsteinn@frettabladid.is

HALL-




# Meirihluti fyrir aðildarviðræðum

Evrópumál



Elvar Örn Arason
stjórnmálafræðingur

Aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið sem hófust formlega í þessari viku er stór og merkur áfangi. Upp á síðkastið hafa heyrst háværar raddir í samfélaginu sem segja að það beri að draga umsóknina til baka sökum þess að ekki sé lengur meirihluti á Alþingi fyrir aðildarviðræðum.

Umsókn Íslands að Evrópusambandinu var eitt af aðalkosningamálunum fyrir síðustu kosningar. Þrír stjórnmálaflokkar, Samfylking, Framsóknarflokkurinn og Borgarahreyfingin, voru með það á stefnuskrá sinni að sækja um aðild að ESB og að aðildarsamningurinn yrði í kjölfarið lagður í hendur þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessir þrír flokkar fengu góða kosningu, eða samtals 33 þingmenn, og höfðu styrk til að mynda meirihlutastjórn. Skilaboð kjósenda eftir síðustu kosningar voru skýr, meirihluti kjósenda vildi sækja um aðild að ESB og fá úr því skorið hvað stæði til boða. Forystumenn Framsóknarflokksins og Borgarahreyfingarinnar verða að skýra stefnubreytingu sína í afstöðunni til ESB fyrir kjósendum sínum.

Í stjórnarmyndunarviðræðum Samfylkingarinnar og VG náðist sátt milli flokkanna um að leggja inn umsókn að ESB. Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarsamninginn er sáttaleið og eina færa leiðin til að leiða málið til lykta á farsælan hátt. Það er einkennilegt að ekki sé hægt að ná þverpólitískri sátt um að ljúka samningaferlinu og ná sem bestum samningi fyrir Ísland sem verður lagður í hendur þjóðarinnar. Bæði þeir sem eru hlynntir og andvígir aðild að ESB ættu að fagna því að þjóðin fái loksins tækifæri til að kynna sér málin og taka afstöðu. Ísland er eina landið á Norðurlöndum sem ekki hefur haldið þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mikilvæga mál. Það má alveg eins færa rök fyrir því að það séu svik við íslensku þjóðina ef hún fær ekki að hafa lokaorðið í þessu máli

Það er algjörlega fáheyrt að ríki dragi umsókn sína til baka eftir rúmlega árs undirbúning og slíkt myndi hafa mjög slæmar afleiðingar fyrir efnahag og trúverðugleika landsins út á við. Umsókn að ESB er staðreynd og samningsferlið er hafið – fait accompli. Í framhaldinu þarf að huga að næstu skrefum sem er að ná eins góðum samningi og mögulegt er. Að lokum er það þjóðin sem mun hafa síðasta orðið.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Tussuskítt

**Í DAG**



Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur

Af hinum móðursýkislega ótta í garð erlendra fjárfestinga hérlendis hefði mátt halda að Íslendingar hefðu á undanförnum árum verið leiknir grátt af slíku. Varð hrun fjármálakerfisins að tilstuðlan gráðugra útlendinga sem blóðmjólkuðu þjóðina og hurfu svo? Nei. Það voru íslenskir fjárfestar sem keyrðu hagkerfið í kaf meðan íslensk stjórnvöld geispuðu úr leiðindum.

Þegar ríkisbankarnir voru einkavæddir voru einhverjir erlendir fjárfestar sem sýndu þeim áhuga. En þær hugmyndir voru kæfðar í fæðingu. Ekki gekk að útlendingar myndu eignast íslenska banka. Það var gríðarlega mikilvægt að slík þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki kæmust ekki undir erlend yfirráð. Útlendingarnir myndu ekki hafa sömu tilfinningalegu tengslin við Ísland og myndu bara stjórnast af græðgi, en ekki ást sinni á landi og þjóð eins og íslensku eigendurnir.

Bankarnir héldust því í íslenskri eigu. Sifjaspellshagkerfinu var bjargað en afkvæmi þess urðu ekki langlíf.

Í grundvallaratriðum er andstaðan við erlendar fjárfestingar ekki alger og ætli ríkisstjórnin haldi því ekki fram á góðum dögum að hún vilji meira að segja laða erlenda fjárfesta til landsins. En bara ekki í hvaða tilgangi sem er! Það þykir kannski allt í lagi að útlendingar fjárfesti í íslenskum hugbúnaði eða byggi matvöruverslanir, en að þeir vogi sér að fara reisa virkjanir eða veiða fisk! Það er fásinna!

Nú eiga Íslendingar mikið af fiski og mikið af rafmagni en fáa neytendur og fáa forritara svo að það gefur augaleið hvar stærri sóknarfærin liggja. En íslenska fjárfestingastefnan virðist vera þessi: Við viljum alveg að útlendingar fjárfesti hér á landi, nema ef það er vit í því.

Þá viljum við gera það sjálf.

Auðvitað má heldur ekki missa vatn yfir hverri einustu erlendu fjárfestingu sem á fjöruna rekur. Erlendi fjárfestirinn er auðvitað almennt séð enginn ástarengill, heldur einungis aðili sem á peninga og vill gera eitthvað og græða á því. En svo vill einmitt til um þessar mundir að okkur vantar peninga og okkur bráðvantar líka að eitthvað fari að gerast.

Erlendi fjárfestirinn kemur frá útlöndum. Útlönd eru stór og þar eru margir hlutir sem erlendi fjárfestirinn getur fjárfest í svo að allt tal um að hann ásælist hitt eða þetta hérlendis er hreinasta kjaftæði. Það er almennt ekkert sérlega erfitt að hrekja erlenda fjárfesta frá landi. Oftast dugar að láta vita með mislúmskum hætti að nærveru þeirra sé ekki óskað. Fáir vilja stunda viðskipti í ríki þar sem stjórnvöld eru þeim óvinveitt.

Erlendi fjárfestirinn veit nefnilega að ef ríkisstjórn landsins vill leggja stein í götu hans þá mun henni takast að gera það. Gildandi lög og reglur eru bitlaus vopn í baráttu við þá sem geta breytt lögunum og sjá svo um framkvæmd þeirra. Þess vegna eru traust stjórnvöld, heilbrigt lagaumhverfi og stöðugt réttarfar líklega ekki síðri gæði í hugum fjárfesta heldur en efnislegar auðlindir. Því hvaða vit er í því að fjárfesta í einhverri blessaðri jarðvarmavirkjun ef menn fá upp á móti sér ríkisstjórn sem ætlar að setja á fót einhvern rannsóknarrétt til að finna eitthvað ólöglegt við kaupin? Auðvitað mun hún svo breyta einhverjum lögum afturvirkt og þjóðnýta allt að lokum. Til hvers að standa í slíku rugli?

Ekki það að ég ætli svo að dæma opinbera starfsmenn of hart fyrir að nota djammtungumál í tölvupóstum sem þeir senda eða hyggjast senda sín á milli. Sjálft innihald póstsins sem aðstoðarmaður menntamálaráðherra sendi óvart á erlendan blaðamann er nefnilega þess eðlis að í öðru ríki hefði það kallað á uppsögn á innan við korteri.

Skilaboð út í heim eru: „Á Íslandi starfar ríkisstjórn, með herkjum þó. Þessi varla starfandi ríkisstjórn áskilur sér rétt til að skoða allar erlendar fjárfestingar eftir að þær hafa átt sér stað og meta hvort þær eigi að standa eða ekki. Gildandi lög munu ekki ráða úrslitum við þá ákvörðun heldur skoðun nokkurra afturhaldsseggja í öðrum stjórnarflokkanna. Stjórnsýslan á bak við stjórnina samanstendur síðan af kjaftforum stráklingum sem kunna ekki að senda tölvupóst.“

Ísland þarf erlendar fjárfestingar en íslenska ríkið vill þær ekki. Og það er skítt. Tussuskítt.

> Erlendi fjárfestirinn er auðvitað almennt séð enginn ástarengill, heldur einungis aðili sem á pening og vill gera eitthvað og græða á því. En svo vill einmitt til um þessar mundir að okkur vantar pening og okkur bráðvantar líka að eitthvað fari að gerast.

**AF NETINU**

### Hvalfjarðargöngin

„Lengi getur vont versnað. Nú er komið í ljós að Hvalfjarðargöngin, stolt Íslendinga, eru verstu og hættulegustu göng Evrópu! Félag þýskra bifreiðaeigenda (ADAC) hefur gert mikla úttekt á göngum á Evrópu og komist að þessari niðurstöðu. [...] Hvernig væri að fá Þjóðverja til að taka út aðra þætti íslensks samfélags, svo sem stjórnsýsluna, embættismannakerfið, störf Alþingis, mennta- og heilbrigðiskerfið, bara svona til að byrja með.“

http://blog.eyjan.is/andrigeir/

**Andri Geir Aðalbjarnarson**

### Loðin orð hægri stjórnar

Samkomulag ríkisstjórnarinnar um Magma er loðið eins og kölski sjálfur. Þar er orðalag án innihalds: „Að vinda ofan af einkavæðingu“, „tryggja eftir megni“, „grundvallarstefna“. Samkomulagið er orðað til að svíkja. Í stað þjóðareignar er þvoglað um „meirihlutaeign“ og „forræði“. Þetta er sama liðið og sveik loforðið um fyrningu aflaheimilda. Markmið samkomulagsins er að friða uppreisnarfólk Vinstri grænna, er hrósar núna hálfum sigri, sem enginn er. Ég sé ekki lengur nokkurn mun á þessari ríkisstjórn og þeim ríkisstjórnum, sem hrunverjar skipuðu. Þetta er róttæk hægri hrunstjórn.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

# Álagningarseðillinn

**Skattamál**

Atli Þór Þorvaldsson
meistaranemi í reikningsskilum og endurskoðun við HÍ.
ath113@hi.is



Rúnar Steinn Ragnarsson
meistaranemi í skattarétti og reikningsskilum við HÍ.
rsr7@hi.is



Í lok júlí fá einstaklingar heimsenda álagningarseðla vegna tekjuársins 2009. Nokkrum dögum fyrr, þann 27., var hægt að nálgast upplýsingar um álagninguna á netinu, á www.rsk.is. Samkvæmt lögum um tekjuskatt bera allir menn búsettir á Íslandi fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér nema þeir séu sérstaklega undanþegnir. Einnig þurfa einstaklingar búsettir erlendis að svara takmarkaðri skattskyldu af tekjum sem þeir afla hér á landi. Ein mikilvægasta forsendan fyrir réttlátu og sanngjörnu skattkerfi er að allir greiði þá skatta sem þeim ber.

Mánaðarleg staðgreiðsla launamanna er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári sem síðan er gerð upp við álagningu á skattári. Allir skattskyldir aðilar skulu telja fram tekjur sínar á síðastliðnu ári og eignir í árslok. Framtalsskylda hvílir á hverjum manni og einnig á stjórnum lögaðila.

Í upphafi hvers árs ákveður ríkisskattstjóri frest skattaðila til að skila framtali. Í ár var skiladagur fyrir einstaklingsframtöl 26. mars en framtöl lögaðila var 31. maí. Að liðnum framtalsfresti leggur ríkisskattstjóri tekjuskatt á skattaðila skv. framtali hans. Almennt er ríkisskattstjóra ekki heimilt að breyta framtali skattaðila, nema í ljós hafi komið tilteknir annmarkar á því, og að ríkisskattstjóri hafi gefið skattaðila kost á að tala máli sínu og gæta hagsmuna sinna skv. andmælareglu stjórnsýslulaga. Hafi skattaðili ekki skilað framtali sínu innan tilskilins framtalsfrests skal ríkisskattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru.

Ef einstaklingar eða fyrirtæki telja að álagður skattur þeirra sé rangur geta viðkomandi kært álagninguna til ríkisskattstjóra. Kærufrestur er 30 dagar frá dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu sé lokið. Kæran skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Ríkisskattstjóri skal úrskurða um kæruna innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests. Skv. lögunum er það sama stjórnvaldið, ríkisskattstjóri, sem ákvarðar bæði um álagningu og er úrskurðaraðili skattákvörðunar. „Veldur þetta nokkurri hættu á hlutdrægni, þar sem ríkisskattstjóri er hagsmunagæslumaður gjaldkrefjanda, þ.e. ríkissjóðs og viðkomandi sveitarstjórnar. Í skattframkvæmd er þó reynt að tryggja réttaröryggi aðila með því að koma í veg fyrir að sami starfsmaður ríkisskattstjóra leggi bæði skatta á aðila og úrskurði í ágreiningsmáli hans. Sinni viðkomandi skattyfirvald því ekki getur það valdið ógildingu á skattákvörðun þess.“

Úrskurði ríkisskattstjóra er hægt að kæra til yfirskattanefndar á næstu þremur mánuðum frá póstlagningu úrskurðarins. Yfirskattanefnd, æðsti úrskurðaraðili innan stjórnsýslunnar, er óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna. Kæran skal vera skrifleg og henni skal fylgja frumrit eða endurrit úrskurðar ríkisskattstjóra ásamt rökstuðningi fyrir kröfum skattaðila. Úrskurður yfirskattanefndar er bindandi og er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskylduna og skattstofnana má bera undir dómstóla.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekjuskatts né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans.

Hjón bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir. „Getur innheimtumaður ríkissjóðs því gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja og ábyrgjast þau skattana með öllum eignum sínum og skiptir ekki máli hvort eignin er séreign skv. kaupmála eða hjúskapareign.“

Ef einstaklingar eru í vafa um að álagning þeirra sé rétt fengin ættu þeir að leita aðstoðar hjá ríkisskattstjóra eða leita ráðgjafar hjá fagmönnum t.d. hjá endurskoðendum og skattasérfræðingum.

*Þessi grein er byggð á efni úr námskeiðinu Skattskil I við Háskóla Íslands.*

> Ef einstaklingar eða fyrirtæki telja að álagður skattur þeirra sé rangur geta viðkomandi kært álagninguna til ríkisskattstjóra. Kærufrestur er 30 dagar frá dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu sé lokið.

## Fundur með kröfuhöfum Kaupþings banka hf. 9. ágúst 2010

**Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun Kaupþings banka hf. boðar til kröfuhafafundar kl. 10:00 mánudaginn 9. ágúst 2010 á Grand Hótel Reykjavík að Sigtúni 38.**

Á fundinum verður rætt um mögulega framlengingu á heimild Kaupþings banka hf. til greiðslustöðvunar. Héraðsdómur Reykjavíkur veitti Kaupþingi banka hf. fyrst heimild til greiðslustöðvunar þann 24. nóvember 2008 og fól Ólafi Garðarssyni hrl. að gegna starfi aðstoðarmanns við greiðslustöðvun. Verði ákveðið að óska eftir áframhaldandi greiðslustöðvun fer þinghald fram í Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 13. ágúst 2010. Af þessum sökum og með vísan til laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., er aðstoðarmanni við greiðslustöðvun skylt að boða til fundar með kröfuhöfum bankans til að fjalla um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar.

Fundurinn mun ekki fjalla um lýstar kröfur á hendur Kaupþingi banka hf. né afstöðu slitastjórnar til lýstra krafna. Nýjar fjárhagsupplýsingar verða ekki lagðar fram á fundinum en vísað er í áður birtar og fyrirliggjandi upplýsingar í skýrslu fyrir kröfuhafa Kaupþings banka hf. á heimasíðu bankans: **www.kaupthing.com**

Á fundinum munu hvorki fara fram atkvæðagreiðslur né ákvarðanir teknar þar sem ekki er mælt fyrir um slíkt í lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Rétt til fundarsetu eiga þeir sem eiga kröfu á hendur Kaupþingi banka hf. Gert er ráð fyrir að fundurinn standi yfir í klukkutíma. Skráningarblað er að finna á heimasíðu Kaupþings: **www.kaupthing.com**

Ólafur Garðarsson hrl.,
aðstoðarmaður við greiðslustöðvun

KAUPTHING BANK

# „Ég dó líka en hjartað hætti ekki að slá“

Umferðaröryggi

Ragnheiður Davíðsdóttir
stuðningsmaður IOGT á Íslandi



Árleg byrði Íslendinga af neyslu áfengis og vímuefna er á bilinu 53-83 milljarðar samkvæmt útreikningum Ara Matthíassonar í meistararitgerð hans í heilsuhagfræði við HÍ. Tjónið vegna þessa vágests samsvarar 3-5% af allri landsframleiðslu. Í þessari athyglisverðu ritgerð Ara koma fram sláandi upplýsingar um tjón samfélagsins af áfengis- og vímuefnaneyslu landsmanna. Þar kemur fram að hvorki fleiri né færri en 48% af öllum banaslysum í umferðinni á árunum 2004-2008 megi rekja til ölvunar- og vímuefnaneyslu og 28% annarra umerðarslysa. Þar kemur einnig fram að rúmlega helmingur þeirra sem leituðu sér aðstoðar á bráðamóttöku LSH árið 2008 um helgar var undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

Þessar tölur eru sannarlega umhugsunarverðar og þá sérstaklega á þessum árstíma þegar mikill fjöldi landsmanna sækir hinar ýmsu hátíðir víða um land þar sem áfengi er notað óhóflega. Það má því velta því fyrir sér hversu margir verða fórnarlömb áfengis- eða vímuefnaneyslu þegar tölfræði verslunarmannahelgarinnar er skoðuð.

„Ég velti bíl undir áhrifum áfengis. Vinur minn dó og ég líka – nema hjartað mitt hætti ekki að slá.“ Þetta eru orð manns á miðjum aldri sem tvítugur tók áhættuna og ók bíl undir áhrifum áfengis með vin sinn sér við hlið. Þeir voru báðir ölvaðir og án bílbelta og köstuðust út þegar bíllinn valt. Annar þeirra lést frá konu sinni og ungu barni en hinn, ökumaðurinn, slasaðist svo alvarlega að hann býr við mikla líkamlega fötlun. Þessir ungu menn voru námsmenn í blóma lífsins og voru að skemmta sér úti á landi, rétt eins og fjöldi ungmenna mun gera um næstu helgi. Sá sem lifði slysið af hefur þurft að berjast við mikla fötlun og horfast í augu við brostnar vonir. Þá hefur hann þurft að glíma við sjálfsásökun og samviskubit en hvort tveggja eru oft afleiðingar þess þegar fólk veldur slysi sem leiðir af sér örkuml eða dauða annarra. Sumir hafa orðað það þannig að slíkan dóm sé aldrei hægt að afplána og sektarkenndin fylgi gerandanum alla ævi. Þessi ungi maður fyrirgerði einnig rétti sínum til slysabóta tryggingarfélagsins þar sem hann var ölvaður. Það er enn ein staðreyndin sem fólk vaknar upp við eftir að hafa valdið umferðarslysi undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Þá er þeir margir sem átta sig ekki á því að það getur einnig skert bótarétt farþega sem slasast í bíl með ölvuðum ökumanni þar sem viðkomandi farþegi er talinn taka þátt í áhættunni með því að setjast upp í bílinn. Það er því afar mikil áhætta fólgin í því að aka undir áhrifum áfengis eða vímuefna – bæði hvað varðar áhættuna af því að valda slysi og einnig hina fjárhagslegu áhættu – því sá ölvaði fær senda á sig svokallaða endurkröfu sem oft hefur farið afar illa með fjárhag fólks – sérstaklega ungmenna sem hafa ekki of mikil fjárráð.

Þótt okkur, sem berjumst gegn unglingadrykkju og ölvunarakstri, takist seint að koma í veg fyrir áfengisneyslu um þessa mestu ferðahelgi landsins, viljum við engu að síður hvetja fólk til þess að aka ekki undir áhrifum áfengis og gæta þess að fara ekki of snemma af stað á bíl daginn eftir drykkju. Þessi helgi er oft mikil örlagahelgi í lífi ungs fólks. Minningarnar eru oftast góðar – en geta snúist upp í harmleik þegar dómgreindin bregst. Best af öllu er þó víman sem kostar ekki krónu og allir sem hafa bílpróf í lagi geta notað undir stýri; víma gleði og hamingju án áfengis eða vímuefna.

Komum heil heim.

# Auðlindir og fjárfestingar

Auðlindamál

Einar D. G. Gunnlaugsson
tækniteiknari



Hvers vegna eru ekki betri þröskuldar til fyrirstöðu gegn fjárfestingum erlendra aðila í auðlindum okkar Íslendinga en raun ber vitni?

Varðandi síðustu fjárfestingar erlends aðila í orkugeiranum, sem stofnaði einfaldlega „skúffufyrirtæki“ í einu af EES-löndunum til að geta fjárfest á Íslandi í arðvænlegu orkufyrirtæki, en lög mæla svo fyrir að erlendir aðilar utan EES megi ekki fjárfesta í auðlindum Íslands eða neinu EES-landanna nema þeir eigi fyrirtæki á EES.

Stofnendur skúffufyrirtækisins hvorki hafa né munu hafa nokkurn rekstur í því landi sem skúffan er stofnuð í, þetta erlenda fyrirtæki greiðir einungis þóknun til einhverrar lögfræðistofu í viðkomandi skúffulandi til að sjá um skúffuna fyrir sig. Ég dreg einnig stórlega í efa að eigendur og stjórnendur hafi komið til skúffulandsins sjálfir.

Hefði þá ekki verið gáfulegt um leið og EES-samningurinn var gerður á sínum tíma, að setja einfaldan þröskuld með t.d. eftirfarandi texta:

„Þeir erlendu aðilar sem ætla að fjárfesta í íslenskum auðlindum, þurfa að hafa rekið fyrirtæki á EES í minnst 5 ár í því landi sem þeir eru lögaðilar í og þá hafa þeir einungis heimild til að fjárfesta ¼ í viðkomandi auðlindarfyrirtæki, svo sem orkuveitum, sjávarútvegsfyritækjum og landbúnaði. Ekki er leyfilegt að kaupa upp fyrirtæki til að öðlast þennan fárfestingarétt í auðlindum EES-landanna. Viðkomandi fjárfestir skal hafa rekið fyrirtækið í eigin nafni framangreind 5 ár. Viðkomandi fyrirtæki þess sem ætlar að fjárfesta í ofangreindum auðlindum, skal ekki vera að neinu leyti í eigu erlendra aðila.“

Varðandi ofangreint nýlegt dæmi um fjárfestingu erlends aðila í orkugeiranum læðist að mér sá grunur að innan ekki langs tíma muni Kínverjar eignast þennan hlut, og hvers vegna? Jú, hagstæð sala vegna stórhækkaðs gengis á fyrirtækinu. Það skyldi þó ekki hafa verið tilgangurinn frá upphafi að braska með eitt af fjöreggjum þjóðarinnar?

Hvers vegna eru ekki nú þegar til staðar þröskuldar sem stöðva alla bakdyraeignamyndun erlendra aðila eins og til dæmis síðustu gjörningarnir í þeim efnum þar sem kínverskir efnafjölskylda ætlar upp með að eignast 43% eignarhluta í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki?

Að lokum:

Er kannski svo komið að EES-samningurinn, og sá 63% reglugerðarhluti ESB sem þegar er búið að innleiða í íslenskt þjóðfélag, sé að koma illilega í bakið á okkur þar sem báðir þessir aðilar virðast vera hafnir yfir allt sem íslenskt er, þannig að við Íslendingar stöndum bara berskjaldaðir gagnvart því að geta varið okkar auðlindir sem gera okkur það mögulegt að búa hér frjáls í þessu landi okkar. Einnig má segja að viss vá sé fyrir dyrum gagnvart lýðræðinu í landinu þegar umræðan er komin á það stig að menn eru farnir að tala um nauðsyn þess að breyta íslensku stjórnarskránni til að samræma hana EES og ESB.




# Innritunarreglur í framhaldsskóla

Menntamál

Súsanna Margrét Gestsdóttir
kennari



Kæri Pawel,

Þú ert einn þeirra sem er ósáttur við nýjar innritunarreglur í framhaldsskóla landsins og finnur þeim allt til foráttu í grein sem birtist í Fréttablaðinu 16. júlí síðastliðinn. Mig langar hins vegar til að kalla eftir því að hugsandi fólk eins og þú hætti að skoða skólamál á Íslandi í gegnum hina þröngu linsu innritunar í framhaldsskóla og geri tilraun til að horfa yfir sviðið í heild. Okkur hafa nýlega borist uggvænlegar upplýsingar um að í tuttugu og níu Evrópulöndum ljúki hærra hlutfall ungmenna framhaldsskólanámi en á Íslandi. Við vitum að brottfall er mikið hér og þegar betur er að gáð leggur fólk oftast árar í bát í upphafi framhaldsskólagöngu. Ennfremur sýna rannsóknir að þar er ekki einungis námsörðugleikum um að kenna heldur kemur fleira við sögu. Ekki þarf sérfræðimenntun til að koma auga á að eitthvað er bogið við skólamál hérlendis og áríðandi að ráða þar bót á, án þess að láta fordóma byrgja sýn.

Vissulega getur verið sárt fyrir ungling að komast ekki í þann skóla sem hann óskar helst en það hindrar hann ekki á leið sinni til mennta. Öllum sem ljúka grunnskólanámi er nefnilega séð fyrir skólavist og ég fullyrði að engum þeirra er vísað í lélegan skóla. Mun meira áhyggjuefni er sá stóri hópur ungs fólks sem af einhverjum ástæðum missti af lestinni á sínum tíma, er nú tilbúið að hefja framhaldsnám en fær ekki tækifæri til þess. Í þeim framhaldsskóla sem ég starfa við urðum við að hafna, annað árið í röð, umsóknum hátt í fjögur hundruð manna, átján ára og eldri, sem óskuðu eftir skólavist. Á sama tíma taka margir undir það viðhorf að menntun sé lykilþáttur í að leiða þjóðina út úr kreppunni. Þetta álít ég mun brýnna umhugsunarefni en vonbrigði þeirra sem komust ekki í þann skóla sem þeir vildu helst.

Nú sýnist mér af lestri greinar þinnar að þú viljir sannarlega að allir eigi jafna möguleika á að komast inn í hvaða skóla sem er og sért því ekki beinlínis að mæla fyrir því gamalgróna hlutverki skólanna að vera félagsleg skilvinda sem flokki þjóðfélagsþegnana til framtíðarstarfa. Þú heldur því hins vegar fram að nýju innritunarreglurnar hindri „eðlilega fjölbreytni í skólakerfinu“. Þetta er alrangt. Eftir að hverfaskipting var afnumin hefur nemendahópur margra skóla orðið sífellt einsleitari. Það hefur í för með sér að í þeim skólum kynnast nemendur einungis „sínum líkum“, þ.e. fólki með svipaðan bakgrunn og sambærileg framtíðaráform. Þetta þekkjum við mætavel frá liðnum öldum þegar embættismenn landsins voru allir skólabræður frá sömu tveimur menntastofnunum. Að einhverjir óski þess að svo megi ennþá vera á 21. öldinni vekur hins vegar furðu og ég hef miklar efasemdir um að það sé þjóðarbúinu farsælt til frambúðar. Ég nefni sem dæmi hvort það sé sæmandi í lýðræðisríki þar sem jafnrétti þegnanna er leiðarstef að safna nemendum af erlendum uppruna saman í tvo eða þrjá framhaldsskóla sem eru reiðubúnir að veita þeim þann stuðning sem nemendur með íslensku sem annað mál þarfnast. Hverjar eru langtímaafleiðingar þess að stórir hópar útskrifast úr einstökum framhaldsskólum án þess að hafa nokkurn tíma leyst verkefni við hlið þeirra sem tala íslensku með erlendum hreim? Eru menn líklegir til að umgangast hver aðra sem jafningja í framtíðinni? Fjölbreytnin eykst með því að tæpur helmingur nýnema í hverjum Reykjavíkurskóla komi úr nágrenninu en sé ekki eingöngu valinn inn samkvæmt þeim takmörkuðu upplýsingum sem einkunnir veita. Nauðsynlegt er að skólunum sé jafnframt lögð sú skylda á herðar að þjóna fjölbreyttari nemendahópi og koma til móts við margslungnar þarfir, án þess að slá í neinu af námskröfum. Eins og fram hefur komið er bráðnauðsynlegt að leita leiða til að hjálpa nemendum að fóta sig í upphafi framhaldsskólagöngu svo að draga megi úr óviðunandi brottfalli.

Stundum ber ekki á öðru en að almennt ríki löngu úrelt viðhorf í menntamálum hér á landi sem birtast m.a. í hinni yfirborðskenndu umræðu um hvaða skólar séu þess virði að sitja í þeim. Það er ábyrgðarhluti að taka undir þann kór án þess að varpa í leiðinni fram þeirri spurningu hvernig menntun þjóni ungu fólki og þar með samfélaginu best. Sjónarmið fjölmenningar þar sem ólíkir hæfileikar allra fá að njóta sín vegur þungt enda gerir atvinnulífið æ ríkari kröfu um samskiptahæfni og að fólk geti unnið með hverjum sem er. Mörg verkefni bíða okkar sem störfum í íslenska skólakerfinu en ég er sannfærð um að breyttar innritunarreglur í framhaldsskóla eru skref í rétta átt.

Með bestu kveðjum frá gamla sögukennaranum þínum.

Súsanna Margrét Gestsdóttir.



**TRAKTORSTORFÆRA** og furðubátakeppni eru fastir liðir á Flúðum um verslunarmannahelgina. Um helgina verða ýmsar skemmtilegar uppákomur fyrir alla fjölskylduna.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









Auður gefur uppskrift að kjötbollum sem hún hefur þróað sjálf.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Var kennt að láta vaða

**Auður Viðarsdóttir bauð hljómsveitarmeðlimum Nóru upp á kjötbollur á tónleikaferðalagi fyrr í sumar. Hún hefur verið að prófa sig áfram í eldhúsinu að undanförnu á milli þess sem hún spilar og syngur.**

„Ég gerði uppáhaldsmatinn minn sem eru kjötbollur. Þetta er uppskrift sem ég þróaði sjálf úr fullt af kjötbolluuppskriftum,“ segir Auður Viðarsdóttir, söngkona og hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Nóru.

Nóra hefur verið á ferð og flugi undanfarið. „Ég var komin með ógeð á vegasjoppuhamborgurum þannig að ég gerði kjötbollur og sósu og setti í box og tók með til Keflavíkur. Við fengum okkur öll kjötbollu áður en við förum að spila,“ segir Auður en hljómsveitin tók vel í matargerð Auðar.

Auður hefur verið að prófa sig áfram í eldhúsinu að undanförnu en á milli þess sem hún spilar og syngur með Nóru er hún í fæðingarorlofi. „Kærastinn minn er kokkur og breytti mjög viðhorfi mínu í eldhúsinu því ég kunni ekkert að elda. Hann er búinn að kenna mér að láta bara vaða, það er mjög skemmtilegt.“

Nóra spilar á Innipúkanum á morgun.

*martaf@frettabladid.is*

## LITLAR KJÖTBOLLUR AUÐAR Í NÓRU

með rauðri sósu – 40 stykki

500-600 g hakk
100 g muldar kasjúhnetur
1 egg
1 lúka af ferskum, söxuðum kóríander
1/2 saxaður laukur
2 söxuð hvítlauksrif
2 tsk. Dijon-sinnep
Rifinn börkur af einni sítrónu
Nóg af salti og pipar
Annað krydd eftir smekk

**Aðferð:**
Saxið það sem þarf að saxa og setjið í skál ásamt hakki, eggi, sinnepi, sítrónuberki og kryddi. Hægt er að saxa hneturnar smátt eða mylja þær með töfrasprota eða matvinnsluvél. Blandið öllu vel með höndunum. Kryddið vandlega, mótið litlar bollur og setjið á bökunarplötu. Bakið við 180 til 200 gráður í sex til átta mínútur.



**Rauð sósa:**
1 saxaður laukur
1 saxað rautt chili
1 dós maukaðir tómatar
2-3 tsk. tómatpúrra
1 tsk. agavesíróp
Smá safi úr sítrónu
Grænmetis- eða kjúklingakraftur
Salt og pipar
Vatn til að þynna

**Aðferð:**
Saxið lauk og chili og steikið í potti með olíu. Hellið maukuðum tómötum út í og bætið við tómatpúrru, sítrónusafa, sírópi, krafti og kryddið vel eftir smekk. Látið malla í um fimm til tíu mínútur og bætið vatni við eftir þörfum til að þynna sósuna. Hægt er að saxa kóríander og setja ofan á í lokin.







# HELGIN

**SÆLUDAGUR** í sveitinni er hátíð sem haldin hefur verið um verslunarmannahelgina undanfarin ár í Arnarneshreppi í Eyjafirði. Til Arnarneshrepps teljast meðal annars Hjalteyri og Möðruvellir.





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Fyrst voru um hundrað manns sem hittust í Heiðmörk í nokkra klukkutíma en nú er þetta orðið eins og hjá Íslendingum, við erum með tjöld og húsbíla og gistum í tvær nætur," segir Petra, formaður Taílensk-íslenska félagsins, um sumarhátíðina.

# Sölubásar, leikir og dans

**Taílensk-íslensk útihátíð verður við íþróttahúsið á Hellu um helgina. Þar verður markaðsstemning því margir sölubásar verða á svæðinu og gestir skemmta sér við leiki, tónlist og dans. Allir eru velkomnir.**

„Í dag er fólk að koma sér fyrir, hittast, hella upp á könnuna, spila tónlist og dansa," segir Petcharee Deluxsana, kölluð Petra. Hún er formaður Taílensk-íslenska félagsins sem stendur fyrir sumarsamkomu við íþróttahúsið á Hellu um helgina. „Aðalhátíðin verður á morgun, laugardag," heldur hún áfram. „Þá byrjum við með búddasamkomu milli tíu og ellefu og klukkan eitt verður matarsala, kaffi og markaðsstemning því margir ætla vera með bása og selja mat, fatnað, skartgripi og ýmiss konar skraut. Síðan tekur við íþróttakeppni og leikir, meiri músík og meiri dans. Á Hellu búa frænkur sem sýna oft hefðbundna taílenska dansa og eru líka góðar í að gera grín að sjálfum sér og draga fram spaugilegar hliðar á lífinu. Það verður rosalega gaman hjá okkur og í þetta sinn er hátíðin opin öllum."

Petra segir svona taílensk-íslenska sumarhátíð hafa verið haldna árlega í tíu ár á mismunandi stöðum. „Við erum dreifð um landið og reynum að heimsækja hvert annað. Því hafa hátíðirnar verið haldnar á Akureyri, í Skagafirði, Grindavík og víðar. Nú ætlum við að vera á Hellu því um 30 manns frá Taílandi eru skráðir í sveitarfélaginu þar." Hún segir sumarsamkomuna hafa farið smástækkandi ár frá ári. „Fyrst vorum við um hundrað manns sem hittumst í Heiðmörk í nokkra klukkutíma um miðjan dag en nú er þetta orðið eins og hjá Íslendingum, við erum með tjöld og húsbíla og gistum í tvær nætur. Í fyrra voru tæplega þrjú hundruð manns, samt var sú hátíð ekki eins opin og þessi sem er núna."

Anna Ólafsdóttir, ræðismaður Taílands, er ánægð með starfsemi Taílensk-íslenska félagsins sem hún segir öfluga. „Mér finnst ástæða til að halda því á lofti þegar innflytjendur og ríkisborgarar af erlendum uppruna eru að fást við uppbyggilega hluti. Taílendingum til hróss heyrði ég fulltrúa frá fangelsismálayfirvöldum segja frá því á ráðstefnu um málefni jaðarhópa á Íslandi að Taílendingar lendi svo gott sem ekki í fangelsi hér á landi. Þeir virðast ná að lifa hér góðu lífi í sátt við okkar menningu. Einnig finnst mér aðdáunarvert hve unglingar í samfélagi þeirra eru fúsir til að taka þátt í skemmtunum fullorðinna. Þeir eru duglegir og drífandi og leggja sitt af mörkum."

*gun@frettabladid.is*




Taílendingar á Íslandi setja lit á samfélagið. MYND/ÚR EINKASAFNI


# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR VESTURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 21 stað á Vesturlandi og 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði




Allt sem þú þarft...




Sandurinn á ljósu ströndinni við Holt getur tekið á sig ýmsar myndir og er kastalaformið ekki heilagt.

# Keppt í kastalagerð

**Árleg sandkastalakeppni verður haldin á morgun á ljósu ströndinni við Holt í Önundarfirði.**

Liðinn er meira en áratugur síðan fyrsta sandkastalakeppnin á ljósu ströndinni við Holt í Önundarfirði fór fram, en hún er ávallt haldin um verslunarmannahelgina. Keppnin hefur notið vinsælda frá upphafi og er iðulega vel sótt, en fjöldi þátttakenda hefur verið á bilinu 200-500 manns og fer það mikið eftir veðri hversu margir mæta til þess að gera sér glaðan dag í sandinum.

Sandkastalakeppnin er tilvalin fyrir alla fjölskylduna sem getur þarna sameinast í listsköpun og leik og því um að gera að sækja Önundarfjörð heim fyrir þá sem heldur vilja pásu frá stórhátíðum verslunarmannahelgarinnar. Ekki spillir svo fyrir ef sólin heiðrar Önfirðinga og gesti þeirra. *- jbá*

# Tónlistarveisla

**Ólíkir heimar mætast í Skálholti um verslunarmannahelgina.**

Í Skálholti mætast ólíkir heimar í skemmtilegri tónlistarveislu Sumartónleikaraðar Skálholts um verslunarmannahelgina.

Á laugardaginn verður boðið upp á þrenna tónleika og hefjast þeir fyrstu kl. 15.00 og tónleikahelginni lýkur svo með tónleikum á mánudag kl. 15.00.

Enginn aðgangseyrir er að tónleikunum og því ættu tónlistarunnendur að geta gert góða ferð í Skálholt þar sem alls kyns tónlist mun hljóma á 35 ára afmæli Sumartónleika í Skálholti. *- jbá*



Af nógu verður að taka í Skálholti um helgina.

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 30. júlí 2010



Ásthildur og Jófríður Ákadætur spila með hljómsveit sinni á Innipúkanum.

# SKRIFA EKKI UM ÁSTINA

+ BENNI B-RUFF SEMUR NÝTT LAG + NÝ VERSLUN Á LAUGAVEGI
FRÁBÆR FÖSTUDAGUR HJÁ ÞORBJÖRGU HELGU + TOPP TÍU





FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

Kr. 87.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ allt er gott í hófi

## ALFREÐ FINNBOGASON FÓTBOLTAMAÐUR




Helgin mín verður í rólegri kantinum í ár. Það stefnir allt í að maður hafi það náðugt í faðmi fjölskyldunnar í bænum. Jafnvel að maður taki golfhringi ef veður leyfir og verðlauni sig kannski með einum bragðaref eftir á.

### þetta HELST

**Ný íslensk sumarlína í vændum**



Von er á nýrri sumarlínu fyrir árið 2011 frá hönnunarmerkinu Shadow Creatures, sem unnið er af systrunum Eddu og Sólveigu Rögnu Guðmundsdætrum. Sumarlínan verður bæði seiðandi og falleg og einnig munu þær systur fara að hanna fleiri herraflíkur. Stúlkurnar selja hönnun sína í hinni nýju og stórskemmtilegu verslun Kiosk Búðardóttir.

**Góðvinur katta**

Ljósmyndarinn og grafíski hönnuðurinn Jóhannes Kjartansson, betur þekktur sem Jói Kjartans, er á meðal þeirra sem hlaupa Reykjavíkurmaraþonið 21. ágúst. Jói hleypur tíu kílómetra til styrktar Kattavinafélagi Íslands og hefur hann nú þegar safnað 32.000 krónum og má því kalla hann sannan kattavin.

**Fatamarkaður tískubloggara**

Ása Ottesen tískubloggari heldur fatamarkað ásamt Viktoríu Hermannsdóttur í Sirkusportinu á laugardag. Stúlkurnar selja flíkur sínar á spottprís og verður meðal annars hægt að finna mikið af skemmtilegum vintage-flíkum á markaðnum. Markaðurinn hefst kl 12.00 og á orðtakið „fyrstir koma fyrstir fá" við hérna.



Benni B-Ruff gefur út R'n B tónlist ásamt Önnu Hlín:

# SUMARLEGT POPP

Ég hef meðal annars samið tónlist með hljómsveitinni Forgotten Lores, en hef ekki gert svona R'n B-skotið popp áður. Ég gerði tvö lög með Önnu Hlín árið 2005 og fannst útkoman mjög skemmtileg en hafði ekki tíma til að vinna það áfram fyrr en núna," segir plötusnúðurinn og tónlistarmaðurinn Benedikt Freyr Jónsson, betur þekktur sem Benni B-Ruff. Hann gaf nýverið út lagið Special í samstarfi við söngkonuna Önnu Hlín Sekulic-Lewis og verður lagið fáanlegt á vef Gogoyoko, Youtube og Facebook auk þess sem hægt er að panta það á Rás 2. Tvíeykið nefnir sig einfaldlega B-Ruff og Anna Hlín. Benedikt Freyr sér um að útsetja tónlistina en Anna Hlín syngur og semur textann.

Anna Hlín er þaulvön söngkona og hreppti meðal annars annað sætið í Idol-stjörnuleitinni árið 2009 auk þess sem hún flutti lag í Söngvakeppni Sjónvarpsins í vetur. Hún hefur einnig verið viðloðandi íslenska hip hop-tónlist í nokkurn tíma og hefur sungið inn á plötur með ýmsum þekktum, íslenskum hip hop-tónlistarmönnum.

Lagið Special er ólíkt því sem Benedikt hefur áður verið að gera og segist hann mest nota hljóðgervla og „synthesyzera" við tónsmíðarnar. „Okkur langaði að gefa þetta lag út núna í tilefni sumarsins. Það er góð tilfinning að henda einhverju frá sér en ég er líka mjög spenntur að sjá viðbrögð fólks við þessu," segir Benedikt Freyr að lokum. *- sm*



**Vön söngkona** Anna Hlín er þaulvön söngkona og var hún á meðal þátttakenda í Idol-stjörnuleitinni árið 2009 og hreppti annað sætið.



**Nýtt frá B-Ruff** Benedikt Freyr Jónsson gefur út R'n B lag ásamt Önnu Hlín Sekulic-Lewis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


HAUST 5




Vínbændur & kastalar

8. - 15. október

Móseldalurinn er ægifagur, haustlitirnir skarta sínu fegursta og vínuppskerutíminn er hafinn. Gist verður í 5 nætur hjá vínbændum í Leiwen við ána Mósel. Þaðan verður farið í áhugaverðar skoðunarferðir, t.d. til Bernkastel og Cochem, sem þykir einn fallegasti bærinn við ána. Þá verður komið til Idar-Oberstein sem frægur er fyrir skartgripagerð, mjög skemmtilegt gimsteinasafn og ekki má gleyma hellakirkjunni frægu sem er byggð inni í kletti. Einnig verður komið til elstu borgar Þýskalands, Trier, sem hefur að geyma miklar fornminjar frá tímum Rómverja. Síðustu 2 næturnar gistum við á góðu hóteli í Bingen við Rín en þar verður boðið uppá hina svokölluðu kastalasiglingu á Rín, frá Bingen til borgarinnar Koblenz.

**Fararstjórar: Georg Kári Hilmarsson og Agnar Guðnason**
**Verð:** 144.700 kr. á mann í tvíbýli **Örfá sæti laus!**
**Innifalið:** Flug, skattar, gisting, allar skoðunarferðir með rútu, hálft fæði, vínsmökkun og íslensk fararstjórn.

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR


María Birta Bjarnadóttir opnar verslunina Elítu:

# Rekur tvær tískuverslanir í miðbænum

Við erum nýbúin að opna en tókst þó ekki að gera verslunina alveg tilbúna fyrir opnunardaginn og þess vegna mætti segja að búðin sé hálfgert „work in progress". Viðskiptavinir og aðrir hafa einnig verið duglegir við að koma með alls kyns hugmyndir um hvernig megi skreyta verslunina og ég held að lokaútkoman eigi eftir að verða mjög skemmtileg," segir María Birta Bjarnadóttir, eigandi verslunarinnar Elítu, sem opnaði nýverið við Laugaveg 37. Verslunin selur fatnað og skart og segist María Birta einnig vera með mikið úrval af glæsilegum „vintage" eyrnalokkum á góðu verði.

Þetta er önnur verslunin sem María Birta opnar en hún rekur einnig skóverslunina Maníu við Laugaveg og hefur því í nógu að snúast. „Ég þyrfti eiginlega að klóna mig til að geta sinnt öllum þeim verkefnum sem þarf að sinna," segir hún hlæjandi. *- sm*



**María Birta** Rekur tvær tískuverslanir við Laugaveg.

### ✻ augnablikið



**SÆT OG SUMARLEG** Plötusnúðurinn og sjónvarpsstjarnan Alexa Chung mætti í sundlaugarveislu tískuhússins Mulberry sem haldin var á hótelinu Chateau Marmont í Los Angeles.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Lokað á mánudag frídag verslunarmanna

## Sængurverasett
# 30% til 60%
afsláttur

## Rúmteppi
# 50%
afsláttur

# ÚTSALA!

Fullir gámar af nýjum vörum á leiðinni!
Nú gerum við lokaátak
í hreinsun, miklir afslættir!

Börnin fá gefins sápu í baðið

## Borðstofuborð og stólar
# 20%
afsláttur
aðeins þessa helgi!

## Snyrtivörur
# 3 fyrir 2
gildir ekki af afsláttarvöru

## Kerti
# 3 fyrir 2
aðeins þessa helgi!
gildir ekki af afsláttarvöru

the PIER

kemur stöðugt á óvart

www.pier.is

afsláttur gildir til 1. ágúst

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# ENGINN TÓNLISTARLEGUR ÁG

**Hljómsveitin Pascal Pinon, sem er skipuð tvíburasystrunum *Jófríði* og *Ásthildi Ákadætrum*, hefur vakið mikla athygli fyrir lágstemmda en skemmtilega tónlist og var sveitin meðal annars tilnefnd í flokknum Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í ár. Systurnar luku nýverið 10. bekk og þurftu að segja upp sumarvinnunni hjá Vinnuskóla Reykjavíkur til að sinna tónlistinni eftir að þeim bauðst samningur hjá þýska plötufyrirtækinu Morr Music. Pascal Pinon er einnig á meðal þeirra fjölmörgu efnilegu hljómsveita sem spila á Innipúkanum um helgina.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Arnþór Birkisson

Hvernig varð hljómsveitin til?

**Jófríður:** „Ég hef alltaf verið að gera tónlist og þetta var hugmynd sem bara varð til einn daginn. Ég átti gítar, Ásthildur spilaði á hljómborð, ein vinkona okkar átti bassa og önnur átti gítar og kunni nokkur grip og við ákváðum bara að halda æfingu og þannig varð hljómsveitin til.“

**Ásthildur:** Við vorum í annari hljómsveit þegar við vorum tíu ára og gerðum tvær mjög „experimental“ plötur og vorum tvisvar spilaðar í útvarpinu. Þannig að þetta er ekki fyrsta hljómsveitin sem við höfum stofnað saman.“

Stúlkurnar eiga ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því faðir þeirra er tónlistarmaðurinn Áki Ásgeirsson og báðar hafa þær stundað tónlistarnám frá barnsaldri. Þegar þær eru spurðar út í athyglina sem þær hafa hlotið vegna ungs aldurs síns segjast þær ekki spá mikið í það sjálfar.

**Jófríður:** „Ég hef aldrei alveg skilið af hverju fólki finnst þetta skrítið. Hvað annað á maður að gera þegar maður er fjórtán ára? Ég veit ekki hvaða áhugamál ég hefði annars átt að finna mér.“

**Ásthildur:** „Aldurinn gerði okkur erfitt fyrir í fyrstu því við máttum ekki spila hvar sem var sökum ungs aldurs en það hefur yfirleitt verið hægt að leysa þau mál á einhvern hátt.“

### KRÚTTIÐ LIFIR

Fyrsta plata hljómsveitarinnar, sem heitir einfaldlega Pascal Pinon, hefur fallið vel í kramið hjá tónlistarunnendum, en tónlistin þykir skemmtilega útsett auk þess sem lagatextar Jófríðar eru bæði lúmskir og fyndnir. En hvernig myndu þær sjálfar lýsa tónlist sinni?

**Jófríður:** „Við höfum kallað tónlistarstefnuna „póst krútt“ í gríni því það var einhver sem sagði að krúttið væri dautt, en ég held að það sé það ekki,“ segir hún og hlær.

**Ásthildur:** „Ég veit ekki hvernig væri best að lýsa tónlistinni. Hún er einföld, ætli það sé ekki besta lýsingin.“

**Jófríður:** „Það var ekki eins og við hefðum sest niður og ákveðið að spila einhverja ákveðna tónlist, þetta er bara tónlistin sem varð til. Ég hef aldrei fílað hávært rafmagnsgítar-„distortion“ og þegar við vorum að stofna sveitina þá þekktum við engan trommara og það setur til dæmis sitt mark á tónlistina. Ef einhver okkar hefði átt trommusett í staðinn fyrir gítar þá hefði tónlistin örugglega orðið allt öðruvísi.“

Systurnar eru í þann mund að skrifa undir plötusamning hjá þýska útgáfufyrirtækinu Morr Music sem er með höfuðstöðvar í menningarborginni Berlín. Fyrirtækið er eitt hið fremsta í útgáfu á svonefndri indie og elektrónískri tónlist og hefur hljómsveitir á borð við Lali Puna, Borkó, Múm og B. Fleischmann á sínum snærum.

**Jófríður:** „Síðan við fengum



**Góðar systur** Ásthildur og Jófríður Ákadætur mynda hljómsveitina Pascal Pinon sem spilar á Innipúkanum annað kvöld.

plötusamninginn er þetta allt orðið miklu flóknara þannig að mamma og pabbi sjá alveg um viðskiptahliðina. Tímasetningin á þessu var líka mögnuð því við höfðum fengið tilboð frá öðru útgáfufyrirtæki en ég kom mér aldrei í það að skrifa undir samninginn, sem var gott því

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

## * bak við tjöldin



**Uppáhaldstónlistarmaðurinn?**
**Jófríður:** Yoko Ono
**Ásthildur:** Björk.



**Besti tími dags?**
**Jófríður:** Klukkan sjö eða fjögur eða eitthvað.
**Ásthildur:** Nóttin.

**Uppáhaldsstaðurinn?**
**Jófríður:** Það er heima.
**Ásthildur:** Víti.



**Besti maturinn?**
**Jófríður:** Vatnsmelóna.
**Ásthildur:** Það er pitsa með reyktum osti og eplum.



**Uppáhaldsorðtak?**
**Jófríður:** Kaka söker maka.
**Ásthildur:** Þar sem aldrei skín sól vaxa blómin í myrkrinu.



# REININGUR Á MILLI SYSTRA

stuttu síðar fengum við tilboð frá Morr Music.“

Hvað felur samningurinn í sér?

**Ásthildur:** „Þeir ætla að endurútgefa fyrstu plötuna í Þýskalandi og svo gefa þeir líka út næstu plötu.“

**Jófríður:** „Þetta er mikil skuldbinding en líka góður stökkpallur fyrir okkur því þetta er mjög flott útgáfufyrirtæki og ég held að það séu spennandi tímar fram undan.“

## SYNGJA EKKI UM ÁST

Fyrsta plata Pascal Pinon innihélt ellefu frumsamin lög og voru allir lagatextarnir á íslensku. Á næstu plötu verða lög bæði á ensku og íslensku og viðurkennir Jófríður að hún hafi notið aðstoðar góðrar vinkonu við textasmíðina að þessu sinni.

**Jófríður:** „Mér finnst mun erfiðara að semja texta heldur en tónlist. Ég lenti til dæmis í ritstíflu fyrir nýju plötuna og fékk vinkonu mína til að semja nokkra texta á ensku fyrir okkur og það gekk mjög vel. Á fyrri plötunni var líka eitt lag sem við sömdum við texta eftir Davíð Stefánsson og það verður annað lag með texta eftir hann á næstu plötu.“

Um hvað fjalla textarnir?

**Jófríður:** „Ég hef aldrei skrifað texta um ást. Fólk gerir alltof mikið af því,“ segir hún og hlær. „Ég skrifa aðallega um daglega hluti og eitthvað sem ég þekki vel.“

**Ásthildur:** „Til dæmis fjallar lagið New Beginning um spangir.“

**Jófríður:** „Samt ekki, sá texti var saminn daginn áður en ég fékk spangir og fyrsta erindið er innblásið af því, en ef maður hlustar á allt lagið þá er nánast engin tenging. Textinn í laginu Sandur segir til dæmis kannski ekki mikið en hann hefur samt meiningu, maður þarf bara að rýna vel í hann. Ég hef líka samið texta um annan texta þannig að lögin fjalla um ýmislegt.“

## GÓÐAR SYSTUR

Systurnar hefja framhaldsnám við Menntaskólann við Hamrahlíð í haust þar sem þær munu báðar stunda nám á málabraut. Þær segjast þó ekki hafa áhyggjur af því að þær eyði of miklum tíma saman.

**Jófríður:** „Við höfum rifist mikið í gegnum tíðina en við þolum alveg hvor aðra,“ segir hún brosandi. „Við rífumst aðallega yfir verkaskiptingu, allt á að vera jafnt og önnur má ekki gera meira eða minna en hin.“

**Ásthildur:** „Við rífumst líka yfir hlutum eins og hver á að sitja fram í en við erum komnar með nokkuð gott kerfi hvað það varðar.“

**Jófríður:** „Við rífumst allavega ekki um tónlistina því við höfum frekar svipaðan tónlistarsmekk. Það er enginn tónlistarlegur ágreiningur á milli okkar. Annars erum við alveg góðar vinkonur og kunnum nú orðið nokkuð vel á hvor aðra.“

## SJÓAÐAR Í TÓNLEIKAHALDI

Pascal Pinon er meðal þeirra hljómsveita sem troða upp á tónlistarhátíðinni Innipúkanum sem fram fer um helgina. Þetta er í annað sinn sem þær koma fram á Innipúkanum en systurnar eru orðnar vel sjóaðar í tónleikahaldi því þær hafa einnig spilað á Airwaves og á Réttum.

Tónleikar Pascal Pinon fara fram klukkan 22.00 annað kvöld á Sódómu.

Hvað tekur svo við eftir sumarið?

**Jófríður:** „Við ætlum að gera þessa plötu og svo veit ég ekki hvað tekur við eftir það. Það væri gaman að geta ferðast svolítið og fylgt nýju plötunni eftir.“

**Ásthildur:** „Ég stefni á forsetaframboð,“ segir hún hlæjandi.





# tíðin
✻ ekki týna leiðinni heim

**FRANSKA SNYRTIVÖRUMERKIÐ L'OCCITAN** hefur sent frá sér nýja sumarlínu sem inniheldur verbena-jurtina sem gefur hressandi ilm. Þetta rakagefandi húðkrem er bæði endurnærandi og mýkjandi.





## HARPA RÚN ÓLAFSDÓTTIR
**myndlistarkona:**



**ÉG FANN ÞESSAR HAUSKÚPUR Í NEW YORK.** Þær eru mótaðar eftir höfuðkúpu evrópsks karlmanns og tailenskrar unglingsstúlku. Ég nota þær mikið þegar ég er að búa til myndlist og svo eru þær ágæt stofuprýði.




**ÉG ELSKA AÐ HLUSTA Á VÍNYLPLÖTUR** og byrjaði að safna þeim áður en ég eignaðist plötuspilara og átti því mjög tilgangslaust safn af plötum. Nú er safnið orðið svo þungt að enginn nennir að hjálpa mér að flytja lengur.



**MAMMA GAF MÉR ÞESSI SPIL Í JÓLAGJÖF ÞEGAR ÉG VAR 14 ÁRA.** Ég byrjaði strax að spá með þeim. Sú spá var hrikalega dramatísk og kolvitlaus. Síðan æfði ég mig í 14 ár og hef núna ágæt tök á þessu.



**MAMMA MÍN GEFUR BESTU JÓLAGJAFIRNAR.** Þetta apparat fengum við kærastinn í fyrra og ég hef ræktað alls konar kryddjurtir í því.



**ÞAÐ VEIT ENGINN HVAÐ ÞESSI SÓFI ER GAMALL EÐA HVAÐAN HANN KOM.** Ég keypti hann á 2.000 krónur af vini mínum.



**ÉG KALLA TÖLVURNAR MÍNAR HVÍTU ÞRUMURNAR.** Þessi er aðeins nokkura vikna og er mjög töff með alls konar snertiskjátrixum. Mér þykir vænt um tölvuna mína því hún gefur mér internetið.



**EINU SINNI BJÓ ÉG Í COVENTRY Á ENGLANDI** og ég fann þetta fína málverk í ruslagámi. Ég sótti það og lagaði aðeins og nú er það hér. Það hefur verið á tveimur myndlistarsýningum í tveimur löndum síðan þá.



**PÍLA ER KÖTTURINN MINN OG ER ALGJÖR MIÐBÆJARDROTTNING.** Hún sníkir klapp af túristum og kjöt af fulla fólkinu sem kemur frá Hlöllabátum um helgar.



**MÉR ÞYKIR MJÖG VÆNT UM ÞENNAN HRING. AMMA GAF MÉR HANN,** en hann var keyptur af langafa í kóngsins Köbenhavn fyrir langa löngu. Hann er voða dömulegur og fallegur.



**PABBI MINN BJÓ ÞESSA HILLU TIL FYRIR MÖMMU OG SÍÐAN FÉKK ÉG HANA.** Í henni eru milljón hlutir sem tengjast mér á einn eða annan hátt.


Frábærir **lífrænir gosdrykkir** fyrir alla fjölskylduna




Enginn hvítur sykur, engin aukaefni, 100% lífrænt.
Þú verður að prófa!

Fæst um allt land! www.yggdrasill.is

Yggdrasill -náttúrulegur lífstíll

# algjört möst



1 Verslunarmannahelgin er á næsta leiti og þá er góður pollagalli algjörlega ómissandi.

2 Góða skapið er nauðsynlegt þegar haldið er út á land í góðra vina hópi.

3 Mix-diskur í ferðalagið, helst eitthvað sem allir kunna og geta sungið með.





4 Sundföt eru ómissandi í ferðalagið svo hægt sé að koma við í næstu sundlaug eða potti og slaka aðeins á þreyttum vöðvum.

## TÍSKUHAMFARIR

Eldfjallalínan frá E-Label er fáanleg á heimasíðu þeirra. Flíkurnar eru innblásnar af eldsumbrotunum í Eyjafjallajökli og eru til í fjórum mismunandi gerðum. Algjört möst fyrir alla sanna íslenska tískuunnendur.



## RÖKKURRÓ

Nú þegar aðeins er farið að rökkva er ljúft að kveikja á kertum og ljósaseríum, dreypa á rauðvíni og gæða sér á bragðgóðum ostum.



## AFTUR TIL FORTÍÐAR?

Tíska í anda gömlu „pin-up“ stúlknanna er í auknum mæli að ryðja sér til rúms hér á landi. Tvær verslanir í miðbænum selja nú fatnað í 50‘s stílnum sem er kærkomin viðbót við tískuflóruna.






# Við erum ódýrari

VEIÐIPORTIÐ

Opnunartímar
mán.–fös. kl. 9–18
laugard. kl. 9.00–16.00
Opið á sunnudögum
í júní, júlí og ágúst.

Veiðiportið • Grandagarði 3 • Sími 552 9940

## Brasstúpur

Besta verðið í bænum?

395 kr.

Í 7 ár höfum við verið með langt um betri verð en allir aðrir í bransanum. Langt um betri verð en netsölur, verslunarkeðjur, stórmarkaðir, kjallara og bílskúrsbönd eða hvað þetta nú heitir í dag. 20 ára reynsla í fluguhnýtingum tryggir gæðin.

## Robinson fluguhjól

Úr áli með diskabremsu.
2.900 kr.

## Jaxon Impress

Mjög vandað 8 legu hjól með aukaspólu og 2 ára ábyrgð.
6.950 kr.

## Advance spinnstangir

6 - 8 - 9 og 10 fet frá 2.990 kr.

## Frábært kasthjól

ROBINSON®
4 legur.
1 auka spóla.
Aðeins 3.950 kr.

## 99 kr. flugan

Sérvaldar silungaflugur
10 stk. í poka.
990 kr.
Allar aðrar silungapúpur.
220 kr.

## Flökunarhnífur

TILBOÐ

MISTRALL®
Góður flökunarhnífur 1.990 kr.
Þú þarft bara einn hníf til að flaka.
Þykkt og gott haldfang og fínt slíður.

## TOPY spúnar

Verð aðeins
395 kr.

## Gott kasthjól

JAXON®
Gott kasthjól á 1 legu, fínt fyrir byrjendur og sem auka hjól.
2.990 kr.

## Flugustangarpakki frá Robinson

9 feta stöng í 3 hlutum lína 6/7 ál diskabremsu fluguhjól með 3 legum og nákvæmri diskabremsu flotlína, undirlína, taumatengi og taumur + 10 flugur í poka. Allt sem þú þarft til að byrja í flugunni.
19.900 kr.

## Vöðlutilboð

Öndunarvöðlusett.
Snowbee vöðlur og Jaxon skór.
Aðeins 28.950 kr.

Líklega LANG-ÓDÝRASTA öndunarvöðlusettið á Íslandi í dag.

Ath. Vöðlutaska fylgir.




## Jaxon slöngubátur 290 cm og 320 cm

SÍÐUSTU BÁTARNIR

CE vottaðir og samþykktir af Siglingastofnun Íslands.

- þolir allt að 20 hestafla mótor
- þyngd 45 kg
- harður botn og uppblásinn kjölur
- árar og pumpa
- kemur í tösku og smellur í skottið á fjölskyldubílnum

Verð 249.000 kr.





Rafmagnsmótor að verðmæti 44.950 kr. fylgir meðan birgðir endast.



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Þorbjörg Helga Dýrfjörð, leikkona**



1. Þessi föstudagur myndi byrja líkt og aðrir föstudagar á morgunkaffi með skemmtilegu samstarfsfólki. Morgunverðarhlaðborðið væri extra veglegt að þessu sinni og orðagrínið extra slæmt, sem er gott.

2. Næst tæki við dekurstund í tyrknesku spa-i með mömmu og systrum mínum, þar fengi hver mínúta að verða að klukkutíma.



3. Við mæðgurnar myndum svo ná í pabba, bróður minn og fjölskylduna hans og taka næstu flugvél til Stokkhólms og snæða þar hádegismat, rifja upp sænskuna, skoða borgina og enda ferðina í tívolíi.

4. Eftir frábæra ferð til Stokkhólms lægi leiðin heim á Njálsgötuna þar sem flokkur iðnaðarmanna væri mættur til að taka íbúðina mína í gegn og gera við litla gosbrunninn úti í garði.

5. Að loknum yndislegum og viðburðaríkum degi væri tilvalið að fara með góðum vinum á einhvern fallegan stað á Vestfjörðum. Leggjast í heita náttúrulaug með rauðvín og osta og horfa á sólina setjast.







Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur
Fylgstu með

## BÍLAR & FARATÆKI

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



COLEMAN COLUMBIA. Árgerð 1989, Verð 490.000. Rnr.102640 Möguleiki á að leigja yfir verslunarmannahelgi á 68 þús.



SUZUKI SWIFT. Árgerð 2006, ekinn 41 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.200004 Er á staðnum.



FLEETWOOD AMERICANA CHEYENNE 10FT. Árgerð 2008, Verð 2.100.000. Rnr.151906 Markísa, fortjald, sólarsella, kassi framan á. Er á staðnum.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Bílalíf.is Bílasala Matthíasar



**TILBOÐ 2.490.000.-**

VW TOUAREG V6. Árgerð 2004, ekinn 121 Þ.km. M/LEÐRI. SJÁLFSKIPTUR. Verð 2.890.000. Rnr.243173.Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



**Afmælisútgáfa**

HARLEY DAVIDSON SOFTAIL FAT BOY 04/06 ek.9 þ.km Screaming eagle púst, Auka króm. Skipti ódýrari Eða ferða-Endurohjóli. V.2780,-

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

Bílabankinn



**TILBOÐ 650.000.-**

CHALET A-LINER. Árgerð 1997, Verð 900.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Möguleiki á 500.000.- Visa/Euro láni



**Möguleiki á 100% Visa/euro láni**

INESCA MONACO. Árgerð 1993. Verð 390.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



CHEVROLET SILVERADO 2500 4WD LTZ CREW CAB. Árgerð 2007, ekinn 5 þ.km, DÍSEL,Leður, DVD, vel búinn bíll. Sjálfskiptur. Verð 6.800.000. Ásett verð á pallhúsið er 1.990.000.- Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

100 bílar bílasala .is



Lincoln Navigator Limited Edition 4wd, árg. 2006, ek 69þús.km, sjálfsk, 300hö, ný heilsársdekk, Einn sá allra flottasti og með öllum fáanlegum aukahlutum! Ásett verð 5790þús.kr, er á staðnum

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**


Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


BÍLALIND.is S. 580-8900



PONTIAC FIREBIRD TRANS AM WS6. Árgerð 2001, ekinn aðeins 46 þ.mílur, 5,7L sjálfskiptur (trans pack). Verð 2.390.000. #192172 Bíllinn er á staðnum sem væri fínn á mílunni!



COMANCHE MONTANA LX. Árgerð 2008 (ónotað á götuna 2009), fortjald og yfirbreiðsla. Verð 960.000. #281957 Er upptjaldað á staðnum, kipptu því með í útileguna!



A-LINER SPORTLINER. 05/2006, sólarsella Verð 1.750.000. #320068 - Er á staðnum, kipptu því með í ferðalagið!



HOBBY 560 EXCELLENT EASY. 05/2005, markísa, sólarsella, teppi, 180 amp rafgeymir, boiler f. gas, grjótgrind, ofl. aukahlutir Verð 2.740.000. #192212 - Húsið er á staðnum, kipptu því með í útileguna!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

## Bílar til sölu



vw polo 1.2 arg05 ek. 27000 ný dekk og felgur, v.1200 þ. simi 693 2991.



Eigum nokkra bíla, tjaldvagn og fleira til sölu. Endilega kíkið á heimasíðuna www.bilapartar.is eða á staðinn til okkar í Grænamýri 3, Mosfellsbæ. Uppl í síma 587-7659.



Honda CRV árg. ,99 ek. 160 þús. km. sjsk., dráttarkúla, álfelgur, nýsk. Snyrtilegur bíll. V. 640 þús. S. 895 8956.



Nissan Terrano Luxury árg. 2000, 7 manna bensínbíll, beinsk. til sölu Ek. 250þ. km. Smurbók frá upphafi, nýsk, nýtt púst o.fl. Verð kr. 790þ.- Ath. Skipti á fólksbíl. Uppl. í s. 896 6860



Citroen C4 árg'07. Sk.'11, góð dekk. Uppl í S. 894 1748 & 570 9900



Fiet Multebla árg'99, ek. 167þús. Einn eigandi. Sk.'11 Bíll í topplagi.Ný heilsársdekk. Uppl í S. 894 1748 & 570 9900

Til sölu Landcruiser 90 árg. ,99, beinsk. Ek. 162 þús. km. Tvöfaldur dekkjagangur á felgum. Dekurbíll. V. 1.850 þús. S. 862 5345.

Daewoo Lanos ,01 árg. ekinn 130 þús. Tilb. 370 þús. S. 849 3707 & 772 4726.

Fiat Panda árg'04, ek.80þús. Sk.'11. Uppl í S. 894 1748 & 570 9900

## 0-250 þús.



Til sölu Opel Astra GL árg. „97 ek.135þ. ný skoðaður. verð 120þús. simi 8657538



**Sparibaukur tilboð 175**

Opel Corza, árg. ,97, 2 dyra. Ekinn 150 þús. skoðaður 2011. 5 gíra. Eyðir 6 lítrum. Verð 175 þús. S. 891 9847.

CombiCamp árg 91. Góður upphækkaður í fjallaferðir m/fortjaldi Uppl s. 618-2126

## 250-499 þús.



**Sjálfskiptur**

Honda Civic 1500 V-Tec árg. ,98, álfelgur, ný heilsársdekk, geislaspilari, ný skoðaður, 4 dyra, reyklaus, sparibaukur í toppstandi. V. 390 þ. Uppl. í s. 867 8797.

## 1-2 milljónir



Glæsilegur VW Golf 2004 1.6 (2005 body). Litur Rauður. 4 dyra. Ekinn 100þ km. Ný vatnsdæla og tímareim. Devino Stamina (Black) DV645 felgur + Semi low profile dekk. Alpine hátalarar Type-R 6"x9" SPR-69C 4 stk. nagladekk á original VW álfelgum fylgja. Ásett verð 1250þús. Ekkert áhvílandi. Sími 8987953.



Merceder Bens ML 230 árg. 1998/9. Ek. 170þús, beinsk. 2 eigendur frá upphafi. Verð 1100þús.

## Jeppar



Durango- gott viðhald. Árg'04 Ek.149þús. 33". V. 2,3M en tilb. óskast. Ekkert áhv S:8995841/btb@byko.is



Til sölu Trigano Tjaldvagn Arg 2009 Verð 890 þús Áhv lán 338 þús S: 696-2988

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



VW Crafter árg.2007, 18 manna leyfi, ekinn 90 þús, 164. hö. Gott eintak, mögul.að taka ódýrari bíl uppí. Sími 892 8433

## Húsbílar



Til sölu Benz húsbíll 613 m/túrbínu, skráður 1980 - engin bifreiðaskattur, full innréttaður og svefnpláss fyrir 6. manns. Verð 1.400.000 staðgreitt. Uppl. í s. 699 8330 & husbill.is

## Mótorhjól




Motor sport



Burðargrind fyrir mótorhjól úr alumium. Fest aftan á. Allar festingar fylgja. Rampur til að keyra hjólinu upp á grind. Verð kr. 49.000.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**



Yamaha XVS-650 2002. 15.000 m Blátt, mjög fallegt. Verð 650 þ.kr. S. 896 2108.



Til sölu Honda CRF230 2007árg. lítið notað hjól í mjög góðu ástandi, Verð: 350þús. Gsm: 847-7675.

## Vespur

Vespa til sölu lítur vel út árg 2009 ek. 1200km er með boxi aftaná. Hjálmur og yfirbreyðsla fylgja verð 190 þús upl í síma 862-8775

## Kerrur



Villtu smíða kerruna sjálfur? Við eigum efni til kerrusmíða frá AL-KO. Öxla, raflagnir, ljós, bretti, kúlutengi, nefhjól, 13" dekk og fl. www.topplausnir.is Lyngás 8, Garðabæ s: 898-7126



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þór Jakobsson,**
Framnesvegi 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut miðvikudaginn 28. júlí.

**Ásta Þórsdóttir — Knútur Benediktsson**
**Guðný Þórsdóttir — Tryggvi Már Valdimarsson**
**Þóra Margrét Þórsdóttir — Jón Eiríkur Rafnsson**
**barnabörn og langafabörn.**



*Einlægar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður og tengdaföður,*

**Sigurbergs Bogasonar**
frá Flatey á Breiðafirði.

**Kristín Guðjónsdóttir**
**Erla Sigurbergsdóttir — Haukur Már Haraldsson**
**Margrét S. Sigurbergsdóttir — Þór G. Vestmann Ólafsson**
**Guðjón Sigurbergsson — Dagmar Svala Runólfsdóttir**



*Elskulegur bróðir okkar og frændi*

**Gunnar Már Hjálmtýsson**

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni 3. ágúst kl. 15.00.

**Ásdís L. Hjálmtýsdóttir Callaghan**
**Jóhanna H. Hjálmtýsdóttir Thorarensen**
**og frændsystkinin**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni G. Kristinsson,**
fyrrv. yfirtollvörður, Faxabraut 40c, Keflavík

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, mánudaginn 19. júlí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki D-álmu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir hlýja og góða umönnun.

**Alda Sigmundsdóttir**
**Bragi Bjarnason — Anna Klara Hreinsdóttir**
**Kristinn Bjarnason — Sigrún Sigvaldadóttir**
**Sigmundur Bjarnason — Bjarklind Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Þóris Þórissonar.**

**Guðrún Dóra Hermannsdóttir**
**Salóme Þórisdóttir — Hreiðar Sigtryggsson**
**Þóra Þórisdóttir**
**Hlynur Þórisson**
**Hildur Þórisdóttir — Lárus Guttormsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Haraldsson**
vélstjóri,

lést á heimili sínu laugardaginn 24. júlí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 3. ágúst kl. 13.00.

**Sveinn Ólafsson, Ketilbjörn Ólafsson, Örlygur Ólafsson, Haraldur Ólafsson, tengdabörn og barnabörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Dagmarar Oddsteinsdóttur,**
Fífuhvammi 11, Kópavogi,

Sérstakar þakkir til starfsfólks lungnadeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir nærgætna og góða umönnun.

**Erlendur Kristjánsson**
**Oddný Erlendsdóttir — Guðmundur Hreiðarsson**
**Berglind Erlendsdóttir Arnsdorf — Denis Arnsdorf**
**Kristján Erlendsson — Harpa Sigurðardóttir**



*Ástkær eiginmaður minn og faðir,*

**Friðrik Sigurbjörnsson**
Bárugötu 23, Reykjavík

lést á Gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi þann 14. júlí. Útförin hefur farið fram. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð.

**Kristbjörg Kristjánsdóttir**
**Svana Friðriksdóttir**



*Okkar ástkæri*

**Kristján Hrafn Hrafnkelsson**
Lækjarbergi 27 Hafnarfirði

lést sunnudaginn 25. júlí. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

**Hrafnkell Óskarsson — Þórhildur Sigtryggsdóttir**
**Hrafnhildur Dóra Hrafnkelsdóttir og fjölskylda**
**Anna Kristín Karlsdóttir**
**Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir og fjölskylda**
**Sigtryggur Óskar Hrafnkelsson**
**Sigtryggur Helgason**


Verslanir Tekk Company og Habitat Holtagörðum, Kringluni og Kauptúni

verða lokaðar í dag föstudag 30. júlí vegna jarðarfarar Ingibjargar Kaldal.

TEKK COMPANY habitat


**EMILY BRONTË FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1818**

*„Mig hefur á lífsleiðinni dreymt drauma sem hafa lifað með mér æ síðan.“*

***Emily Brontë er þekktust fyrir skáldsögu sína Fýkur yfir hæðir.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ALLS KONAR GJAFAVARA** Hilmar segir Rammagerðina hafa verið með varning fyrir ferðamenn síðan 1963. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

RAMMAGERÐIN: 60 ÁRA

## Oft hringt vegna ramma

Rammagerðin fagnar sextíu ára afmæli í ár. „Stofnandinn, Jóhannes Bjarnason, hóf rekstur á þessari rammagerð árið 1940 og ég hef heyrt sögusagnir af því að Jóhannes Kjarval hafi verið meðal þeirra sem hann var að ramma inn fyrir en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það,“ segir Hilmar Már Aðalsteinsson, rekstrarstjóri Rammagerðarinnar.

Hann segir Rammagerðina hafa verið víða til húsa fyrstu áratugina „Starfsemin var meðal annars að Laugavegi 53, Hafnarstræti 17 og síðan byrjaði reksturinn í þessu húsi, Hafnarstræti 19 árið 1972. Árið 1963 opnaði Rammagerðin verslun í Hafnarstræti 5 með ferðamannavörur. Þá var svo mikill innflutningur á römmum að til þess að rammagerðin myndi borga sig þurfti að fara í útflutning samhliða innanlandssölu. Þannig að með tímanum lagðist þessi rammagerð niður og minjagripasalan tók yfir.“

Hilmar segir að í versluninni í Hafnarstræti sé lögð áhersla á þrenns konar vörur. „Við erum með mikið af íslenskum fatnaði, ullarvörum og útivistarfatnaði frá 66. Síðan eru þessar venjulegu ferðamannavörur eins og staup, glös, fánar og dúkkur. Svo höfum við alla tíð lagt mikla áherslu á íslenskt handverk og verið með handverkshorn.“ Alls eru verslanirnar fjórar, í Hafnarstræti, á Lækjartorgi, á Akureyri og Egilstöðum. „Svo er systurfyrirtæki okkar með Rammagerðina í Keflavík.“

Hilmar segir að þó að nafnið á fyrirtækinu hafi ekkert með reksturinn í dag að gera séu engar fyrirætlanir um að breyta því. „Við fáum náttúrulega mörg símtöl þar sem er verið að spyrja um verð á römmum og því um líkt. Rammagerðin er líka þungt í vöfum fyrir útlendinga þannig að í markaðsetningu fyrir ferðamenn notum við nafnið Iceland Giftstore og eins á heimasíðunni okkar svo að það er svona hitt nafnið okkar. En sökum styrks nafnsins Rammagerðin í hugum Íslendinga þá höldum við mjög mikilli tryggð við það.“

emilia@frettabladid.is



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Úndína Árnadóttir**
frá Akureyri,

er andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 23. júlí, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 3. ágúst kl. 14.00.

**Rafn Sveinsson — Kristín Jónsdóttir**
**Sveinn Brynjar Sveinsson — Aðalheiður Stefánsdóttir**
**Ívar Matthías Sveinsson — Sjöfn Magnúsdóttir**
**Árni Viðar Sveinsson — Margrét Sigmundsdóttir**
**Ingibjörg Hrönn Sveinsdóttir — Pétur Kjartansson**
**Kristján Arnar Sveinsson — Gullveig Ósk Kristinsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**





# BYLGJAN Á FLUGI

## UM HELGINA

**Bylgjan** verður á ferð og flugi alla **verslunarmannahelgina!**
– með landslið dagskrárgerðarmanna innanborðs.



Hemmi Gunn verður í sæti skipstjóra en hásetar og stýrimenn eru Svansí, Rúnar Róberts, Kristófer Helgason, Hulda Bjarna, Bragi Guðmunds, Sigga Lund, Valtýr Björn, Sólveig Bergmann, Sigurjón M. Egilsson, Ívar Halldórs, Simmi og Jói og tvöfaldur skammtur af Sigga Hlö með: „Veistu hver ég var?", á laugardag og sunnudag.

**Ekki missa af Verslunarmannahelginni á Bylgjunni!**

Bylgjan verður í samstarfi við Icelandair og flýgur með DC3 vél Þristavinafélagsins yfir alla helstu útihátíðastaði og skoðar umferðina og stemninguna um land allt.

Dregið verður í Olísleiknum, Ævintýraeyjunni á laugardeginum og Hemmi Gunn verður með vísbendingarspurningar á takteinum.

Coca-Cola ICELANDAIR



BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Fíton/SÍA

Helgar
FRÉTTABLAÐIÐ
blað
alla laugardaga



**„Hef ekki verið að gera tóma vitleysu í öll þessi ár“**
– Ómar Ragnarsson um afmælisgjöfina, heimildarmyndina sína og náttúruna

**„Ekkert breyttist þegar ég kom út úr skápnum“**
– Steindór Sigurjónsson leikur knattspyrnu með Sindra á Hornafirði í þriðju deildinni

**Fullur sjór af þorski og arðbær uppbygging stóriðjunnar**
– Hvernig sáu sérfræðingar fyrir sér Ísland árið 2010 fyrir aldarfjórðungi?



**Útivist og hollusta.**
Arna Skúladóttir hefur skrifað bók sem varpar ljósi á fjölmargar hliðar foreldrahlutverks.




Allt sem þú þarft...

# Ó Akureyri

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Þegar vinir mínir mæra erlendar stórborgir lygni ég aftur augunum og hugsa um borgina í norðri sem ég vissi alltaf af en kynntist ekki fyrr en á fullorðinsárum, borgina sem fyrir mér hefur flest það til að bera sem góð útlönd getur prýtt.

**Á AKUREYRI** er gaman að versla, þar er til dæmis uppáhaldsskóbúðin mín sem hefur kætt og skætt alla fjölskylduna árum saman, tískubúðir með annan varning en fæst á minni heimaslóð og síst dýrari, frábær bókabúð með miklu úrvali af bókum, blöðum og dóti fyrir alla og dásamleg forngripaverslun, full af sögu og fjársjóðum. Og ekki má gleyma lífsstílsversluninni Sirku sem er skylda að heimsækja að minnsta kosti einu sinni í hverri ferð.

**Á AKUREYRI** er hægt að fara á alls konar tónleika oft í viku á sumrin og svo er hægt að labba niður Listagilið og kíkja á spennandi listsýningar og söfn. Um allan miðbæinn er líka fullt af litlum galleríum og hönnunarverkstæðum sem gaman er að skoða.

**Á AKUREYRI** eru skemmtileg kaffihús með góðu kaffi og stemmingu (Bláa kannan, einhver?), bestu pitsur landsins á Greifanum og fortíðarþráin á Bautanum.

Það er líka hægt að sökkva sér í matarmenningu innfæddra og rúnta í Leiru- eða Gellunestið og fá sér hamborgara með frönskum á milli eða kók í gleri og eina með öllu (og mest rauðkáli) eða dýfa tungu í hinn fræga Brynjuís sem ekki öllum finnst góður en er samt þess virði að smakka til að vera með í umræðunni.

**Á AKUREYRI** er gaman að vera með börn. Frábær sundlaug með buslupolli og skemmtilegum rennibrautum og þar beint fyrir ofan leikvöllur með trampólíni og hoppikastala, mínígolfi og rafmagnsbílum.

**Á AKUREYRSKUM** róluvöllum (sem finnast víða) eru skemmtileg leiktæki og mjúkar gúmmíhellur í kringum rennibrautir og rólur svo það er ekkert vont að detta. Það er ekkert nauðsynlegt að vera á bíl en fyrir þá sem svo eru búnir má benda á Kjarnaskóg, Jólahúsið, Smámunasafnið, Safnasafnið og sundlaugina á Hrafnagili. Og svo er Akureyri falleg, hvort heldur staðið er uppi í brekku og horft yfir landslagið eða göturnar með gömlu húsunum þræddar.

**INNBÆRINN,** Lystigarðurinn… er ég að gleyma einhverju? Já, fjölmörgu. Fyrir nú utan allt sem ég á eftir að uppgötva. Og svo er alltaf gott veður. Þannig að þið megið eiga ykkar útlönd fyrir mér: Akureyri er mín sumarleyfisparadís.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes



**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SEINASTI SÉNS

## LOKADAGUR 3 DAGA TILBOÐA • LOKAÐ UM HELGINA




SB256

### LJ71

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 17.3" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD4570 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- AMD Dual Core X2 M300 2.0GHz
- 4GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED DiamondView 1600x900
- 512MB ATI Radeon HD4570 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**134.900**

17.3" MEÐ LEIKJASKJÁKORTI




V2420

### 24"LED

**BENQ FULL HD LED SKJÁR**

BenQ leiðir LED tæknina með nýrri kynslóð tölvuskjáa sem eru þeir þynnstu í heimi **aðeins 15mm** á dýpt og með enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080P 16:9 LCD
- 10.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin
- Ótrúlega þunnur **aðeins 15mm**

**49.900**

ÓTRÚLEGA NETT HÖNNUN




### 12MP

**STAFRÆN MYNDAVÉL**

BenQ E1230 er fislétt og örþunn stafræn myndavél sem tekur sjálfvirkar brosmyndir, lagar rauð augu og er með Super Shake Free hristivörn

- Hágæða 12MP Sony HD myndflaga
- Glæsilegur 3.0" LCD skjár á bakhlið
- Vönduð 3x Optical aðdráttarlinsa
- Þekkir andlit, bros ofl., sjálfvirkar stillingar
- Sjálfvirk hristivörn og birtustilling
- Tekur kvikmyndir í (16:9) 720x400, 30fps
- Örþunn og fislétt aðeins 110gr.
- Kemur með hleðslurafhlöðu og tösku

**19.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




JN522

### TJ75

**FARTÖLVA Á TILBOÐI**

Öflug leikjafartölva með glæsilegum 15.6" HD+ LED skjá, öflugu 512MB ATI HD5470 leikjaskjákorti og Windows 7 stýrikerfi

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

**149.900**

EIN ÖFLUGASTA LEIKJATÖLVAN







**MINNISKORT**

3DAGA TILBOÐ - LOKAÐ UM HELGINA




**MP3 SPILARI**

FRÁBÆR MP3 SPILARI FRÁ COBY



**RÝMINGARSALA**

MÖGNUÐ RÝMINGARSALA Á FARTÖLVUM. SÍÐUSTU EINTÖK OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR SÝNINGARVÉLAR VERÐ FRÁ

**29.900**

3 DAGA RÝMINGARSALA

## TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

**OPIÐ**

Í DAG ER OPIÐ 10-18:30 EN LOKAÐ UM HELGINA

# KRÓNAN

# GRILLKJÖT FYRIR FERÐALAGIÐ



**50% afsláttur**

**999 kr. kg**

Verð áður ~~1998~~ kr.
Grísakótilettur, lúxus, beinlausar, erlendar



**50% afsláttur**

**1299 kr. kg**

Verð áður ~~2598~~ kr.
Grísalundir, erlendar



**50% afsláttur**

**749 kr. kg**

Verð áður ~~1498~~ kr.
Grísakótilettur, magnpakkning



**1258 kr. kg**

Lambalæri, hvítlauks/rósmarín og New York marinerað



**20% afsláttur**

**2998 kr. kg**

Verð áður ~~3748~~ kr.
Lamba Rib-Eye



**1298 kr. kg**

Grísaspjót, hvítlauks/rósmarín og New York marinerað




**1598 kr. kg**

Krónu kjúklingabringur




**2459 kr. kg**

Verð áður ~~2895~~ kr.
Holta kjúklingalundir á spjóti, ítalskar og indverskar

**GOTT VERÐ**



**598 kr. pk.**

Grillborgarar, 4 borgarar og 4 brauð




**30% afsláttur**

**349 kr. pk.**

Verð áður ~~498~~ kr.
Krónu pylsur

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

**KRÓNAN**
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

**Opnunartímar í Krónunni um verslunarmannahelgina • www.kronan.is**

| Krónan Akranesi | Krónan Árbæ | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut |
|---|---|---|---|---|
| alla daga 10-19 | virka daga 11-21 | virka daga 11-21 | alla daga 10-19 | alla daga 11-21 |
| Lokað mánud. 2.ág. | helgar 10-21 | lau. 11-21 sun.12-21 | Lokað mánud. 2.ág. | Lokað mánud. 2.ág. |
| | Lokað mánud. 2.ág. | Lokað mánud. 2.ág. | | |

**69** kr. stk.
Egils appelsín, Pepsi, Pepsi Max og Mountain Dew, 33 cl dósir

**689** kr. pk.
Cocoa Puffs, 690 g

**99** kr. stk.
Brazzi epla- og appelsínusafi, 1 l

# 50% afsláttur
## af nammibarnum alla helgina!

**179** kr. stk.
Krónubrauð, stórt og gróft

**269** kr. pk.
Kexsmiðjan kanil- súkkulaði- og sælusnúðar

**169** kr. pk.
Jacob´s tekex, 300 g

**349** kr. pk.
Lay´s Pizza Pepperoni, 200 g

20 stk. í pakka
**279** kr. pk.
Allra grænir frostpinnar, 20 stk. í pk.

**395** kr. pk.
Kókómjólk, 6 x 1/4 l

**275** kr. pk.
Allra kleinur, 25% meira

**Krónan Höfða**
virka daga 11-19
lau. 10-19 sun. 11-19
Lokað mánud. 2.ág.

**Krónan Lindum**
alla daga 10-20
Opið mánud.
2. ág. 10-19

**Krónan Mosfellsbæ**
alla daga 10-20
Opið mánud.
2. ág. 10-19

**Krónan Reyðarfirði**
mán.-fim. 11-18
fös. 11-19
lau. 11-17 sun.12-16
Lokað mánud. 2.ág.

**Krónan Reykjavíkurvegi**
virka daga 11-21
helgar 10-21
Opið mánud.
2. ág. 10-19

**Krónan Selfossi**
virka daga 10-20
helgar 10-19
Opið mánud.
2. ág. 10-19

**Krónan Vestmannaeyjum**
virka daga 11-19
lau. 11-18 sun. 11-16
Opið mánud.
2. ág. 10-19

> HÆTTULEGUR PÓSTUR

**Zack Galifianakis**, sem sló í gegn í The Hangover, hefur tekið að sér hlutverk í nýrri grínmynd, Reply All. Þar leikur hann náunga sem fær tölvupóst og ákveður að senda svar sitt á alla, með ófyrirséðum afleiðingum. Galifianakis leikur þó fyrst í The Hangover 2 og hefjast tökur á henni í Taílandi innan skamms.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hellvar spilar í Bandaríkjunum

Hljómsveitin Hellvar leggur í tónleikaferð til Bandaríkjanna eftir helgi. Bandið kemur fram í norðurhéruðum New York-ríkis á þremur tónleikum og endar ferðina á tónleikum í New York.

Þetta er í annað sinn sem hljómsveitin spilar í New York-ríki, en árið 2007 spilaði hún á nokkrum velheppnuðum tónleikum. Hellvar hefur nú verið boðið að leika á Hudson Harbor Fest þann 7. ágúst, en það er menningarhátíð Hudson-borgar sem haldin er árlega.

„Aðilar sem eru í menningarnefnd Hudson-borgar og sjá um þessa menningarhátíð, sáu okkur spila þarna árið 2007. Þeim leist vel á okkur og ákváðu að athuga hvort við værum til í að koma fram á hátíðinni," segir Heiða Eiríksdóttir, söngkona Hellvar. Hefð er fyrir því að para saman bandarískt band og erlent band á hátíðinni og er það harðkjarnasveitin Cosmopolitian frá Kaliforníu sem



**HELLVAR** Hljómsveitin Hellvar stekkur í stúdíó í september og tekur upp nýja plötu með trommara í stað trommuheila innanborðs.

Hellvar kemur fram með 7. ágúst. „Við vorum búin að vera að plana það að spila þarna með vinum okkar frá Berlín sem búa í New York þannig að við púsluðum þessu saman þegar við fengum þetta boð," segir Heiða. En Hellvar mun spila á Party Expo í Brooklyn með hljómsveitunum Small Devices, Soft skin og Great Tiger þann 9. ágúst.

Í september mun Hellvar síðan hefja upptökur á nýrri plötu með nýjum trommara sem bættist í hópinn snemma á þessu ári. „Það verður spennandi að heyra hvað kemur út úr þeim þar sem það hefur orðið smá breyting á okkur. Þó Hellvar-sándið verði alveg til staðar þá grunar mig að það verði aðeins meira rokk og aðeins meiri hávaði í okkur núna," segir Heiða.

# Læknar Jacksons ekki sóttir til saka

Þeir sjö læknar sem meðhöndluðu popparann Michael Jackson á árunum fyrir dauða hans verða ekki sóttir til saka. Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum Kaliforníuríkis sem lögreglan í Los Angeles hafði óskað eftir. Einn þeirra þarf þó að svara ásökunum um að hafa ávísað lyfseðilsskyldum lyfjum á Jackson undir fölsku nafni. Conrad Murray, einkalæknir popparans, var ekki yfirheyrður vegna rannsóknarinnar. Hann hefur neitað því að hafa óafvitandi valdið dauða hans. Hann er sakaður um að hafa gefið Jackson of stóran skammt af deyfilyfjum.



**MICHAEL JACKSON** Sjö læknar sem meðhöndluðu popparann verða ekki sóttir til saka.


JEVADAGAR

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM JEVA VÖRUM TIL 2. ÁGÚST.

Við bjóðum frábært úrval af hinum vönduðu og endingargóðu Jeva töskum og pennaveskjum á ótrúlegu verði, en aðeins í takmarkaðan tíma. Notaðu tækifærið, fáðu Jeva tösku á frábæru verði hjá Eymundsson um land allt.



MYND XVII. JEVA TÖSKUR MCCXVII

Sarcina Jevasis

Breyttir afgreiðslutímar um verslunarmannahelgina

Skólavörðustígur, Austurstræti, Akureyri: Opið alla helgina frá 10-22

Kringlan, Smáralind: Opið lau. Lokað sun. og mán.

Eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872


# Dregur sig úr kvikmynd Gibsons í kjölfar hneykslis

**Leikarinn Leonardo DiCaprio hefur hætt við að leika í víkingamynd Mels Gibson eftir að leikstjórinn var ásakaður um heimilisofbeldi gegn fyrrverandi sambýliskonu sinni. Þetta þykir mikið áfall fyrir Gibson og komandi verkefni hans í Hollywood.**

Samkvæmt bandarísku pressunni tók Leonardo DiCaprio ákvörðun um að draga sig út úr verkefninu í fyrradag en vinir leikarans segja hann ekki geta hugsað sér að vinna með Gibson í augnablikinu. Mikið fjölmiðlafár hefur verið í kringum ástralska leikstjórann vegna ásakana fyrrverandi sambýliskonu hans um að hann hafi lagt hendur á hana og hótað henni trekk í trekk.

Samkvæmt vefritinu Radar Online segja félagar DiCaprio að það sé ekki möguleiki á því að leikarinn leiki í myndum Gibsons í nánustu framtíð. Myndin sem um ræðir er víkingamynd sem Gibson ætlar að leikstýra og var Inception-stjarnan búin að samþykkja að leika aðalhlutverkið. Þetta er því án efa mikill missir enda DiCaprio með heitustu stjörnum Hollywood um þessar mundir. Myndin hefði einnig orðið fyrsta samstarf DiCaprio og Gibsons og var samstarfsins beðið með eftirvæntingu hjá kvikmyndaaðdáendum. Ónefndur heimildarmaður Radar Online segir að DiCaprio sé kominn í þá stöðu á sínum ferli að geta valið um með hverjum hann vilji vinna og að Mel Gibson sé ekki einn af þeim.

Þessar fregnir þykja renna stoðum undir þær spár að ferill Gibsons í kvikmyndabransanum í Hollywood sé liðinn undir lok. Gibson og Oksana Grigorieva, rússnesk barnsmóðir og fyrrverandi sambýliskona hans, hafa tekist á í fjölmiðlum vestanhafs en hún hefur undir höndum upptökur af Gibson hóta henni öllu illu. Meðal annars sakar Grigorieva hann um að hafa lagt hendur á sig á meðan hún hélt á nokkurra vikna barni þeirra. Þetta lítur því ekki vel út fyrir Gibson sem samkvæmt kvikmyndasíðunni IMDB er með þrjár kvikmyndir í bígerð, sem leikstjóri og handritshöfundur.

alfrun@frettabladid.is



**HÆTTIR VIÐ**

Hollywoodstjarnan **Leonardo DiCaprio** ætlar ekki að leika í væntanlegri víkingamynd **Mels Gibson** og segja fjölmiðlar vestanhafs að það sé vegna ásakana um heimilisofbeldi frá fyrrverandi sambýliskonunni, **Oskönu Grigorievu**.

# Westboro ræðst gegn Bieber

Hinn umdeildi trúarsöfnuður Westboro-baptistakirkjan í Kansas í Bandaríkjunum, hefur enn einu sinni látið til skarar skríða. Í þetta sinn er það gegn ungstirninu Justin Bieper.

Söfnuðurinn, sem hingað til hefur gengið fjölmörgum skrefum of langt þegar kemur að mótmælum, hefur gefið út tilkynningu um mótmæli þegar söngvarinn heldur tónleika í Kansas-borg. Tilefni mótmælanna er sagt vera að minna alla þá sem mæta á tónleikana á að eyðilegging Bandaríkjanna sé yfirvofandi.

„Það eru lítið um vinnu, peninga eða von en samt eru þúsundir manna tilbúnir að borga háa upphæð fyrir rokktónleika. Guð hefur fært Bieber svið til að tala til heimsins og þar af leiðandi ber honum skylda til að kenna heiminum hlýðni með aðgerðum sínum og orðum. Hann neitar að gera það því hann veit að þá myndi tónleikahöll hans vera tóm! Þess í stað kennir hann ykkur syndir og uppreisn gegn boðorðum Guðs," tilkynnti Westboro-söfnuðurinn á vefsíðu sinni.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hópurinn tekur söngvarann fyrir því um síðustu jól, þegar Bieber kom fram í Hvíta húsinu fyrir forseta Bandaríkjana, tilkynnti hann að „þarna hefði hann setið með andkrists skrímslinu Obama. Þau bættu svo við: „Bieber og Obama eru annars hugar og koma til með að leiða þjóðina til helvítis! Justin mun svara til saka fyrir Guði!"



**JUSTIN BIEBER** Ungstirnið verður enn og aftur fyrir ásökunum ofsatrúarsafnaðarins Westboro.


VERUM
GRILLUÐ
OPIÐ ALLA VERSLUNARMANNAHELGINA, ALLAN SÓLARHRINGINN
10-11
...grillbúðin þín

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| KARATE KID LÚXUS | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SHREK 4 3D 3D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 | L |
| SHREK 4 3D ENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 6 - 8 - 9 - 10.45 | L |
| BABIES | kl. 6 | L |
| PREDATORS | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| KILLERS | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 5.45 | L |
| THE A TEAM | kl. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 5.30 - 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE KARATE KID | 5, 8 og 10 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 3D | 4 og 6 | L |
| SHREK 4 ENSKT TAL 3D | 8 | L |
| SHREK 4 ÍSLENSKT TAL 2D | 4 | L |
| PREDATORS | 10.40 | 16 |
| KNIGHT AND DAY | 5.50, 8 og 10.10 | 12 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| SHREK-3D ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK M/ ensku Tali | kl. 1:30 -3:40 - 8 - 10 | L |
| BOÐBERI | kl. 5:50 - 10:30 | 14 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| NIGHTMARE ON ELM STREET | kl. 10:50 | 16 |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl. | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 - 5:50 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |

SPARBÍÓ KR 600 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER - 3D M/ ensku Tali | kl. 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 3:20 - 5:40 - 8 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA - 3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 6 | L |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 8 | 12 |
| BOÐBERI | kl. 10:30 | 14 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| INCEPTION | kl. 8 - 11 | 12 |
| GROWN UPS | kl. 10:10 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 - 8 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 - ísl tal | kl. 5:50 | L |


# Fræg á fölskum forsendum

**Belgíski tónlistarmaðurinn Plastic Bertrand hefur viðurkennt að hafa ekki sungið lagið Ca Plane Pour Moi sem kom út árið 1977 við miklar vinsældir. Bertrand er ekki sá fyrsti sem slær í gegn á fölskum forsendum.**



**PLASTIC BERTRAND** Belgíski tónlistarmaðurinn hefur viðurkennt að hafa ekki sungið lagið Ca Plane Pour Moi. NORDICPHOTOS/GETTY

Plastic Bertrand steig fram á sjónarsviðið með lagið Ca Plane Pour Moi árið 1977 og árið eftir komst það í áttunda sæti á breska vinsældarlistanum. Íslendingar ættu að kannast við lagið því Hemmi Gunn tók það upp á sína arma og söng það í íslenskri þýðingu, Einn dans við mig.

Réttarhöld hafa staðið yfir í Belgíu til að skera úr um hver hafi í raun og veru sungið Ca Plane Pour Moi. Upptökustjóri þess, Lou Deprijck, gaf út sína útgáfu af laginu árið 2006 og hélt því fram að hann hefði líka sungið upprunalegu útgáfuna. Þá fór málið fyrir dómstóla og Bertrand var dæmdur sigur. Núna hefur aftur verið réttað í málinu og eftir að belgískur málvísindamaður úrskurðaði að Bertrand gæti ekki hafa sungið lagið, viðurkenndi hann loksins að hafa logið að almenningi.

„Þetta var ekki röddin mín. Mig langaði til að syngja en hann hleypti mér ekki inn í hljóðverið,“ sagði Bertrand. Hann bætti við að Deprijck hafi beðið hann um að þegja yfir sannleikanum og fá í staðinn 0,5% af höfundarlaunum. Lofaði hann að rödd Bertrand yrði notuð í annarri útgáfu lagsins en stóð ekki við það.

Mörg önnur dæmi eru til um að söngvarar slái í gegn á fölskum forsendum með því að þykjast syngja. Það þekktasta er líklega poppdúóið Milli Vanilli frá níunda áratugnum, sem var skipað þeim Fabrice Morvan og Robert Pilatus. Þeir áttu nokkur vinsæl lög, þar á meðal Girl I´m Gonna Miss You og fengu meira að segja Grammy-verðlaun fyrir „frammistöðu“ sína. Þegar í ljós kom að þeir höfðu aldrei sungið lögin urðu þeir aðhlátursefni í tónlistarbransanum. Þýskur upptökustjóri lagsins hafði ákveðið að hinir raunverulegu söngvarar hefðu ekki útlitið með sér til að fylgja laginu eftir opinberlega.

> Mig langaði til að syngja en hann hleypti mér ekki inn í hljóðverið.
>
> **PLASTIC BERTRAND** TÓNLISTAMAÐUR



**MILLI VANILLI** Hlegið var að poppdúóinu eftir að sannleikurinn kom í ljós.

Ítalska danshljómsveitin Black Box komst á toppinn árið 1989 með laginu Ride On Time. Dansdívan Loleatta Holloway söng upprunalegu útgáfuna árið 1980 en fyrirsætan Katherina Quinol, „söngkona“ Black Box, þóttist vera með kröftuga rödd Holloway í breska tónlistarþættinum Top of the Pops.

Á undanförnum árum hafa söngkonurnar Ashlee Simpson og Britney Spears báðar verið gagnrýndar fyrir að þykjast syngja á tónleikum. „Söngur“ Simpson í þættinum Saturday Night Live er frægur. Þar spilaði hljómsveit þáttarins eitt lag á meðan upptaka með rödd Simpson við annað lag hljómaði undir.

Spears hefur viðurkennt að þykjast syngja hluta af lögunum sínum á tónleikum. Þannig vill hún komast hjá því að kröftug dansatriðin hafi áhrif á rödd hennar.


GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR NORÐURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 27 stöðum á Norðurlandi og 90 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Norðurlandi

N1 Staðarskála
Kaupfélagið Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1 Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
N1 Sauðárkróki
Shellskáli, Sauðárkróki
10-11, Akureyri
N1 Hörgárbraut, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1 Leiruvegi, Akureyri
Olís, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Shellskáli, Húsavík
Olís, Húsavík
Goðafossveitingar, Fosshóli
Búðin, Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn




Allt sem þú þarft…

# RÓMEÓ OG JÚLÍA




## Rómeó og Júlía Vesturports í síðasta sinn

**Vegna mikilla vinsælda bættum við inn nýjum sýningum. Síðustu forvöð að tryggja sér miða á þessa mögnuðu sýningu í Borgarleikhúsinu.**

VesturPort | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið

## > Garðar gæti samið við Stjörnuna í dag

Knattspyrnukappinn Garðar Jóhannsson sagði við Fréttablaðið í gær að það væri lítið að gerast í sínum málum erlendis og að hann gæti samið við sitt gamla félög, Stjörnuna í dag. Garðar er uppalinn í Garðabænum en hann er samningslaus eftir að hafa yfirgefið Hansa Rostock í Þýskalandi. Félagaskiptaglugganum á Íslandi er lokað annað kvöld og því þyrfti Garðar að semja í dag. Stjarnan hefur verið í sambandi við Garðar sem sagði að hann gæti samið við liðið með því skilyrði að hann gæti farið frítt til Evrópu finni hann sér annað lið þar í ágúst.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR:** HEFUR LEIK Í SJÖÞRAUT Á EM Í BARCELONA Í DAG

# *Þrautin þyngri hjá þeirri yngstu á meðal goðanna*

Sjöþrautarkonan Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur leik með blússandi sjálfstraust á Evrópumótinu í frjálsum íþróttum í Barcelona í dag. Helga kemur með ylvolg bronsverðlaun frá HM unglinga í Kanada frá síðustu helgi í farteskinu.

„Þetta er auðvitað miklu sterkara mót og ég á kannski ekki mikla möguleika. Það er stutt síðan ég horfði á stelpurnar sem ég er að fara að keppa við í sjónvarpinu og leit á þær sem átrúnaðargoð. Nú er ég bara að fara að keppa við þær og reynslan er mikilvægust af öllu í þessu," segir Helga sem er aðeins nítján ára gömul.

„Ég er búin að fara á nokkur stórmót í unglingaflokki og ég fann það á HM í Kanada að reynslan skiptir máli. Það voru nýliðar þar sem skulfu á beinunum í keppninni. EM fer beint í reynslubankann."

Hún ætlar ekki að eyða tíma sínum í að horfa á goðin eða sækjast eftir eiginhandaráritunum, hún er komin til að keppa og ætlar sér að ná góðum árangri. Þetta er hennar fyrsta stórmót í fullorðinsflokki og hún fer pressulaus inn í mótið, ólíkt HM um liðna helgi.



„Það er gott að HM er búið. Það getur vel verið að ég nái betri þraut núna en á HM af því ég er afslappaðri," segir Helga sem náði 5.706 stigum í Kanada. 26 konur eru skráðar í keppnina, sex þeirra hafa ekki náð 6.000 stigum. Helga er ein þeirra, hennar besti árangur er 5.878 stig. Helga er jafnframt yngsti keppandinn í sjöþrautinni.

„Að ná yfir 6.000 stigin er óraunhæft eins og staðan er í dag. Mér finnst það mjög ólíklegt að það takist en það var markmiðið fyrir sumarið," segir Helga sem vonast til að fá meiri léttleika í æfingar sínar og að gera helst betur í öllum greinum en í Kanada.

Helga keppir klukkan 9.00 í 100 metra grindahlaupi, þá í hástökki klukkan 10.05, í kúluvarpi klukkan 16.45 og loks í 200 metra hlaupi klukkan 18.55. Keppninni lýkur svo á morgun.

Þá keppir Óðinn Björn Þorsteinsson í kúluvarpi í dag og Þorsteinn Ingvarsson í langstökki.



**GLEÐI** Leikmenn Liverpool fagna öðru marka Davids N'Gog. NORDIC PHOTOS/AFP

Góð byrjun hjá Hodgson:

## Liverpool vann í Makedóníu

**FÓTBOLTI** Liverpool er í góðri stöðu í undankeppni Evrópudeildar UEFA eftir 2-0 sigur á FK Rabotnicki í fyrri leik liðanna í þriðju umferð. Liðin mætast á ný á Anfield í næstu viku.

David N'Gog skoraði mörk Liverpool í gær, bæði af stuttu færi. Flestar stórstjörnur Liverpool léku ekki í gær en þeir Martin Skrtel, Daniel Agger, Milan Jovanovic, Lucas Leiva og Alberto Aquilani voru allir í byrjunarliði Liverpool.

Annað stórveldi í Evrópu, Juventus, er einnig í góðri stöðu eftir 2-0 sigur á írska liðinu Shamrock á útivelli í gær. Amauri skoraði bæði mörk liðsins. -esá

Nýtti tækifærið vel:

## Jóhann Berg skoraði fyrir AZ

**FÓTBOLTI Jóhann Berg Guðmundsson nýtti tækifærið sem hann fékk í gær vel er hann skoraði annað mark sinna manna í hollenska liðinu AZ Alkmaar í 2-0 sigri á IFK Gautaborg frá Svíþjóð í undankeppni Evrópudeildar UEFA. Jóhann Berg hefur leikið vel á undirbúningstímabilinu en hann lék með varaliði félagsins á síðustu leiktíð.**

**Leikið var í Hollandi en Jóhann Berg lék allan leikinn og skoraði markið á 55. mínútu. Kolbeinn Sigþórsson var á bekknum.**

**Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson voru í byrjunarliði IFK Gautaborgar og léku allan leikinn. Theódór Elmar Bjarnason kom inn á sem varamaður á 60. mínútu.** - esá

EM U-20 landsliða í Slóvakíu:

## Góður sigur á heimamönnum

**HANDBOLTI** Ísland hóf í gær keppni á Evrópumeistaramóti U-20 landsliða í Slóvakíu. Ísland vann öruggan sigur á heimamönnum í fyrsta leik, 32-26.

Staðan var 15-12 í hálfleik en íslensku strákarnir höfðu undirtökin strax frá byrjun og hleyptu Slóvökum aldrei nálægt sér. Íslendingar stungu svo af á lokamínútum leiksins.

Haukamaðurinn Guðmundur Árni Ólafsson var markahæstur Íslands með níu mörk en þeir Oddur Grétarsson, Heimir Óli Heimisson og Ragnar Jóhannsson skoruðu fjögur mörk hver. - esá

# Rúnar byrjar frábærlega með KR

**KR vann 4-0 sigur á tíu manna liði Fram í undanúrslitaleik VISA-bikars karla og mætir FH í úrslitunum. Rúnar Kristinsson byrjar vel með KR og mætir vini sínum og æskufélaga á miðju KR-liðsins í úrslitaleiknum.**

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson og Heimir Guðjónsson spiluðu saman upp alla yngri flokka með 1969-árganginum í KR og núna mætast þeir í bikaúrslitaleiknum á Laugardalsvelli 14. ágúst. KR-ingar eru komnir í bikarúrslitaleikinn í sextánda sinn í sögu félagsins eftir 4-0 sigur í Reykjavíkurslagnum við Fram og það lítur út fyrir að þjálfaraskiptin hafi gengið fullkomlega upp.

„Að mati flestra er þetta úrslitaleikurinn sem margir vildu sjá þegar mótið byrjaði. Það er fyrst og fremst frábært fyrir strákana að komast í bikarúrslitaleikinn og fyrir strákana að fá að labba inn á Laugardalsvöllinn með hann fullan af fólki. Ég held að það verði mikið af fólki á leiknum fyrst við erum að fara að mæta FH og það verður mikil stemning og hægt að auglýsa þennan leik mikið upp," sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, eftir leikinn í gær en hann stýrir þar KR-liðinu á móti lærisveinum Heimis Guðjónssonar sextán árum eftir að þeir unnu saman langþráðan bikarmeistaratitil með KR árið 1994.

„Við Heimir spiluðum saman fótbolta einu sinni í viku í allan vetur. Við erum góðir vinir og spiluðum saman á miðjunni hjá KR á okkar yngri árum. Við erum góðir félagar og það verður gaman að mæta honum. Þetta verður samt ekki leikur á milli mín og hans því þetta er leikur á milli KR og FH og liðsheildanna," sagði Rúnar.

Framarar byrjuðu leikinn vel á KR-vellinum í gær og voru með yfirburðina á móti slöppum KR-ingum fyrsta hálftíma leiksins. Framliðið leit vel út, og átti miðjuna. Leikurinn breyttist hins vegar snögglega á 29. mínútu þegar Guðjón Baldvinsson var óvænt við það að sleppa í gegnum vörn Fram og Kristján Hauksson, fyrirliði Framliðsins felldi hann. Gunnar Jarl Jónsson dómari leiksins gat ekkert annað en rekið Kristján út af og Framarar því orðnir manni færri þegar klukkutími var eftir af leiknum.



**FÖGNUÐU VEL OG INNILEGA** KR-ingar skoruðu fjögur mörk gegn Frömurum í gær og tryggðu sér þar með sæti í úrslitaleiknum gegn Íslandsmeisturum FH með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Framarar voru gríðarlega sterkir og vel skipulagðir. Þeir voru mjög skeinuhættir í byrjun leiks og við vorum rétt komnir inn í leikinn þegar þeir missa mann út af. Það gerir það að verkum að við náðum þeim og kláruðum leikinn mjög vel. Ég var mjög ánægður með strákana að hafa ekki slakað á þótt við værum orðnir manni fleiri," sagði Rúnar.

KR-ingar fengu þarna leikinn á silfurfati. Framliðið varð að fækka mönnum framar á vellinum og KR-ingar náðu fyrir vikið tökum á miðjunni. KR-liðið skapaði þó ekki mikið en það var allt annað að sjá leik liðsins.

Það var síðan fimm mínútum fyrir hálfleik að staða Framliðsins varð enn erfiðari þegar Viktor Bjarki Arnarsson las hárrétt frábært utanáhlaup Skúla Jóns Friðgeirssonar. Skúli lagði boltann út í teiginn frá endamörkum þar sem Óskar Örn Hauksson var á réttum stað og kom KR í 1-0.

KR var því komið með lykilstöðu fyrir seinni hálfleik, manni fleiri og marki yfir og því fátt í stöðunni fyrir Framliðið. Óskar Örn lagði upp skallamark fyrir Grétar Sigfinn Sigurðarsson á 58. mínútu og eftir það var þetta aldrei spurning. Björgólfur Takefusa innsiglaði síðan sigurinn með tveimur mörkum á síðustu 20 mínútunum, það fyrra skoraði hann með þrumuskoti eftir stutta aukaspyrnu Óskars Arnar en það síðara af stuttu færi eftir frábæran undirbúning Baldurs Sigurðssonar.

KR-ingar byrja frábærlega undir stjórn Rúnars Kristinssonar og hafa nú unnið tvo fyrstu leikina hér á landi undir hans stjórn með markatölunni 7-0. Liðið fékk leikinn upp í hendurnar í gær en það var líka kominn tími á að hlutirnir færu eitthvað að falla með þeim á þessu vandræðasumri.

ooj@frettabladid.is

Ásdís Hjálmsdóttir keppti í gær í spjótkasti á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum í Barcelona:

# Næstbesti árangur íslensks spjótkastara á EM

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir varð í tíunda sæti í spjótkasti kvenna á Evrópumeistaramótinu í frjálsíþróttum sem nú fer fram í Barcelona. Hún kastaði lengst 54,32 metra sem er þó nokkuð frá Íslandsmeti hennar sem er 61,37 metrar.

Alls komust tólf í úrslitin en aðeins átta fengu sex kasttilraunir. Ásdís gerði ógilt í fyrsta kasti en náði sínu besta kasti í næstu tilraun. Hún kastaði svo spjótinu 52,32 í þriðju tilrauninni.

Þetta er næstbesti árangur íslensks spjótkastara á Evrópumeistaramóti en Vilhjálmur Einarsson varð níundi á EM í Split í Króatíu árið 1990.

Þjóðverjar urðu í þremur af efstu fjórum sætunum. Linda Stahl varð Evrópumeistari með kasti upp á 66,81 metra sem er hennar besti árangur á ferlinum. Í öðru sæti varð landa hennar, Christina Obergföll.

Ólympíumeistarinn og heimsmethafinn, Barbora Spotakova frá Tékklandi, mátti sætta sig við bronsið í gær. Heimsmeistarinn, Mariya Abakumova frá Rússlandi, varð fimmta.

Keppni heldur áfram í Barcelona í dag og verða þrír Íslendingar í eldlínunni í sínum greinum. Helga Margrét Þorsteinsdóttir hefur keppni í sjöþraut. Þá keppir Óðinn Björn Þorsteinsson í kúluvarpi og Þorsteinn Yngvason í langstökki. - esá



**ÁSDÍS** Náði ekki að sýna sínar bestu hliðar á EM í Barcelona. NORDIC PHOTOS/AFP




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > Oprah Winfrey

„Verið þakklát fyrir það sem þið hafið; þá munuð þið standa uppi með miklu meira. Ef við hugsum stöðugt um það sem við höfum ekki, þá munum við aldrei eiga nóg.“

***Oprah er á dagskrá Stöðvar 2 Extra, en þátturinn hennar, Oprah's Big Give, sem hefst kl. 20.15, fjallar um gjafmildi.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ LINDA SÆBERG MEÐ HUGANN FULLAN AF PÆLINGUM EFTIR MYNDINA BABIES

# *Ætli tveir steinar og stuttur spotti sé alveg nóg?*



Nú á dögunum fór ég ásamt tveimur vinkonum mínum á myndina Babies. Þegar í salinn kom sá ég að um 80% bíógesta voru óléttar konur og átti því önnur vinkonan alveg heima þarna. Hin 20% voru kærastar, sem af einhverjum ástæðum samþykktu að fylgja óléttum kærustum sínum á þessa mynd og svo vinkonur óléttu kvennanna, líkt og við hinar tvær vorum.

Þarna er fylgst með fyrsta árinu í lífi fjögurra barna sem koma frá mjög ólíkum menningarheimum, Japan, Bandaríkjunum, Namibíu og Mongólíu. Stúlkuna frá Japan vantaði aldeilis ekki hluti í líf sitt og á tímabili svaf hún í einhvers konar rúmi sem vaggaði rafrænt alla nóttina. Bandaríska stúlkan ferðaðist með foreldrum sínum frá barnajóga á barnatónlistarnámskeið dag eftir dag og höfðu foreldrarnir allar helstu uppeldisaðferðir á tæru þegar kom að frekjuköstum eða því að bannað væri að lemja fólk. Líf drengsins í Namibíu var svo allt öðruvísi. Hann hékk fyrir utan kofann með móður sinni, fjöldanum öllum af systkinum og nágrönnum og lék sér á jörðinni með tvo steina, át sand eða sleikti tunguna á hundinum. Í Mongólíu var drengnum pakkað inn í teppi fyrstu mánuðina upp í rúmi þar sem hann naut sín við að skoða umhverfið. Hann var síðan bundinn í stutt band við rúmið þegar hann varð eldri með eitt leikfang fyrir framan sig. Þrátt fyrir ótrúlega mikinn mun á uppeldi og umverfi barnanna virtust þau öll braggast vel og hlæja heil ósköp (fyrir utan kannski eitt rosalegt frekju-dramakast sem stúlkan frá Japan sýndi einu sinni). Síðustu daga hef ég því oft rifjað upp allan þann pening sem greinilega var eytt í tilgangslausa hluti handa frumburðinum á mínu heimili. Ég hefði sem sagt getað látið tvo steina handa henni duga og bundið hana svo í stutt band svo hún færi sér ekki að voða? Hún hefði hugsanlega alveg orðið jafn glöð og sæt. Man þetta næst.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.15 American Dad** STÖÐ 2



▶ **19.30 F1 föstudagur** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Skautadrottningin** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.15 Oprah's Big Give** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30 The Bachelor** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Eylíf - Skáleyjar** (2:4) Þáttaröð um eyjar við Ísland eftir Svein M. Sveinsson. Framleiðandi er Plús film. Frá 1998.

**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Skrúður** (2:24) Þáttaröð eftir Magnús Magnússon. Þættirnir voru gerðir á árunum 1993 til 1998.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fyndin og furðuleg dýr** (22:26)

**17.35 Fræknir ferðalangar** (56:91)

**18.00 Leó** (19:52)

**18.05 Manni meistari** (8:13)

**18.30 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Skautadrottningin** (Go Figure) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2005. Unga skautadrottningu langar mikið að komast í læri hjá rússneskum listdanskennara og fær námsstyrk út á að spila með íshokkíliði skólans þar sem sú rússneska er þjálfari. (e)

**21.40 Krukkuhaus** (Jarhead) Bandarísk bíómynd frá 2005 byggð á metsölubók eftir landgönguliðann Anthony Swofford um reynslu hans af stríðinu í Kúveit. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.40 Wallander – Bragðarefur** Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Journey to the Center of the Earth**

**10.00 Popstar**

**12.00 Samurai Girl - Book of the Shadow**

**14.00 Journey to the Center of the Earth**

**16.00 Popstar**

**18.00 Samurai Girl - Book of the Shadow**

**20.00 Cake: A Wedding Story**

**22.00 Piccadilly Jim**

**00.00 Across the Universe**

**02.10 The Constant Gardener**

**04.15 Piccadilly Jim**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli kanína og vinir, Lalli.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Beauty and the Geek** (2:10)

**11.00 60 mínútur**

**11.50 The Moment of Truth** (24:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (8:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (210:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (211:300)

**15.25 Wonder Years** (5:17)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli kanína og vinir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

▶**19.15 American Dad** (6:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.

**19.40 The Simpsons** (6:21)

**20.05 Here Come the Newlyweds** (4:6)

**20.50 Reality Bites** Margrómuð rómantísk gamanmynd með Ben Stiller, Ethan Hawke og Winonu Ryder.

**22.25 The Mermaid Chair** Rómantískt drama með Kim Basinger í hlutverki giftrar konu sem verður ástfangin af munki.

**23.55 Wrong Turn 2.** Hrollvekja um hóp keppenda í raunveruleikaþætti sem lendir í klóm skuggalegrar fjölskyldu.

**01.30 The Great Raid** Mögnuð mynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum frá seinni heimsstyrjöldinni.

**03.40 Catch and Release** Hugljúft og rómantískt drama með gamansömum undirtóni með Jennifer Garner í hlutverki ungrar konu sem glímir við dauða kærasta síns og leitar huggunar hjá skrautlegum vinahópi þar sem hver og einn hefur ákveðnar hugmyndir um hvernig best sé að vinna bug á sorginni.

**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 KR - Fram** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA-bikars karla í knattspyrnu.

**16.20 KR - Fram** Sýnt frá leik í undanúrslitum VISA-bikars skarla í knattspyrnu.

**18.10 RBC Canadian Open** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.

**19.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Árið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót könnuð.

▶**19.30 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**20.00 NBA-körfuboltinn: LA Lakers - Boston** Sýnt frá leik Lakers og Boston í lokaúrslitum NBA-körfuboltans.

**21.55 London 1** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker en að þessu sinni er spilað í London.

**22.50 Main Event: Day 8** Sýnt frá World Series of Poker 2009.

**23.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**00.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Úrúgvæ - Þýskaland** Útsending frá leiknum um 3. sætið á HM 2010.

**19.50 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.

**20.20 Football Legends - Eusebio**

**20.50 Holland - Spánn** Útsending frá úrslitaleiknum á HM 2010 í Suður Afríku.

**23.30 4 4 2** Leikir á HM krufnir til mergjar en þau Logi Bergmann og Ragna Lóa Stefánsdóttir ásamt góðum gestum og sérfræðingum fara yfir leiki dagsins af sinni alkunnu snilld.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.35 Sumarhvellurinn** (7:9) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (1:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Sumarhvellurinn** (7:9) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Dynasty** (2:30)

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Three Rivers** (8:13) (e) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.

**19.00 Being Erica** (11:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu.

**19.45 King of Queens** (18:23)

**20.10 Biggest Loser** (14:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.

▶**21.30 The Bachelor** (10:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.

**22.20 Parks & Recreation** (13:24) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

**22.45 Law & Order UK** (12:13) (e)

**23.35 Life** (15:21) (e)

**00.25 Last Comic Standing** (5:11) (e)

**01.10 King of Queens** (18:23) (e)

**01.35 High Noon** (e)

**03.05 Girlfriends** (15:22) (e)

**03.25 Jay Leno** (e)

**04.10 Jay Leno** (e)

**04.55 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**19.30 Birkir Jón**

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Golf fyrir alla**

**21.30 Eldhús meistaranna**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Golf fyrir alla**

**23.30 Eldhús meistaranna**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Here Come the Newlyweds**



Skemmtilegur raunveruleikaþáttur í anda Beauty and the Geek þar sem nýgift hjón keppa í alls kyns skemmtilegum þrautum um veglega verðlaunaupphæð. Reynir þar ekki aðeins á hæfni þeirra og útsjónarsemi á öllum mögulegum sviðum heldur einnig sambandið sjálft og hversu vel hin nýgiftu pör vinna saman og þekkja hvort annað.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Reality Bites**

### Stöð 2 kl. 20.50

Margrómuð rómantísk gamanmynd með Ben Stiller, Ethan Hawke og Winonu Ryder um vinahóp sem reynir að fóta sig í lífinu eftir að hafa lokið háskólanámi. Myndin var sú fyrsta sem Ben Stiller leikstýrði.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Stimpilklukkan
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Hótelsumar
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Umferðarútvarp
**16.07** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.48** Umferðarútvarp
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Vatnaniður
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Umferðarútvarp
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.35 The Doctors** Skemmtilegir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar, sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum, veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Oprah's Big Give** (2:8) Stórmerkileg þáttaröð þar sem sjónvarpsdrottningin Oprah Winfrey skipuleggur heljarinnar reisu um Bandaríkin þar sem hún lætur tíu ólíka einstaklinga keppa sín í milli í gjafmildi.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 The Closer** (5:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson en ásamt því að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles þarf hún að takast á við afar viðkvæmt einkalíf.

**22.30 The Forgotten** (2:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp við að leysa.

**23.15 The Wire** (9:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi.

**00.15 Oprah's Big Give** (2:8)

**01.05 The Doctors**

**01.50 Fréttir Stöðvar 2**

**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** ,Allo ,Allo! **12.30** My Family **13.00** My Family **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** The Weakest Link **15.15** Dalziel and Pascoe **16.00** Robin Hood **16.45** The Weakest Link **17.30** ,Allo ,Allo! **18.00** Whose Line Is It Anyway? **18.30** The Green Green Grass **19.00** Gavin & Stacey **19.30** Jonathan Creek **20.25** The Jonathan Ross Show **21.15** The Green, Green Grass **21.40** Whose Line Is It Anyway? **22.10** Doctor Who **22.55** ,Allo ,Allo! **23.25** Whose Line Is It Anyway? **23.55** The Green Green Grass

## DR 1

**12.00** Redningstjenesten på vej **12.30** Chris på Skolebænken **13.00** Sommerminder **13.30** Det sode liv **14.00** That's So Raven **14.25** Caspers skræmmeskole **14.50** Hyrdehunden Molly **15.00** Minisekterne **15.05** Peter Pedal **15.30** Fredagsbio **15.40** Alfons Åberg og Mille **15.50** Lillefinger - Myren **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Sommersang i Mariehaven **19.00** TV Avisen **19.30** Sommervejret **19.40** Det ku' ske for dig **21.20** Suspect Zero **22.50** Naruto Uncut **23.15** Godnat

## NRK 1

**12.20** Fredag i hagen **12.50** Landgang **13.20** Krumt nebb og skarpe klør **13.50** Sommeråpent **14.40** Duften av nybakt **15.05** 30 Rock **15.30** 330 skvadronen **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.25** Friidrett **20.15** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner **22.10** Deilig å være norsk i Danmark - Thomas Dybdahl **23.10** Little Britain USA **23.40** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.35** Mat och grönt på Friland **13.05** Grizzlykungen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Djursjukhuset **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundkoll **16.45** Din plats i historien **16.50** Solens mat **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Hemma hos **19.00** Oss torpeder emellan **20.35** Nightmares and dreamscapes **21.20** Hedwig and the Angry Inch **22.50** Sommarkväll med Anne Lundberg **23.50** The Sarah Silverman Program




## VERSLUNARMANNAHELGIN



*„Ég verð ábyggilega að vinna á laugardaginn, en ef ekki þá fer ég til Toronto.“*

Þórólfur Jarl Þórólfsson, starfsmaður Vodafone.

# Íslandsmótið í póker haldið í Hveragerði

„Þetta mót er prófsteinn á hversu stór senan er orðin,“ segir Valur Heiðar Sævarsson, ritari og formaður mótanefndar Pókersambands Íslands.

Íslandsmótið í póker fer fram á Hótel Örk í Hveragerði helgina 15. til 17. október. Í fyrra komst 191 spilari að á mótinu sem var haldið á Hilton hótel Nordica. Valur segir að fjöldinn verði ekki takmarkaður í ár, en hversu mörgum er hægt að taka á móti?

„Það er afskaplega afstætt,“ segir hann. „Það eru nokkrir salir á Hótel Örk þannig að það er hægt að taka á móti mörgum. Þetta er eiginlega bara spurning um borð. Við stefnum á að koma sem flestum að – öllum sem hafa áhuga á að taka þátt. Ég er leynt og ljóst að stefna að 250 og ég held að það sé alveg ljóst að 200 manna múrinn falli.“

Þetta verður í fyrsta skipti sem stórmót er haldið í blómabænum Hveragerði. Valur segir ástæðuna fyrir bæjarvalinu vera að Pókersambandið vilji þjappa spilurum saman og skapa kjarna. „Þannig að fólk myndi ekki bara mæta, spila og hlaupa svo í burtu,“ segir hann. „Það skapast vonandi smá stemning að hafa mótið á stað sem er smá í burtu.“

60.000 krónur kostar inn á mótið, en fjölmörg smærri og ódýrari undanmót verða haldin víða um landið og á Netinu á næstu vikum. „Þannig að allir sem hafa virkilegan áhuga á þessu móti hafa marga sénsa á að vinna sér inn miða,“ segir Valur að lokum. - afb



**STÓRMÓT Í OKTÓBER** 191 spilari tók þátt í Íslandsmótinu í póker í fyrra. Valur býst við fleiri keppendum í ár.



**LÁRÉTT**
**2.** ungur fugl, **6.** rykkorn, **8.** fiskur, **9.** háð, **11.** ryk, **12.** ljóst, **14.** uppskafningsháttur, **16.** mun, **17.** húsfreyja, **18.** regla, **20.** utan, **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hluta sólahrings, **3.** komast, **4.** garðplöntutegund, **5.** angan, **7.** heimilistæki, **10.** sjón, **13.** skarð, **15.** knippi, **16.** frostskemmd, **19.** hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ungi, **6.** ar, **8.** áll, **9.** gýs, **11.** ím, **12.** skýrt, **14.** snobb, **16.** ku, **17.** frú, **18.** agi, **20.** án, **21.** laða.
**LÓÐRÉTT: 1.** dags, **3.** ná, **4.** glitbrá, **5.** ilm, **7.** ryksuga, **10.** sýn, **13.** rof, **15.** búnt, **16.** kal, **19.** ið.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Guðbjörg Matthíasdóttir.
2. Yfir þrjú þúsund manns.
3. Um tvo milljarða króna.




Mikill raki, kælir húðina og djúpnærir. Ekkert klístur. Gott eftir sólbruna og rakstur
www.celsus.is Fæst í Apótekum

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


HAFSTEINN JÚLÍUSSON: VILL NÁ MYND AF HENNI MEÐ MENIÐ

# Rússneska ofurfyrirsætan skartar íslenskum mosa

„Ég verð eiginlega að ná sambandi við hana og fá senda mynd af henni með hálsmenið mitt,“ segir Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður.

Ofurfyrirsætan Natalia Vodianova festi kaup á hálmeninu hans, Growing Jewelry, þegar hún var stödd hér á landi í byrjun mánaðarins. Eins og Fréttablaðið greindi frá var Vodianova stödd hér á landi fyrir tveimur vikum ásamt ónafngreindum manni og féllu þau bæði fyrir mosahálsmenunum hans Hafsteins.

„Ég var að koma til landsins og fékk þá þessar gleðifregnir frá starfstúlkunum í Kraumi þar sem skartgripirnir eru seldir,“ segir Hafsteinn. „Maðurinn sem var með fyrirsætunni keypti víst hálsmenið fyrir Vodianovu.“ Ekki er vitað hver förunautur ofurfyrirsætunnar var á meðan dvöl hennar í Reykjavík stóð yfir, en hún er gift breska auðkýfingnum Justin Trevor Berkeley Portman.

Skartgripirnir umræddu eru silfurhálsmen og hringar skreyttir íslenskum mosa og hafa þeir fengið mikla athygli. Hafsteinn, sem er búsettur í Mílanó, er búinn að koma á fót fyrirtækinu HAF by Hafsteinn Júlíusson þar sem hann er meðal annars með tölvutöskur, pappírssnakk, gosdrykk og næringarduft í burðarliðnum. „Ég er staddur hér á landi til að fylgja þessum vörum eftir og koma þeim í framleiðslu og sölu hér á landi,“ segir hann.

Mosavöxnu skartgripirnir og fleiri vörur Hafsteins hafa vakið mikla athygli í erlendri pressu og segist hann vera að selja þá út um allan heim. „Ég fæ margar pantarnir frá löndum eins og Íran og Aserbaídsjan sem er frekar fyndið, en mjög skemmtilegt að það sé fólk sem skartar íslenskum mosa í þessu löndum,“ segir Hafsteinn en skartgripirnir eru seldir í eins konar mínígróðurhúsi og þurfa eigendurnir að sjá til þess að mosinn haldi sér grænum og fínum.

„Ég fæ fjöldann allan af pósti frá viðskiptavinum sem láta mig vita hvernig gengur að halda mosanum við. Fínt að geta haldið tengslum við vöruna sína og vita hvernig hún hefur það,“ segir Hafsteinn hlæjandi en hann sendir stundum áfyllingu í skartgripina og það er spurning hvort rússneska ofurfyrirsætan eigi eftir að rækta mosann sinn eða biðja um áfyllingu hjá Hafsteini.

alfrun@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR MEÐ SÖLUNA**

**Hafsteinn Júlíusson** vöruhönnuður er mjög ánægður með að rússneska ofurfyrirsætan **Natalia Vodianova** hafi fest kaup á hálsmeni úr skartgripalínu hans, Growing Jewlery. Þar sem Vodianova er sjöunda ríkasta fyrirsæta heims og mjög virt í tískuheiminum er salan ákveðin gæðastimpill á skartgripina sem eru úr silfri og íslenskum mosa.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Enn fást engin svör frá Ríkissjónvarpinu um framtíð Spaugstofunnar. Það er því ekki ljóst hvort þátturinn hefur göngu sína á ný í haust þrátt fyrir að aðeins mánuður sé eftir af sumrinu. Þá hafa **Örn Árnason** og félagar að eigin sögn ekki verið upplýstir um gang mála. Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Sjónvarpsins, er í fríi samkvæmt upplýsingum frá RÚV og tekur ekki við símtölum. Það eru reyndar *allir* í fríi á Ríkissjónvarpinu samkvæmt sömu upplýsingum og enginn leysir dagskrárstjórann af á meðan á fríinu stendur...



Þrátt fyrir að **Sigrún Stefánsdóttir** sjái sér ekki fært að spjalla í síma hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að unnið sé hörðum höndum að vetrardagskránni. Undirbúningur spurningakeppninnar Gettu betur er til að mynda kominn á fullt, en keppnin hefst í janúar á næsta ári. Sömu heimildir herma að til standi að yngja upp í umsjónarmannahópi keppninnar og nýta krafta ungra starfsmanna RÚV...



Frosti og Máni í útvarpsþættinum Harmageddon á Xinu verða báðir í fríi í dag, en þátturinn verður engu að síður á dagskrá. Strigakjaftarnir Erpur Eyvindarson og **Egill Einarsson** fylla skarð félaganna, en úr höfuðstöðvum Xins heyrist að þar séu saman komnir tveir dónalegustu menn sem komið hafa fram í þættinum. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með þættinum og spennandi að sjá hvort einhver eftirmál verði. - afb



# Bjarnólfur gæti verið íslenski Duncan

„Félagarnir hafa verið að gera grín að þessu og sagt að þetta gæti verið maður sjálfur þarna,“ segir knattspyrnumaðurinn fyrrverandi, Bjarnólfur Lárusson.

Auglýsing Ara Eldjárns þar sem hann bregður sér í hlutverk Garys Duncan, fyrrum leikmanns Scunthorpe United í Englandi, hefur slegið í gegn að undanförnu. Bjarnólfur lék einmitt með Scunthorpe fyrir áratug og ber því taugar til félagsins. Hann er ánægður með auglýsingu Ara og alls ekkert móðgaður. „Ég trúði því ekki að það væri Íslendingur að leika þetta því þetta er svo vel gert. Það er líka mjög gaman að sjá gamla heimavöllinn þarna. Hann gerir þetta fagmannlega,“ segir Bjarnólfur, sem lék 33 leiki með Scunthorpe á sínum tíma. „Ég var þarna eitt tímabil og þetta var virkilega skemmtilegur tími. Ég kom síðan heim eftir þetta.“

Að sögn Bjarnólfs er grín Ara ekki það fyrsta sem er gert á kostnað Scunthorpe United. „Þetta er alveg nyrst í Englandi. Þetta nafn er sérkennilegt og það hefur verið í söngtextum og öðru slíku. Þeir myndu ekki kippa sér upp við þetta íbúar Scunthorpe. En þetta var mjög vel heppnað hjá honum.“ Sjálfur hefur Bjarnólfur ekki verið í neinum samskiptum við klúbbinn eftir að hann sagði skilið við hann en hefur þó heimsótt gamla heimavöllinn tvisvar eftir að hann kvaddi Scunthorpe, en liðið leikur núna í ensku 1. deildinni.

Bjarnólfur segir að týpur eins og Gary Duncan séu margar í Bretlandi. „Það er svolítið mikið af knattspyrnusérfræðingum þarna úti en þetta er kannski ýktasta týpan.“ -fb



**BJARNÓLFUR LÁRUSSON** Bjarnólfur spilaði með Scunthorpe United áður en hann gekk til liðs við ÍBV og síðar KR.



**GARY DUNCAN** Ari Eldjárn í hlutverki Garys Duncan, fyrrverandi leikmanns Scunthorpe United.

# Ómissandi í ferðalagið!






**2 CD**

**Pottþétt 53**
Á plötunum er að finna flest af vinsælustu lögum dagsins í dag. Af 40 lögum eru 15 lög með íslenskum flytjendum.




**CD**

**Hvanndalsbræður**
***Hvanndalsbræður***
Hvanndalsbræður hafa slegið í gegn með þessari plötu.




**2 CD**

**Mannakorn**
***Gamli góði vinur***
42 bestu lög Mannakorna frá 35 ára ferli.




**6 CD**

**100 íslensk lög í fríið**
Eitthvað fyrir alla fjölskylduna á sex frábærum og fjölbreyttum geislaplötum.




**CD**

**Helgi Björnsson**
***Þú komst í hlaðið***
Helgi Björns og Reiðmenn vindanna fylgja eftir geysi-vinsælli plötu sinni frá 2008.




**CD**

**Ljótu hálfvitarnir**
***Ljótu hálfvitarnir***
Þriðja plata Ljótu hálfvitanna er bráðskemmtileg.




**CD**

**Gunni og Felix**
***Ligga ligga lá***
Gunni og Felix syngja öll helstu barnalög Ómars Ragnarssonar.




**3 CD**

**Meira veistu hver ég var?**
Siggi Hlö setur saman ódauðlega partý-diskó-80's stemningu fyrir þig!




**CD+DVD**

**Laddi · *Bland í poka***
Fyrsta plata vinsælasta skemmtikrafts Íslands í 20 ár. DVD fylgir.




**CD**

**Eminem · *Recovery***
Glæný plata frá meistara Eminem sem fór beint á toppinn í Bandaríkjunum. Dr. Dre sér um upptökustjórn.




**CD**

**Justin Bieber · *My world 2.0***
Einn vinsælasti söngvari heimsins um þessar mundir, með frábæra plötu.




**CD**

**Meira pollapönk**
Hugarfóstur leikskólakennaranna Heiðars og Halla, oft kennda við hljómsveitina Botnleðju.



S·K·Í·F·A·N

KRINGLAN · 591-5320 · WWW.SKIFAN.IS

**TRYGGÐU ÞÉR BESTA VERÐIÐ**

- **A** 2 fyrir 1.200 kr. eða 799 kr. stakur
- **B** 2 fyrir 2.300 kr. eða 1.499 kr. stakur
- **C** 2 fyrir 3.400 kr. eða 1.999 kr. stakur
- **D** 2 fyrir 4.500 kr. eða 2.599 kr. stakur

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



RÓMEÓ OG JÚLÍA
Vesturport
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Borgarleikhúsið


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fimm milljóna fögnuður



Hin stórskemmmtilegu fagnaðarlæti **Stjörnumanna** gegn Fylki í Pepsi-deildinni í fótbolta heldur áfram að slá í gegn á Netinu. Núna hafa um fimm milljónir manna skoðað myndbandið á Youtube og er það komið fram úr öðru vinsælu íslensku myndbandi frá árinu 2007. Þá sáu 3,6 milljónir manna Íslendinga gefa Svíum mark á klaufalegan hátt í fótboltaleik. Miðað við hvað áhuginn hefur aukist mikið undanfarna daga á Stjörnumyndbandinu er næsta víst að hann muni aukast enn frekar í netheimum næstu daga og vikur.

### Með alla öngla úti

**Þorgrímur Þráinsson**, rithöfundur, fótboltamaður og tóbaksfjandi, er í atvinnuleit. Hann rær á mið almannatengsla og hefur sett atvinnuauglýsingu á Facebook-síðu sína. „Ég er á frábærum aldri, hreinræktaður reglumaður, bý yfir 25 ára reynslu af skrifum og samskiptum við fjölmiðla, get verið fyndinn og unnið 24/7 ef því er að skipta, hef gríðarlega reynslu og óska því eftir vel launuðu starfi sem upplýsingafulltrúi fyrir vingjarnlegt fyrirtæki eða stofnun.“ Atvinnuviðtölin fara væntanlega fram í athugasemdakerfinu.



- fb / bs

## Mest lesið visir.is


1. Tekjur Íslendinga: Skoðaðu frítt á Vísi
2. Linsulúsin í Lundúnum fundin
3. „Þetta var bara algjört bull“
4. Umferðastofa: Tvo tíma tekur að aka til Landeyjahafnar
5. Fundu lík átta nýfæddra barna í Frakklandi
6. Landflótta læknar með milljónir á mánuði.



Vesturport
RÓMEÓ OG JÚLÍA
Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports
Takmarkaður sýningafjöldi
Miðasala er hafin!
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

TEKJUBLAÐIÐ - TRYGGÐU ÞÉR EINTAK! AÐEINS SELT Í 12 DAGA!

FRJÁLS VERSLUN
TEKJUBLAÐIÐ






TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!
Takmarkað upplag - aðeins selt í 12 daga*

*skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsími 512-7575 | heimur